ᚦᚷ — ᚾᛁᛒᚱᛁᛋ
ᛒᚦᛚ. ᛊ. ᚦᛖᚱᚨᚱᛁᚾᛊᛋᚨᚾ

SIÐ PREDIKANER
vt af þeim

Siø Ordum

DRottens Vors JEsu
Christi, er hañ talade sijdarst
a Krossenum.

Giørdar Af

Saal: Mag: Jone Porkelssyne
Vidalin,
Sup: Skalh: Stiftis.

(Sællrar Miñingar)

Gal. 6. v. 14.

Pad verde mier ecke ad eg hroose mier nema af Krosse DRottens vors JEsu Christi, fyrer hvørn mier er Heimureñ Krossfestur, og eg Heimenum.

Selst Alment Jnbundeñ 13. Fiskum.

Prentadar a Hoolum i Hialltadal,
Af Halldore Eriksssyne, Anno 1745.

Hañ er særdur fyrer vorar Yfertrodslur, og er Lemstradur fyrer vora Mis-

gierninga, Hegningeñ liggur a honum, ad vier skylldum njoota Fridar, og vier hofum feinged Lækning fyrer hañs Saar.

Vel-Edla, Gudhræddre og Dygdum-prijddre Høfdings Matronæ,

Hustru PRIDE ÞOR-STEJNS DOOTTUR,

Miñe Allrar Æruvirdande Elskulegre Systur, Oska eg af Alhuga Guds Astar og allra Heilla.

Vel-Edla SYSTER.

Margt a vid morgu, seiger i Ords-hætte gomlum. Pott ad Syndeñ hafe (med odru Straffe, sem hun tiluñed hefur) fært margvijslega Siwkdooma iñ i Heimeñ, þa hefur þo Guds Fodurleg Giæska skickad þvi svo, ad varla er nockurt þad Mein, ad ecke finest Lækning vid, ef hun er Skynsamlega brwkud i Tijma. Eñ vid Daudanum a eingeñ Lækning, nema Guds Daude. Svo hañvænt Mein er Daudeñ, ad hañ vard ei læknadur, nema Lijfed dæe, og med honum droo Andskoteñ svo svartañ Myrkva yfer alla Verolld, ad honum vard ecke hroded, nema Lioos Heimsins slocknade uñ Hrijd, til þess ad lijsa þeim sijdañ Eylijflega, sem ecke elska meir Myrk-

10.

red eñ Liooſed: Og er Daudeñ þeim allra Meina Boot, eñ hinum Upphaf allra Harmkvæla, ſem ad tapader verda. Nu er eingeñ ſvo good Lækning, ad hun duge, nema hun ſie i Tijma og med Skynſeme brwkud; Svo er og Daude DRotteñs: Eige hañ oſs ad Lækningu verda, þa hliootum vier Tijmañlega og med hiñe meſtu Gudrækne uñ hañ ad hugſa. Þeim ſem hætt er vid nockrum ſkiædum Siwkdoome, þeir brwka Iduglega Raad þar vid. Nu kañ þad ecke ad ſeigiaſt, ad oſs ſie hætt vid Daudanum, helldur er hañ oſs viſs, og þad æa hverium Deige, hverium Tijma, hveriu Augnablike, og þvi maa oſs þad einſætt þykia, ad hafa þeſſa Lækning jafnañ vid Hondena, og læta hana oſs alldrei vidſkila verda. Eitn af hinum gomlu Skalldum i Fyrndeñe hefur talad æa þañ Hætt; Ad ſæa ſem dæe fyrer Dygdena, hañ forgeinge ecke, helldur undergeinge hañ. Eñ eg vil ſeigia: Sæa ſem deyr Chriſtelega, hañ deyr alldrei; Þvi Endurlauſnareñ ſeiger: Joh. 11. Hver ſem trwer æa mig, þad ſkal ſkie, ad þoott hañ deyie, þa ſkal hañ ſamt lifa. Þeſſe Vijsdoomur, Jeg meina ad deyia Riettlæatra Maña Dauda, er ſvo ſtoór Speke, ad oll Veralldareñar Kruñcatta, oll Pecking Himentunglaña, Graſaña, Steinaña, Dijraña, Fuglaña, Fiſkaña, Tungumalaña, er Fævitſka hiæa heñe: Og hefur margur vijs Madur ſkrifad þar uñ heilar Bækur, eñ eingeñ ſvo vel kiendt, ſvo ſem DRotteñ JEſus i

þeim

þeim Hiartnæmu Ordum; Er hañ talade under sitt Allra Helgasta Andlæt a Krossenum, i hverium hañ hefur lagt fyrer oss synduga Meñ, allt þad er ein Christeñ Mañeskia a ad þeinkia og giora under sijna Burtfor af Heime þessum, svo ad Daudeñ verde hesse Jñgangur til Lijfsens. Hid Fyrsta hañs blessada Ord kieñer oss ad tilgiefa vorum Ovinum af Hiarta, og er þad svo Naudsynlegt Christnum Mañe, ad hañ gietur ecke aun þess erft eylijft Lijf. Þvi vier hofum þad i Skilmæla Daglega, þegar vier lesum þa fullkomnu Bæn, er D Rotteñ JEsus hefur feinged oss i Hendur, til ad bera fraṁ fyrer Hattign þeirrar dijrdarfullu Guddoomsins Preñingar, og lyktad hana med þessum Ordum: Ef þier fyrergiefed Moñunum þeirra Avirdingar, þa mun sa Himneske Fadereñ tilgiefa ydur: Eñ ef þier fyrergiefed ei Moñunum þeirra Misgiorder, þa mun miñ Himneskur Fader ei forlata ydur, ydar Synder. Þad Añad Orded sijner oss Omælanlega Stærd Guds Nadar yfer syndugum Mañe, og tekur allañ Efa fra þeim, sem berst vid Daudañ, uñr þad, ad Guds Fodurleg Giæska vilie uppgiefa honum alla Skulldena, hversu sem hañ er hinum verstu Syndum hladeñ, nær hañ ydrast þeirra af Hiarta. Og þoott ad ecke hafe aller þañveg syndgad, svo sem þesse Stoorbrota-Madur, vid hvern D Rotteñ mællte þesse Lijknar-Ord, þa er þo einaeñ svo Heilagur, ad ei mune honum þykia sijn Af-

brot noogu stoor og morg, sier til Fordæmingar, þegar komed er ad Reikningsskapar-Tijmanum: Og epter eingum vita Meñ svo margar Synder, sem epter siaalfum sier. Þvi giet eg ei añad sied, eñ ad sw Guddoomlega Fyrerhyggia hafe þvi svo tilskickad, ad þesse Vesælingur skyllde verda i samre Fordæmingu med allrar Veralldareñar Frelsara, ollum þeim til Epterdæmis aa Daudastundu̇ñe, sem aa Nafn sijns Eingietens Sonar trwa mundu. Hid Pridia kieñer oss þad, ad jafnvel þootr vier eigum ad vera flestum Tijmañlegum Hlutum afhuga, nær ad þvi er komed, ad vier eigum ad giallda Gude hina sijdustu Skuld, þa er þad eingañveigeñ honum aa moote, laangtum helldur af honum boded, ad hafa Gudrækelega Forsioon fyrer Naaungum vorum og Vanda-Meñum. Þad kieña oss Dæme Gudhræddra Maña, hins gamla Israels, og svo Davids Israels Konungs, svo og liet Gud seigia Ezechiæ Konunge: Gior Raadstofun þijns Hwss, þvi þu skallt deya. Þo miñer oss allra hellst aa þessa Kiærleikaus-Skylldu, Blessad Dæme Guds Eingietens Sonar vors Frelsara. Eñ til þess ad hañ kieñde oss, ad ei skylldum vier þvijnga oss med ofmykillre Sorg fyrer vorum Astvinum i Daudans Tijd, hversu sem þeir væru Munadarlauser epterlaatner, þa hafde hañ ecke stoor Uñsvif fyrer ad Raadstafa siñe Elskulegre Modur, helldur fool þana alleina aa Hendur sijnum faatækum Læresvein-

svein. DRotteñ liet oss epter eina Bæn, hveria aller Christner Mañ Daglega brwka til ad framűbera siina Naudpurft med fyrer hiñ Alvallda Gud; Par i eru Sio Bæner, eñ alleina ein hlioodar uñ Lijkamans Naudsyn. Christens Mañs Daude a hañs Lijferne lijkur ad vera, svi talade og DRotteñ Sio Ord a Krossenum, og var alleinasta Eitt peirra uñ Tijmanlega Hlute, svo ad hañ kieñde oss par med, ad Eitt væreNaudsynlegt, sem er ad bwa sig til Daudans, allt hitt mætte vera svo sem Hica-Verk hlia svi ad Reikna: Skylldu Meñ svi ecke plaga sig med Uñhyggiu mykellre fyrer svi, sem ad Gud giefur sijnum Elskendum, Jafnvel pa peir sofa. Hid Fioorda og Fiñta sijna oss Ouñrædelega Poleñmæde Guds Eingietens Sonar. I honum bioo oll Fylling Guddoomsins Lijkamlega, svo sem Paulus vottar, samt preyngde svo Kvoleñ ad hañs Natturlegum Lijkama og Saalu, ad hañ syrste wt af Ofraun Pijslana, og so talade hañ pesse allra Hoogværustu Ord: Gud Miñ, Gud Miñ, hvar fyrer hefur pu yfergiefed mig? Pau eru Upphaf hiñs Tuttugasta og Añars Davids Psalms; Er allur hlioodar uñ hina Bitru Pijnu DRotteñs a Krossenum, og svo uñ hañs orugt Traust uñ Frelsunena af Daudanum. Nu liggur oss a eingu meir i hiñe sijdurstu Baraattu vid Daudañ, eñ a Poleñmædeñe. Vitum svi, ad Fadereñ liet siñ Eingieteñ Son lijda svo myklar Pijsl-

er ad Krossenum, svo sem nægia kuñe hans Guddoomlegu Riettlæte og Endurlausn Mañkynsens, eñ ecke framar, svo skulum vier og meina, ad þegar Lijkamans Veikinde þvijnga oss i Bana-Soottseñe, þa lætur hiñ Trwfaste Gud oss þo eckert lijda fram yfer þad, sem vier fœum stadest, og alleina þad, sem kuñe ad tilreida oss þess betur honum i Hendur, eñ ecke meira. Eigum vier því ad hugsa, ad þegar Siwkdoomureñ pijner oss hvad sœrast, ad Gud hafe oss þess meire Dijrd og Sælu ætlad, hverrar Smeckur og farsæl Epterbid, ad deyfer alla Lijkamans Kvol, nær Guds Ande uppvekur hana i vorre losnu Tialldbwd, þegar hun tekur til ad sundur-glidna i Fiorbrotunum: Og er eingeñ Efe a því, ad hañ er oss þa hvad næstur, til ad sijna oss iñ fyrer Himnarijkis Dyr, uñt hveriar vier eigum nærre Samstundis ad gœnga i Vors Herra Fognud: Því til þess var JEsus yfergiefeñ i sijnu Dauda-Strijde, ad vier af Heilogum Anda skylldum ecke verda yfergiefner, þegar oss mest ællage.

I hinu Siotta Orde DRottens, er oll vor Sœluhiælp iñefaleñ. Allt hvad hañ blessadur hafde lided fyrer Syndarañ fra Moodur-Lijfe og þangad til, þad var þa fullkomnad og fullnadar Giallde wtlagt fyrer Syndena, svo eckert var epter nema ad deya. Og hefur hañ því hier opeñberlega lijst a Krossenum, og giefed ollum Sañyorande Mañeskium fulla Qvittantiu fyrer alla

þa

þa Skuld, er þeir attu Gude ad giallda; Eñ neglt þa Handskriftena a Krossen, sem moote oss var. Og med þvi ad Trweñ er alleina þad, hvar fyrer Mañeskian hoolpeñ verdur, þa hefur hañ under sitt Andlaat seinged oss þeñan Grundvoll til ad byggia vora Trw a i Andlaatenu, hver alldrei kañ ad skeika, þo Himen og Jord forgaange. Og hver sem ad honum nær (eñ honum naa aller þeir sem þad af Hiarta gyrnast) þoott alldrei hafe hañ svo margar Synder a Bake, og ecke nema eina Stund erfidad i Vijngarde DRottens, hañ mar full-bruggur seigia med Paulo, 2. Tim. 4. Eg hefe goodre Baraattu bareſt, eg hefe Skeided fullkommad og hefe Trwna vardveitt. Frañveigis er mier affijdis logd Corona Riettlæteſins, sem DRotteñ hiñ Riettlaate Doomare muun giefa mier a þeim Deige. Þad Siounda og Sijdarsta Ord Vors Lausnara, er hid allra Huggunarsamlegasta, þar hañ fool siñ Anda a Hendur Fodurnum, þvi hañ hefur ecke einasta afhendt honum sijna Heilogu og Ofleckudu Saal, hvor ed ecke visse af Synd, helldur og i Krapte sijns Andlaats og allrar Forþienustu, allra þeirra Saaler, sem verda eirn Ande med honum aadur eñ þeir andast, svo ad nær þeir hafa leitast vid epter þeim Krapte, sem Guds Ande verkar i þeirra Breiskleika, ad fylgia epter sijnum Hertoga i Daudans Striide, þa meiga þeir med fullu Trauste fela siñ Anda Gude a Hendur, þvi hañ er honum aadur faleñ med

þessu JEsu Audlaats Orde, svo ad eingeñ Magt, hverke Diofull nie Helvijte, hverke Synd nie Daude, kañ ad slijta oss af hañs volldugre Hende, sem ollum Hlutum stioornar, bæde a Himne og Jordu.

Nu fyrer þvi Vel-Edla Syster, ad hinum gooda Gude hefur þocknast i Naad siñe, ad vitia Jdar med þeim Krossburde, ad þier hafed maatt siat á Bak Jdar Hiart-Kiærustu Astvina uñ nockra Stund; Eñ hefur þo temprad þessa ydar Sorg med þeirre Nijkuglegre Huggun, ad þier hafed sied þa skilia vid þeñañ vonda Heim, med Gudrækelegum og Christelegum Underbwninge epter Dæme sijns Frelsara, svo ad þier vited þa nu undañ ydur farna i þa eylijfu Glede, sem ecke hefur Auga sied, og ecke Eyra heyrt, og ecke hefur i nockurs Mañs Hug edur Hiarta komed: Þa hefur mier til Hugar komed ad biooda ydar Gosugheitum þessar einfalldar Predikaner wt af þeim sijdustu Ordum DRottens JEsu a Krossenum, til lijtillrar Packlætis Miñingar alls ydar Agiætis vid mig og mijna, hvad eg og giore med þessum faam Ordum. Lijtill er þesse Skeinkur ad soñu af miñe Hende, og ecke þess verdur, ad hañ a eirn Hatt kuñe ad sambiooda ydar Dygdarijke. Eñ sie hañ meteñ epter hañs Persoonu, frae hverium hañ er i fyrstu komeñ, þa er hañ bæde stoor og þarfur, þvi ad þesse giæskurijku Ord Vors Frelsara, eru sa Læknisdoomur, er sierhver Christeñ

Madur

Madur ætte ad taka med sier i sijna Dauda Sæng, og þeim alldrei wr Miñe sleppa, þar til ad DRotteñ blessar oss, svo ad þegar aller Lijkamans Kraptar eru ad Protum komner, og vier so ad seigia ecke lifum framar, þa life Christur i oss, og ad hvert sem vier lifum edur deyum, þa sieum vier Christi. Og ad þessu svo fyrermælltu, vona eg ad ydar Vel-Edla Kveñ-Prijde-mune virda þessa mijna litla Pienustu, epter þvi sem eg hefe Siñe og Vilia til ad þocknast ydar Systur Dygd, eñ ei epter þvi sem eg ætte edur Skyllda mijn bijdur. Oska ydar Gofugheitum svo ad Enda sem Upphafe, Guds Astar og Vinattu og ad hvorke Daude nie Lijf, hverke Einglar nie Hofdingia Dæme, nie Vellde, hverke þad nærveranda nie Epterkomanda, hverke Hæd nie Dypt, edur nockur oñur Skiepna fæe skiled ydur vid þañ Kiærleika Guds, sem er i Christo JEsu DRottne, vorum.

Þess Oskar af Alhuga
Ydar Vel-Edla Kveñprijdis
Einlægur og alls Goods uñande
Vinur og Næunge,

Jon Thorkelsson Vidalin.

Til Lesarans.

Yrer þvi ad eg merkt hefe, ad þær Bækur, sem ad wtskijra Historiu Pijnuñar og Daudans Rotteñs Vors JEsu Christi, sieu ad mestu wrgeingnar, þa læt eg þessar Einfalldar Predikaner wtgaanga til þess, ad þær lesast meige uñ Fostu-Tijmañ, aasamt Pijningar Historiuñe, af þeim, sem ecke anad hafa. Oskande af Alhuga, ad þær verda mættu Gude Prij-Einum fyrst og fremst til Lofs og Dijrdar, Eñ Christelegre Kyrkiu til Uppbyggingar, og hañs Bornum þar iñe til Sailar-Nota. Pad Bænheyre Gud, fyrer JEsum Christum, Amen.

Jon Thorkelsson Vidalin.

Añar Formæle.

Vinsamlegum Lesara, Heilsa og Fridur.

SAfnest til samans, og heyred, Syner Jacobs, Heyred, seige jeg, Israel Fodur ydar. Pessum Ordum talade Fordum Daga Forfadereñ Jacob til Sona sina a deyanda Deige, þa hañ gisrde sitt Testament, og blessade hvern þeirra med eirne sierdeilislegre Blessan, Gen. 49. Vor blessade Endurlausnare JEsus, sem komeñ er af Jacob og Fedrunum epter Holldenu, Rom. 9. Hver ad er og Fader Eilifsdareñar, Esa. 9. Og i hverium hiner Heidnu eru ordner Andleg Israels Børn, Samarfar og Hluttakendur Guds Fodurs Fyrerheita fyrer Evangelium, Eph. 3. Hañ hefur, seige jeg, talad til vor a deyanda Deige i þeim Testamentis Ordum, hver hañ talade, Ecke i reiddre Hvijldar-Sæng, ecke a hægum Kodda, sem Israel, helldur af Krossenum, a hvern hañ var med Jaarn-Gaddum negldur a Høndum og a Fotum, Og i þessum sijnum Testamentis Ordum hefur hañ ecke einasta Toolf Persoonum, svo sem Jacobs Syner voru ad Tolu, helldur hverre og eirne Naud-þurfande Saalu Sierdeilislega Blessan, Huggun og Hiartans Endurlijfgun epterlaated. Þesse hañs Scinustu Testamentis Ord eru ecke sijdst a medal allra þeirra Orda, sem JEsus hefur talad, Bæde Ande og Lijf, Joh. 6. Hañ talade þaug ad sønu med ormættre Tungu, þa hun i Kvsleñe under Daudañ lodde vid hañs Goom, Ps. 22. Eñ saunt eru þaug Kraptur Guds til Saaluhiaalpareñar, hverium þeim sem trwer, Rom. 1. Pegar Postuleñ Petur sa JEsum i hañs Forklaaran a Fiallenu Helga, og heyrde Moysen og Eliam tala þar vid hañ uñ hañs Utfor, sem hañ munde fullkomna til Jernsalem, sagde Petur til hañs: Meistare, gott er oss hier

ad

ad vera, og gisrum hier upp þriar Tiallda-Bwder, þier eina, Moysi eina, og Eliæ eina, Luc. 9. I þessare Book, sem þier kiemur nu fyrer Sivoner, Vinsamlege Lesare, Virdesi mier ad heñar Author Vel-Edla, Vel-Eruverdugur og Hælærdur Mag. JON THORKELS-Son Vidalin, Biskup Skalholtz Stiftis, Svo sem vid sijna Hønd leide þig og mig uppa eitt Fiall: Eige Fialled Lybanon, a hverju Faber Stapulensis helldur, ad Forklaran HErrans vors JEsu Christi hafe skied: Eige uppa Fialled Sina, hvar ed, epter Meiningu þess Frooma Ephræmii Christur skyllde hafa forklarast, Og a hverju Fialle Gud liet sig Fordum Daga sia og heyra med Eldingum, Reidar-Prumum, og sterku Lwdurs Hliode, Exod. 19. Ecke uppa Fialled Thabor, sem Fedurner seigia Samhliooda, ad vered hafe Forklarunar Fiall vors Frelsara JEsu, hvar Petur vilde gisra þriar Tiallabwder, og so ad seigia, hafa þar sitt Himnarijke a Jordune: Heldur erum vid hier leidder til eins Andvirdelegs Fialls, sem er Fialled Golgatha, fullt af Hausa-Skielinm og rotnum Beinum Anmkunarverdra Syndara, Hverier a þessu Fialle vegna sina Glæpa Lijflatner vorn. A þessu Fialle er Authorsins Asetningur, ad sijna JEsum, eige svo sem i hans Forklaran, helldur i hans stærstu Nidurlægingu: Eige i skijnande Himneskre Byrtu, I hverre han liet Petur sia sig a Fiallenu Helga, 2. Pet. 1. Helldur leider han JEsum hier fyrer Sivoner al-Bloodugan og Beinum hladen fra Hvirfle og allt til Ylia, Svo sem pad rietta Slatrunar Lamb, og Foornfæring fyrer Illvyrkiana og allrar Veralldareñar Synder. A þessu Forsmaanarlega Synda-Straffs Fialle saum vier ad sia sialfan Gud, og heyra han talande til vor Mañana, Er þo ecke i Eldingum nie Reidar-Prumum, sem a Sina Fialle, helldur talar hier sa Odaudlege Gud under sin Dauda, Ord Hialprædesins, Ord Huggunareñar og Ord þess Eilijfa Lijfsins, Joh. 6. I sijnu Testamente

fyrer-

forersagde Forfadereñ Jacob Sonum sijnum pad, sem epter hañs Danda munde a peirra Daga drijfa: J pessum sijnum Sis Testamentis Ordum seiger JEsus oss fyrer, hvad yfer oss munne koma, ef vier hañs Ordum fylgium, Sem er ein Owtseigianleg og Dijrdarsamleg Glede og Eilijft Hiælpræde Sælnaña, 1. Pet. 1. Og med pvi ad pesse Book mijns Vel-Edla Collegæ hefur boresst mier i Hendur, hefe eg hana med Athuga yferlesed: Og af pvi eg hefe i heñe funded mijnu Hiarta eina Gudlega Fullnægiu, virdest mier ei Tilheyrelegt, ad vera svo Ofundssamur vid Guds Sofnud hier i Lande, Ad læta Bookena ecke Almeña verda og a Prent wtgængna, ollum peim sem hana vilia Idka til sañrar Sælareñar Nytseme: Sierdeilis, par sem i voru Moodur-Mæle er aungva pa Book ad fæa, sem wt af fyrer sig, hændlar mñ pang Sis Christi Ord a Krossenum, Po nockrar Bækur kuñe eñ nu til ad vera wt af hañs Pijnu Almeñelega. Eñ jafnfraunt pessu hefe jeg, Vinsamlege Lesare, ad miñast æa, ad i Book pessare frañkoma Forn-Stofud Ord, Hverra Bookstafan eg hefe ei viliad mñbreita, par eg veit hun er riettare og betre eñ sw nijrre, sem mñ nockurn Tijma hefur vered brwkud, Vonande ad eingeñ munne sig a pessu steita kuña, Sierdeilis par pvilijka Bookstafan er og i sælfre Bibliuñe ad finna, Einkañlega i peirre, er sa Lofsverde Biskup, Sælnge Herra Gudbrandur liet forst wtgænga. Og være Oskande ad vort rietta og gamla Moodur-Mæl, Eñ ecke afbokud Framande Tunga, (eg vil ei seigia Mælleysa) mættr i pessu voru Fodur-Lande, pvi og sælsum oss til Eru vidhalldast. Brwka nu pessa Book, Christeñ Lesare, med Gudrækne, Og ef pu pad gierer, Voga eg ad lofa pier, ad pu ei sijdur eñ Petur a Fiallenn Helga finer i heñe Unadsemd pijns Hiarta: Og pa mun piñ Blood-Brwdgume JEsus, Sem fyrer pig er daeñ, J pier lifa, J pier biggia, J pier Riettlæte, Frid og Fognud, Poleñmæde og Huggun,

Triv

Trw og Von, Myskunsamlega verta: Jea! i þijnu Hiarta sitt Andlegt Rijke byggia, Og ad þu med hønum og hañ med þier life og rijke Eilijflega, Hvers þier og allum Guds Børnum af Hiarta Oskar þiñ og þeirra Velviliadur Vin og Pienare.

Skrifad ad Hoolum i Hialltadal, þañ 28. Februarij, Anno 1716.

Steinn Jonsson.

PREDIKUN

ut af þvi

Fyrsta Orde DRottens JEsu Christi a Krossenum.

Fader / fyrergief þeim þad / þviad þeir vita ecke hvad þeir giøra.

HOR Blessadur Endurlausnare DRotten JESus talar þañen uñ siꜽlfañ sig, Matth. 23. Eirn er Meistare ydar Christur, Eñ þier erud aller Brœdur. Hvad hañ hefur ecke alleinasta sagt med Muñenum, helldur eirneñ a Dogum Hiervistar siñar fraũikvœmt i Verkunum. Þar er eckert Ord edur Atvik i allre hañs Hegdan, sem upp er teiknad og i Fraasogur fœrt, ad ecke sie þad Friooffamt af þarf-

leguſtu Heilrædum til Lifs og Saalar. Og er pad ecke uñ Sker fraũ, ad hañ nefneſt SOL RJETTlætesins, hia Malach. 3. Pvi fyrr mun hid bleſſada Lioos Veralldar (er hiner Spsku kalla Auga Heimsins, miſſa ſijna Birtu, eñ ad Lioome Fodursins Dijrdar, Heb. 1. kuñe ad vera aan hiña ſkiærustu Guddoomsins Geisla, sem bæde i Lifnade og Lærdoome vtstrialaſt eñ pa i Dag til allra Maña, og preyngia sier i giegnum Myrkur Veralldareñar iñ i peirra Augu, hvorium hun hefur ecke sett a Naser Brillur Holldlegrar Fysne og Drambsamlegs Lijfernis, Svo ad Siaande pa siae peir eige, og Heyrande heyre peir eige, Act. 28. Svo pad mun jaata satt ad vera sem Johañes uñ hañ talar Cap. 1. I honum var Lijfed, og Lijfed var Lioos Mañaña, og Liooſed lijſer i Myrkrunum, Eñ Myrkureñ hondludu pad ecke. Og hvor er sa pad vilie ei med Hiarta og Muñe jaata? Hañ gieck i kring, giorde Gott, og grædde alla, Matth. 9. Alla Hlute giorde hañ vel, pvi Daufa liet hañ heyra, og Maallausa tala,

tala, Marc. 7. Hañ kiende med Munenum, Hañ sar Aumur a peim Voludu med hañs blessudu Augum, hañs Myskunar Eyru voru opeñ vid Kveinstofun hiña Naudstoddu, Hañs divpu Myskunar Ydur hrærdust af Medaumkan yfer Eymdum peirra sem voru Limer hañs Lijkama, af hañs Hollde og af hañs Beinum, Hañ fañ Krapt ut af sier gaunga moote peim Trvudu, Hañs signudu Hendur hoof hañ ad Himne upp til Bænareñar, Hañ took sier Brauded i Hendur til Blessunar, Hañ aahrærde þa Sinku peim til Lækningar, Hañ vtdeilde syndugum Mañum sitt Blessada Hollð og Blood til hiælpsamlegrar Nautnar. Og hvor er siv Dasemd, miñ Herra JEsu, sem ad ecke ollu fegur skijne i þijnu heilaga Lijferne, eñ hiñ biai e Himensins Herskare a Festinguñe? Pad kañ eingeñ svo vel ad vtskijra sem hin vel-lærda Tungañ, er sagt hefur: Læred af mier, þvi eg em Hoogvær og af Hiarta Lijtelatur, Matth. 11. Nu þo ad oll JEsu Unngeingne hier a Jorduñe sie hiñ skiæraste Dygda-Speigell Christ-

ens Manns, þa skijn hun þo hvad feg-urst i hans Dauda og Pijnu-Historiu.

Þegar Myrkur Daudans tooku til ad skiggia a Sool Riettlætesins, þa var henar Birte mest i Dygdum og Epter-dæmum: Þegar þaug blessudu Augun, sem eru Pusundsinnum skiærare en Sool-en, tooku til ad sia ecke leingur, þa lioom-udu þaug allra biartast i Bendingunum til vor Syndugra Manna, til ad kiena oss hina Andlegu Vopn-Fime i þvi sijdar-sta Dauda-Strijde. Ødrum Sinnum hafa hans Naadar-Læker vtfloted til allra Manna, hier hefur han upploked Underdinvpum sinar Guddomlegrar Giæ sku. Tijtt hefur han minnst vid hana sem hans Hiarta elskar med Kosse sijns Munns, Cant. 1. Hier er Elskan ordenn honum svo sterk, sem Daudenn, Ibid. 8. Hans Matur og Dryckur var ad giora þess Vilia sem han sende, Joh. 4. Enn hier er han Fodurnum Hlijdenn ordenn allt til Daudans, jaa, allt til Krossens Dauda, Phil. 2. Fyrer þvi krefur S. Paull þess, Heb. 12. ad þeir hafe þetta fyrer Aug-un sier, sem eru med Guds Dijrmætu

Bloode

Bloode Endurkeypter, ſeigiande: Miñiſt a pañ ſem Mootmæleñ polde af Syndurunnum i giegn ſiaulfum ſier, ad pier Vannegneſt ecke yferkomner i ydar Hiortum. Paulus peckte eckert pad, ſem svo vel mætte kieña Syndaranuin ad rekia Blood-Ferel ſijns Heilſugiafara i giegnum margskonar Hormungar iñ i hañs Dijrd, svo ſem Jhugan peſſa, par trvande Mañs Auga lijtur hid Saklausa Guds Lamb, hangande a hinum ſmaunarlega Kroſſens Galga, under allrar Veralldareñar Syndum, og pvi ſeigeſt hañ eckert gyrnaſt añad ad vita, Eñ JEſum Chriſtum, og hañ Krosſfeſtañ, 1. Cor. 2. Vier eigum og pañeñ Lynder ad vera, Pviad i JEſu bitru Kvol, ſem hañ polde fyrer vora Skulld, er hañ oſſ fyrer Augun afmaaladur med hañs Heilaga og Dijrmæta Bloode, i hverit hañ pvode ſiñ Mottul a Deige vorrar Heilſugiafar, svo par var eingeñ Myndedur Alit a honum: Hañ var Forſmaan Mañaña og Fyrerlitning Foolkſins, svo Meñ huldu ſijn Andlit fyrer honum, Forsktudu hañ og einkis virdtu, nema

þeir, sem Trwen sijner, ad hañ hefur bored Kraunkdæme vor og Þrkumslum vorum a sig hladed, So Hegningen hefur a honum leiged, uppa þad vier Friden hefdum, og ad vier erum fyrer hañs Benjar heiler vordner, Esa. 53. Og þesse bloding Asijnd Eingietens Sonar Guds, ætte ad temia oss i Medlætenu, styrkia i Mootgaungenum, og wtslockva i oss alla Elsku til Heimsins og sialfra vor, en upptendra Kiærleikañ til Guds og Naungans, svo oss giore fivsa ad forlaata þeim, er oss i moote brioota, þvi i Krapte þessarar dijrnætu Foornar, i hvørre Gud forlijkade Versldena vid sialfañ sig, hefur hiñ Yppasste Prestur og mykle Hyrder Saudaña, 2. Cor. 5. Beded fyrer sijnum Kvolurum med þvi Fyrsta Orde, er hañ talade a Krossenum, og ecke einasta fyrer þeim, helldur fyrer ollum oss syndugum Moñum, er þad gietum ét af oss bored, ad vier hofum Konung Dijrdareñar Krossfestañ med illum Athofnum vorum, i hvørium hañ ervidade. Eñ þu sem þad heyrer, Christeñ Madur, og higgur þar ad, Laut þier þad

sæma,

sœuta, ad þu prijser Dauda Drottens, fyrer hvørn þu lifer, i þvi ad fylgia hans Dœme, og forlaat þeim af Hiarta er vid þig ofgiort hafa. Svo athugum nu Tveñt hier af. 1. JEsu breñande Elsku til Syndugra Manna. 2. Hvernen vier eigum i hans Footspor ad gaunga.

En þu sem barst vorar Synder, virdst þu ad giefa oss þin Anda hier til, sa ed leide oss i allan Sañleika, Amen.

Sel talar St. Paall um Elskuna Christi; Ad hun sie œdre ollum Vitsmunum, Eph. 3. Ecke einasta þess vegna, ad eckert er til allra Saalar og Lijfs Nota gagnlegra, en sar Kiærleike, er Rett-trwud Guds Born hafa a Christo JEsu, helldur og hins annars, ad sw heita Ast er JEsus hafde a oss i Syndene daudum, hun yfergnœfer allan Mannlegan Skilning, og hana kan eingen syndug Tunga med Ordum wt ad skijra. St. Paall seger um Kiærleikan, 1. Cor. 13. ad han leite ecke þess sem hans er: Hafe þad nockur sanad, þa hefur JEsus ollum betur, er han bad sin himneska Fodur fyrer sijnum Offooknurum. Hvar eru nockurn Tijma þvilijk Dœme? Hans blessada Hold var sundurkramed af Bondunum, hans Asiaana afmyndud af Hrakunum, þrwten af Pwstrunum, hans Bloodrisa Lijkame sundursliten af Hwdstrok-

unum, hans signada Hofud sundurstunged af Pyrne Broddunum: Hañ var Maatthrota vordeñ under hiñe þwngu Krossens Byrde a Veigenum, og can allrar Myskunar var hañ særdur og lemstradur a ollum Lidum og Limum; Hañs Hendur voru a Krosseñ negldar; Hoñs Fætur i giegnum stwngner; Hañ var flettur sijnum Klædum, og svo sem ein Bolvan uppheingdur a mille Himens og Jardar til Spotts og Hadungar fyrer allra þeirra Augum er fram hiæa geingu, og skooku sijn Hofud yfer slijkre Forsmaan, samt heyrde eingeñ af hañs Muñe nockurt Opoleñmædes Ord: Eckert talade hañ uñ þessa herfelegu Pijsl: Eckert uñ þeirra Hardwd er hañ Krossfestu, eckert uñ þeirra Brijxle er hañ daurudu, Alleina flaut þesse Lijknar Ræda wt af Bruñe Myskunareñar, og þeim Vorum a hveriar Naadeñ er wthellt, Ps. 45. Fader Fyrergief Þeim Þad, Þvi Þeir Vita Ecke Hvad Þeir Giora. Hverium þa? Þeim sem mig offooktu, Bundu, Hræktu i mitt Andlit, Sloou mijna Asioonu, Hwdstrijktu mig, Pyrnum Coronudu, Krossfestu, Þeim ed mig nu Lasta og Nijda, skaka sijn Hofud yfer mier, og med allskyns Hadungum vanvirda; Fader Fyrergief Þeim Þad. Þeir eru þo Holld af mijnu Holde, Eph. 5. sem mitt Holld i sundur slijta, Bein af mijnum Beinum, er mijn Bein i sundur meria; Þeir eru þo þijner Syner fyrer Skopunena; Sem nu gioraſt Diofulsens Born fyrer Yfer-

trod-

trodslunu, minst ecke herra Illgiorda, helldur þiña miklu Myskunsemda; Lijt ecke til Synda Illvirkiaña, helldur þess Lausnar-Giallds sem nu er Eg fyrer Illvirkiañ vt ad leggia; Fyrergief þeim Þad (Kiære Fader) Þvi Þeir Vita Ecke Hvad Þeir giora. Þesse er aan Efa Meiningeñ i Bæneñe vors Endurlausnara: Eñ seig mier Christeñ Madur; Hefur þad nockrum Mañe t Hug edur Hiarta komed, hvilijk ad sie þesse Guddoomlega Elska? Edur kañ þad nockur Eingla edur Mañna Skilningur ad grijpa? O! Herra Gud, hier iñ er þad sañ-kveded sem Salomon i Lofkvædenu talar i Brwdgumans Orda Stad Cap. 8. Elskañ er sterk svo sem Daudeñ, og Vandlætingeñ þwng svo sem Helvijted, Ellds-Glædur eru heñar Glædur og eiñ Ellds-Loge: mykil Votn kuña ecke Elskuna vt ad slockva, og Vatnsfolleñ fai hana ecke kafed. Þegar hin mykla Hetia, Esa. 9. stood ad þvi Ervide, ad kasta vorum Syndum i Hafsens Diwp, so þeirra yrde ecke miñst ad Eylijfu, Mich. 7. Þa vard hañ wthelltur svo sem añad Vatn; Hañs Bein glidnudu og hañs Hiarta braadnade so sem Vax i hañs Ydrum, Ps. 22. Þo kuñe ecke Flood Reideñar ad slockva Elld Elskuñar; Straumar Motlætingaña þornudu upp af Kiærleikans ofur Hita, svo ad hañ gleymde sialfum sier, eñ miñtest þeirra er honum moote giordu. Hañ siñte ecke þvi, af hvorium hañ var deyddur, helldur syr-

er hvoria hañ doo, hann læknade þa er hañ særdu, hañ bad þeim Lijfs er hañ Lijflietu, hañ sampijnd-est þeirra Eymdum er hañ pijndu, hañ bad þeim Vægdar, er ann allrar Vægdar med hañ hond-ludu, hañ bad fyrer ollum, þvi hañ var Kross-festur af ollum: Par uñ spæer Esajas Cap. 53. Hañ hefur bored margra Synder og beded fyrer Yfertrodslu Mañunum, medal hvorra og erum vier, hvorra Synda-Broddar hafa hañs Bless-ada Hofud stunged, og hañs Hendur og Fætur a Krossen negt, Hvoriu til Vitnes eru St. Pals Ord, Heb. 6. Er hañ seiger uñ þa er traudle-ga eiga Apturhvarfs Von; Ad þeir Krosfesti sier ad niju JEsum Christum, hvar af audsært er, ad aller hafa hañ Einusiñe Krossfestañ, fyrer þvi er hañ og eirneñ Forlijkun, ecke einasta fyrer vorar, helldur fyrer allrar Veralldareñar Syn-der, seger Johañes, 1. Joh. 2. Og eitt Siñ fyrer alla dareñ. O! Herra Gud. hvad skalt þu nu endurgialda Gude Sæla mijn fyrer allt þad sem hañ hefur giort þier, eñ þa ædur eñ þu varst til? Maklega hefur hin Guddoomlega Elska prijsad siñ Kiærleika i þvi, ad hun gaf oss siñ Son þa vi-er vorum hañs Oviner, Rom. 5. Sa heite Elsk-uñar Brune mætte smellta Hiarta Syndarans i honum, svo sem añad Vax, ad Sonur lifanda Guds a Krossen uppheingdur og af ollum for-lateñ, og jafnvel af sijnum Himneska Fodur yfer-gieseñ, liet sier fyrst allra uñhugad vera, ad af-

bidia

bidia peirra sömu Synda-Straff, sem upphurk-udu hañs Krapt i honum sem adra Skurm, Svo hañs Tunga lodde vid hañs Gooin, Pf. 22. Hañ bad Fridar þeim Olmu Hundum er hañ umkrijn-gt hofdu, þeir ed i gieganum stwngu hañs Hendur og Fætur, svo oll hañs Bein matte telia, eñ þeir horfdu þar a, og sæu Vilid sijna a honum, Pf. 22. Hvad skyllde eg giora þier seiger DRotteñ Gud vid Ephraim? Skyllda eg ecke giora vid þig svo sem Adama og Zeboim; Eñ mitt Hiarta er umhverft i mier, og mijn Ydur breña af Yd-ran, þvi eg vil ecke fullkomna Verk minar Bræ-de, þviad eg em Gud eñ ecke Madur, Hos. 11. Eñ hvad hofdu þesser forþienad, miñ HErra JEsu? Ad Lijkþraa hefde Samstundes uppeted þeirra Hollð, svo sem Mariu, þad var allt oflijted: Ad Siafar-Hafed hefde dreckt þeim, svo sem Pha-raoni og hañs Her-Moñum; Eñ þad var ei jafn-vægt vid alla þessa Illsku: Ad Elldur af Himne hefde yfer þa falled og fortært þeim skyndelega, svo sem þeim Tveñum Fimtijer er Acab giorde frat sier til Eliam, eñ þeirra bolvud Bræde var eñ þa stoorkostlegre: Ad Jordeñ hefde gleypt þa lifan-de svo sem Core, Datan og Abiram, og ad þeir hefdu kviker til Helvijtes fared, þad voru þeirra forþient Laun, samt hrærdest hañ Medaumkunar yfer þeim, þa eingeñ hañ aumkade; Hañs Hiar-ta brast i honum, svo hañ hlaut þeim Myskunsam-ur ad vera, Jer. 31. Þa honum eckert Auga

Mysk-

Myskunade, hvar fyrer? Af þvi han var bæde Gud og Madur komeñ af Fedrunum epter Holld enu, og þo ei ad sijdur Gud blessadur yfer alla Hlute uñ Allder Amen, Rom. 9. Þegar hiñ Eingietne Sonur Guds, i hvorium honum allein-a velhocknast, beidde siñ himneska Fodur, ad hiñ beiske Kaleikur mætte fra sier takast, þa beidde hañ med Fororde: Fader, Ef Þad Er Þiñ Vil-ie, Þa Tak Þeñan Kaleik Fra Mier: Eñ þegar hañ bidur fyrer þeim er hañ kvoldu og a Krosseñ negldu, þa bidur hañ Fortakslaust.

Fader Fyrergief Þeim Þad, Þvi Þeir Vita Ecke Hvad Þeir Giora. Miñ HErra JEsu, hversu munt þu dryckia þar med Vellystingañ-a Straumum, er langa epter þier, svo sem Hiort-eñ langar epter ferskū Vatne, Ps. 42. Var þu varst þeim svo Nadugur sem þig svottudu? Mun hañ nockud spirna honum i burt af siñe Foot-Sk-er, sem Ervidar og Þwinga er þiadur, er svo var Myskunsamur þeim hañ þvijngudu og þiadu? Hvad mun hañ giora þeim sem koma til hañs med Harmþrwngnu og Sundurknosudu Hiarta, sem svo fagurlega bad fyrer þeim sem forsktudu Rijk-doom Guds Langlundar epter þeirra forstockudu Hiarta? Rom. 2. Mar nockud Konañ gleyma sijnu Barne, Averte sijns Kvidar? Og þo hun gleyme þvi, þa vil eg samt ecke ydur gleyma, seiger DRotteñ, Es. 49. Hier tekur JEsus allañ Efa af þessum Sañendum: Eingeñ Lækner kañ ad

aum-

aumkast svo yfer þeim saarsiwka, eingeñ Mooder kañ svo ad kieña i Briooste uñ Afkvæme sijns Lijfs, nær hun sier þad kveliast Daudvona; Svo sem Fader Myskunsemdaña lætur sier til Hiarta ganga Blindne og Faasiñu þessara Olmu Hunda. Og hvorsu heitt hañ beded hafe, þad er af Bœnheyrsluñe audradded; Þegar Meñ verda fyrer sier Hofudsinañeñ, sem þar stood giegnt Krossenum, og þad Foolked er med honum var, hvorsu þeir prijsudu Gud og jatudu hañ Guds Son ad vera, er þeir fyrer skoñu hofdu svo illa wt leiked: Hvor sem miñest a þad Foolked, er þar var hiaa og barde sier a Briost og snere heim aptur, hvorsu þeir skipudust vid þær Jardteikner er giordust i hañs Dauda; Hvor sem athugar Evangelij farsællegañ Framgang, strax epter hañs Himna-Fer, þa ed Guds Christne efldest uñ 3000. Mañs a einum Deige, Act. 2. Og ad 5000. litlu sijdar geingu Gude til Handa, Act 4. Hvor sem les þad er Lucas skrifar, Act. 6. Ad Guds Ord hafe vaxed, og ad Tala Læresveinaña hafe magnlega aukest i Jerusalem, og mykell Fiölde Kieñemañaña hafe hlijdnast Trwñe, hvorier þo aan Efa munu hafa fyllt þañ Dalldar-Flock, er Guds Son alyktudu Dauda sekañ, hañ mun ganga wr Skugga þar uñ, ad sa hafe margur vered sekur i JEsu Bloode, og hroopad þad yfer sig og siña Hofud sier til Hefndar, er sijdañ hefur þad drucked sier til Myskunar og Sæluhiælpar,

og

og ad hier hafe ecke sijdst sañast þad sem Postuleñ uñ hañ vottar til Heb. 5. Ad hañ hafe a Dogum sijns Hollds Bænum og Fyrerbeidslum Offrad, med oblugu Kalle og Tarafollum, til hañs, sem honum fra Daudanum hiælpa kuñe, og ad hañ sie Bænheyrdur epter Velþocknan. Og er þetta svo sagt uñ JEsu Christi Guddoomlega Elsku til vor syndugra Maña. I þeim Sijdara Parte vilium vier læra hvorneñ vier eigum honum epter ad fylgia.

Margt er af þessu blessudu Epterdæme Vors Endurlausnara ad læra, eñ þo er eckert þad betur sooine, eñ hinar ægiætu Dygder, er ecke meiga vid Christeñ Mañ skilia, og aan hvorra eingeñ mæt Niett-Christeñ heita, sem er Kiærleikeñ og Poleñmædeñ.

Med sijnu Bloode, a Krossenum wthelltu, hefur Guds Eingieteñ Sonur Endurkeypt sier eina Brwdur, sem aungvañ Fleck nie Hrucku hefde, Eph. 5. Hun lae alls-nakeñ i heñar Bloode, wtbostud a Vijdavaangeñ, Ezech. 16. Eñ strax sem hañ i Krapte Pijnu siñar sagde til heñar, þad hun lifa skyllde, þa fieck hañ heñe þesse Tvo Brwdkaups-Klæde, Poleñmædeñar og Kiærleikans, svo ad Blygdun heñar Fatleyses ecke opeñber yrde, Apoc. 3. Peink þo hvad þetta er Christeñ Madur. Sonur Guds lifanda fyrergiefur, skyllder þu þa Heiptrækur vera, sem ert syndugur Ormur? Hañ giorer þeim gott er hañ

Lijf-

Lijflietu, skylder þu þa ersa lijteñ Misverknad? Hañ fyrergaf þeim sem hañ atte Raad a ad kasta med Lijfe og Salu i eilijfañ Elld, villt þu þa ecke snarlega fyrergiefa honum, hvors þu att eckert Valld, og megnar ecke ad granda einu hañs Hofud-Hare, nema hier sie giefed þad hier ad ofañ? Hañ fyrergaf, sem var Hreirn og Heilagur, fraskileñ Syndurunum, Heb. 7. Skyllder þu þa ecke fyrergiefa, sem ert i Syndeñe gieteñ og fæddur, Ps 50. Og sijdañ hefur alldrei aflaated ad syndga? Augustinus seiger, ad Krosseñ hafe vered Predikunarstoll HErrans Christi, þa hañ mælte þesse Ord, og er þad ecke uñ Skor framtalad, þvi hier kiende hañ Guds Gotu i Sañleika, bæde med Orde og Epterdæme, ollum þeim sem vilia taka siñ Kross uppa sig og fylgia honum epter, og hañ kiende svo af Krossens Stoole med Muñenum, ad hañ under eins framkvæmde þad sama, sem hañ var ad kieña, med Verkunum. Gack þvi nær Christeñ Madur, og hlusta til þess er hiñ Yppasste Biskup med þeirre Vel-lærdu Tunguñe, kieñer af Krossens Stoole: Fader Fyrergief Þeim Þad, Þvi Þeir Vita Ecke Hvad Þeir Giora. Fyrst er Bæneñ: Bæneñe fylger Affokuneñ. Olijkur er hañ þeim sem færa alla Hlute, og jafnvel gooda, edur ad miñsta Koste ecke illa, a hiñ versta Veg, og giora so Ulfallda vr Mij-Fluguñe. Eg verd nockud frekar ad tala uñ þesse Ord, Þeir Vita Ecke Hvad Þeir Giora.

Fyrer

Fyrer hverium bidur JEsus hier? Fyrer Heidingiunum sem hañ Krossfestu, fyrer Gydingunum sem hañ ossooktu, ecke Einungis allt til Daudañs, helldur og epter Daudañ, Jaa, fyrer ollum þeim, hverra Synder hañ bar uppa Tred. Um þa Fyrstu mun þad Maalg sañast, Ad Þeir Ecke Hafe Vitad Hvad Þeir Giordu. Pilatus jaatade ad soñu, ad hañ finde aungva Dauda-Sok med honum: Eñ ad hañ være hañs Skapare og hañs Endurlausnare, þad visse hañ ecke. Hañ heyrde ad soñu JEsum medkieña, ad hañ være Konungur: Eñ ad honum være allt Vald giefed, bæde aa Himne og Jordu, Matth. 28. Þad hefur honum, heidnum Mañe, ecke i Hug komed: Og ecke er ad efa, ad hañ hefur fellt Trwnad þar aa, ad eitthvad af þvi, sem aa Christ var bored, munde Saknæmt vid Gydinga Logmaal vera: Þootteſt svo vel koma Raade sijnu, ef hañ med eins Mañs Lijflaate, jafnvel þoott hañ bære ei stoor-Saker þar til, mætte stilla Uppreist og Ofsa peñañ, ad ecke yrde þar meira Upphlaup af. Og fyrst ad Hofdinge Romveria var svo Ofroodur i þessu, þa er audvitad, ad ecke hefur helldur Strijds-Foolked kuñad meire Grein hier aa, helldur laated sier nægia, ad giora Skipan sijns Herra. Um sialfa Gydinga veit eg ecke hvad seigia skal. Eg medkieñe, ad Endurlausnareñ hafde svo margar Jarteikner giort aa medal peirra, ad ei var þeim Vorkun ad peckia þad hañ være Sonur

Guds

Guds: Hañ rak wt Diofla, hañ læknade med Einu Orde allra Handa Vanheilende, hañ snere Vatne i Vijn, hañ blessade Brauded, og pad oc til margra Pusunda Sadningar, hañ vakte upp Dauda, og hañ hafde fyrer skomu med einu Orde broted pa a Bak aptur, sem um̃ hañ voru komner, og allt petta hafde hañ Opeñberlega, og ecke i Afkimum giort. Hvad pa? Hver skylde seigia, ad hiner lærdu Pharisæi hafe ei vitad pad peir giordu? Og eñ framar seiger Sañleiksens Muñur: Joh. 15. Hefde eg ecke komed og talad fyrer peim, pa hefdu peir ecke Synd, eñ nu hafa peir ecke pad peir kuñe ad skijla med Synd siñe. Hvad eiga Meñ hier til ad seigia? Hefur Christur pa einasta fyrer Strijdsmoñunum beded, par Kieñemeñerner, Skriftlærder og Pharisæi voru par eirneñ nælæger peir ed hæddu hañ og spottudu? Edur hefur vor Endurlausnare pa Ofyrersiniu petta talad? Fiærre fer pvi, helldur hygg eg pad satt vera, ad Gydingar hafe ad nockru Leite ecke vitad hvad peir giordu, og ei munu peir hafa leidt i Huga sier, pad hañ være Konungureñ Christur. Valla er mogulegt nærre ad gieta, hversu hiñe Ofyrerlautsomu Kynslood var bægt um̃, ad trwa pvi, ad JEsus være af Gude sendur, fyrer pvi hañ sundurmarde ecke og hropade ecke, og eingeñ heyrde hañs Raust a Strætunum, Esa. 42. Pa villdu peir ecke lauta Timburmañsens Son drottna yfer sier, Luc. 8. Par peir poottust pess full-

 visser,

visser, ad Messiæ Riike munde verda af þessum Heime, og ad hañ koma munde med mykellre Tign og Yferlæte. Hañ giorde Kraptaverk, þeir sogdu hañ giorde þau fyrer Beelzebub Diofla-Hofdingia, Luc. 11. Hañ talade ecke eins og adrer Meñ, ad Vitne þeirra sem til hañs voru sender, þeir Raungfærdu hañs Ord, og uñsneru Guds Sañleika i Lygar: Þeir kuñu ecke ad straffa hañ uñ nockra Synd, Joh. 8. Þo framsselldu þeir hañ svo sem Illvirkia. Hvad munde vallda Þrea þessare? Alleina þad, ad þeir kolludu þad Ofgar, ad hañ Guds Sonur være, sem ecke hafde þar ed hañ kyñe Hofde sijnu ad ad halla, Luc. 9. Hvar fyrer þeir tooku sier þa Ohæfu i Muñ, þegar D. Rotteñ kvaldest fyrer þeirra Synder ar Krossenum: Hañ hefur treyst Gude, hialpe hañ honum nu, Matth. 27. Og hvad seiger vor Endurlausnare sialfur, þegar hañ griet yfer Borgeñe? O! ad þu þeckter hvad til þijns Fridar heyrde, þa munder þu þar Vaktan ca hafa. Og hia Johañemi 16. telur hañ þa somu Ordsok til þess Mañhaturs, er Læresveinarner urdu fyrer af Heimenum, seigiande: Þetta giora þeir, af þvi þeir þeckia hverke Fodureñ nie mig. Og hvad vilium vier margt tala hier uñ? Læresveinarner, sem voru med honum, catu og drucku med honum, sau hañs Kraptaverk, elskudu hañ, trwdu honum, jatudu þad hañ hefde Ord eilijfs Lijfs; Þeir vissu ecke þetta svo sem þad Reyndar var, og

hneixl-

hneixludu sig ad hans Fautæke: Edur hvad er þetta? HErra; Vilt þu nu ad þessum Dogum upprietta Israels Riike? Act. 1. Hvad er þad, Ad Salome kiemur til JEsum, og seiger: Lat eirn af Sonum mijnum sitia þier ad hægre Hond, eñ añañ ad vinstre i Riike þijnu? Matth. 20. Hvad er þad fyrer Næda, sem þeir Tveir, er til Emaus geingu, voru ad tala reikande sijn ad millum JEsum af Nazareth? Hver ed var Spaadooms-Madur, mattugur i Ordum og Verkum fyrer Gude og ollu Foolke, hverneñ þad þeirra ædstu Prestar og Hofdingiar ofurselldu hañ i Fyrerdæmingu Daudans og Krossfestu hañ, eñ vier hugdum ad hañ munde Endurleysa Israel, Luc. 24. sogdu þeir: Jaa, Philippus hafde svo leinge vered hiaa Christo, og þeckte hañ þo ecke, og Petur sagde: Ei verde þier þetta, þa HErrañ talade uñ sijna Pijnu, og vard fyrer slijka Faukiænsku af honum hardlega ataleñ. Fyrst nu ad þeir sem JEsu svo handgeingner og naukvæmer voru, þecktu ei betur Guds Raad og Asetning, þa er Olijklegt, ad þeir hañ hotudu, munne hafa kuñad meire Skil ad þessum Leindardoome, hvar fyrer Petur eirneñ sagde, er hañ talade uñ Saklausañ Dauda og Krossfestingu HErrans Christi: Nu veit eg Brædur mijner sagde hañ, ad þier l af ed giort þad af Oviturleik, svo vel sem ydar Hofdingiar, Act. 3. Vier hofum heyrt hversu ad S t. Paall ossookte Guds Sofnud, og var hañ þo hñ

froodaste i Ritninguñe og Guds Logmaale, samt seiger hañ uñ sig: Eg var til Forna Gudlastare, Ofsooknare og Forsmaanare, eñ eg hefe Myskun odlast, þvi eg giorde þad Ovitande, i Trwgyrne, 1. Tim. 1. Og eins munu fleire Gydingar hafa vered a sig komner, þvi þeir villtust, og vissu ecke Ritningarnar, seiger Endurlausnareñ vid Saducæos, Matth. 22. Fiærre sie þvi, ad eg a nockurn Hatt afbata vilie hiñ Dæmalausa Ogiorning Gydinga, þad forbioode og Gud, ad eg ætle ad hañ hafe haft Skuld i þeirra Blindne, þvi hier a þad ecke sijdst heima, sem Ritningeñ seiger: Pijn Fordiorfun kiemur af þier, þu Israel, Os. 13. Vel maattu Gydingar þeckia, ad JEsus af Nazareth var þeirra Konungur og Heimsens Endurlausnare, þvi þeim var framar odrum Piodum trwad til Guds Orda, seiger St. Paull, Rom. 3. Svo þeir hofdu aungva Afsokun, nema hiñ eilijfe Medalgaangare mille Guds og Mgña, hefde viliad laata þetta fyrer Afsokun gylda. Eñ svo sem þad geingur til fyrer þeim, er vill fyrerkoma Lijfe sijnu, ad hañ birger fyrer Augu sier, adur eñ hañ koll-steypest i Vatned, svo gieck þad og Gydingum, þeir villdu ecke Ransaka Ritningarnar, svo þeir þeckti hañ, þvi þeir hugdu sig vita, ad ei være hañ sa, ed koma skyllde, birgdu svo hañeñ sijn Eyru fyrer Rotteñs Kieningu, og Augu sijn, ad ei lite þeir Sool Riettlæteses; þar til þeir steyptu sier i Afgruñ Oluckuñar. Eingeñ kañ ad

vilia

vilia hid Illa, i peirre Meiningu, ad pad sie Illt: Sa sem Reidur er, peinker pad afar gott ad skeita Skape sijnu, og aungvu verdur hiñ Agiarne svo feigeñ, sem Fiaar-Ablanum, jafnvel poott hañ tekeñ sie fra Muñe hins Hwngrada; Fysn hañs velldur pvi, ad hañ man ecke til pess, ad hiñ straunge Doomare mun skipa peim fra sier i eilijfañ Elld, til ad kveliast par, med Diosflenum og ollum hañs Aarum, er pañeñ wtsiwga Hws Eckna og Fodurlausra, og ei giæter hañ pess, ad hañ mune lijkañ Kost hafa, nema hañ giallde Varhuga vid. Svo var pvi og haattad fyrer Gydingum, poott peir kyñe ecke ad svara honum Einu Orde, edur mootstanda peim Anda, af hvorium hañ talade, samt hofdu ecke Guds Ord Rwm i peim, og po vill Bruñur Myskunareñar, ad pesse sialf-skopud Vijte, skule verda peirra Maale til Umbootar fyrer Auglite sijns himneska Fodurs. O! HErra Gud! Hversu Olijkt er fared Guds Giædsku og Illsku vors Hiarta? Er nockur sa meiddur i Ordum edur Verkum a medal vor, ad hañ legge pad ecke wt a hiñ versta Veg? Ef einhverium af Braadræde kañ ad reña i Skap, sem optlega skiedur, pa kalla Meñ pad af Hatre edur Ofund kome: Ef nockur misbrijtur af Ogaate, pa heiter pad af asettu Raade: Sie einhverium misboded i Virdingu siñe, pa pyker hinum Dramblauta spo sem hañ sie fyrerliteñ: Og pad Ord er einhver talar i Grañleyse, pvi snijr hañ a hina verstu Leid,

sem svo er vidkvæmur, ad hañ ætlar sig lijttañ i hverju Orde, er ecke liggur honum til Sæmdar, og allt þetta framkiemur af því, ad Drambseme Nattturuñar er svo Rijk-Lundud, ad hun eyrer aungvu, nema hun stele Hefndeñe frá Gude, hverja hañ hefur þo siaalfum sier skiled. Seiged mier þa Born mijn; Hvad er orded af því Attuuda Guds-Bode? Er þad wtskafed wr hañs Logmaale? Ecke mun þad vera, því eckert af ollum Bodordunum er Naudsynlegra til Uppfyllingar Christi Logmaals, eñ þad uñ Kiærleikañ, hver ed alla Hlute virder ad hægra Veg; Hañ lijdur allt, hañ er Poleñmoodur, hañ uñber alla Hlute, og hañ er Logmaalsens Uppfylling, seiger St. Paall, 1. Cor. 13. Þier þiker sa Jlls verdur, sem þier tilgiorde, moote Logum og Riette, eg jatta þad satt ad vera, því hañ giorde þad sem Logeñ baña; Eñ þu giorer eñ verr, er þu hefner þijn, því þu svipter Retteñ sijnum Riette, hvers Embætte er ad straffa þa sem Jllt giora. Logeñ eiga ad hefna, bæde sijns og þijns Oriettar, eñ þu fellur iñ i þeirra og Guds Embætte, og ræner hañ Riette sijnum, sem sagt hefur: Mijn er Hefndeñ, eg vil Endurgiallda. Seig mier, hver er þa betre, hañ sem Orietteñ giorer, eda hañ er hefner Oriettarens? Hañ er tilgiefur, tiener sig honum meire ad vera, sem uppgiefed er, því sælla er ad giefa eñ þiggia, bæde i þessu Efne og odru, og þar fyrer seiger Salomon: Ad þad sie Æra Mañsens ad forlata

ta

ta Mootgiordena. Jeingu kuña synduger Meñ Gude helldur ad lijkiast, eñ i þvi, ad gleyma Misgiordunum. Sa hiñ Heiptræke, og hiñ, er giarnaañ tilgiefur Misgiordena, þeir-lijkia baader epter Gude, þo siñ med hverju moote, hiñ epter hañs Mætte, þesse epter hañs Giæsku. Þetta kañ ad nockurn Veg ad takast; Þvi HErrañ seiger: Vered Myskunsamer, lijka sem ydar Fader er Myskunsamur, Luc. 6. Hitt hefur alldrei nema illa tekest, þvi Guds er Hefndeñ. Satan villde apa epter Guds Almætte, þar fyrer er hañ rekeñ til Helvijtes ofañ, fiotradur Myrkrañna Hleckium, 2. Pet. 2. St. Stephanus og Jacob Jerusalems Biskup, hermdu epter DRottne sijnum i þvi, ad bidia þeim Fridar er þa af Dogum tooku, og kollum vier þa sæla ad vera. Meñ kalla þad Stioorn meire, ad reffsa þeim er oss raangt til giora: Sie þad svo fyrer mier. Eg vil helldur fyrergiefa med Christo, svo eg meige med honum rijkia, eñ stioorna med Fiandanum, og med honum Præll vera ad eilijfu. Eingeñ, edur all-fæster giora nockrum Oriett Eintoomis Oriettarens vegna, helldur ber þad optast til þess, ad sa sem giorer ad añars Hlut, hañ metur sig meir eñ þañ, er hañ misgiorde vid, edur og ætlar sig ad hafa þar af Gagn, Heidur edur eitthvert Epterlæte. Giæt ad þvi þar fyrer, ad þott þad sie ecke Christelegt, þa er þad þo Mañlegt, ad elska sig meir eñ adra, og þoott einhver være svo Diofflenum lijkur, ad

hañ hefde Gaman af, ad fremia Til-drattarlausar Meingiorder, þa hurum þad, seige eg, ad Elldureñ breñer, og Pyrnereñ stijngur, af þvi þad er þeirra Nattura; Svo er og hiñ Ogudlege, hañ gietur ecke nema vondur vered, og hañ er ecke til Frids, nema Einhver steite sig, seiger Salomon. Petta seige eg nu ecke Hreckvijseñe til Affskunar, helldur Guds Bornum til Vareygdar, ad ei skiemme þaug sig a Diofulsens Limum, þoott ad þeir þioone Lund siñe, sem eru af Fodurnum Fianda; Lære myklu helldur ad fylgia hañs blessudu Dæme, sem bad fyrer Yfertrodslu-Mañunum: Hañ took þeim Grid af Gude medañ þeir hañ kvoldu, og fridade fyrer þær Synder, er honum voru þa hvad þyngstar, eñ þu gietur ecke gleymt þvi Lijtelræde, er hiñ Sam-Christeñ aflaga giorde vid þig, Jafnvel fyrer morgum Arum. Nijtt Bodord gief eg ydur, sagde vor blessade Hofud-Prestur, Joh. 13. Ad þier elsked hver annañ Jñbyrdes, og þad hefur hañ ecke einasta þeim sagt, helldur ollum þeim, sem a hañs Nafn trwa vilia, þvi ollum sagde hañ Epterlijkinguna uñ hiñ vonda Pioon, hver ad er somu Meiningar. Eñ hier hefur þad saklausa Guds Lamb haangande a Krossenum ollum eitt nijtt Epterdæme giefed, sem er ad bidia fyrer þeim, sem oss i moote briota, svo ad hañ stadfeste þad, er hañ hafde adur kiendt, Matth. 5. Elsked Ovine ydar, blessed þeim er ydur bolva, giored þeim gott, sem ydur ad Hatre hafa, og bid-

ied

ied fyrer peim, sem meida ydur og ossækia, svo ad þier sieud Born Fodur ydar, sem a Himnum er, hver ed lætur sijna Sool uppreña yfer Vonda og Gooda, og rigna yfer Riettlaata og Rangla ata. Þad er Ouñrædelega stoor Poleñmæde, uñ hverja Esajas spaer, 53. Cap. Talande uñ Messiam, ad þegar hañ wtstood Kwgunena og var þvijngadur, þa upplauk hañ ecke sijnum Muñe, helldur eñ Lamb til Slaturs leidt, og hañ þagde svo sem Saudur fyrer þeim er hañ klippa. Eñ JEsu Guddoomlega Giæska yfergnæfde alla Spadooma i Pijnuñe, þar ed hañ upplauk þo sijnum Blessada Muñe, ecke til ad kalla Eld af Himne, Eins og Elias fordum, helldur til ad slockva þañ fortæranda Eld Guds Grimdar Reide, hver ed breñur allt til nedsta Helvijtes, ad ecke svelgde hun þa, er Liooma Fodursens Dijrdar og Imynd hañs Guddoomlegrar Veru, Heb. 1. hefdu giort ad Madke og ecke ad Mañe, Ps. 22. Og þad vanst honum svo vel, ad hiñ straunge og Riettlaate Doomare, kastade allra Guds Barna Syndum i Hassens Diwp, og vill þeirra ecke ad eilijfu miñugur vera, samt er Andskotans Illsku-Kraptur svo sterkur i heipt-ræku Syndarans Briooste, ad Miñing JEsu Kvala, er hañ saklans þolde, gietur ei feinged svo a hañ, ad hañ gleyme þvi er hañs Naunge hafde vid hañ afbrugded. Tak þo til Jhugunar Christeñ Madur, med hverium Hætte þiñ Frelsare hefur lagt Grundvoll

Christne sinar i Fyrstune, ecke med Harke edur Ossa, helldur med Poleñmæde og Uñburdarlynde. Hver sem heyrer Stephanum bidia til Guds fyrer þeim, sem hañ grijttu, Act. 7. Hver sem les þad er Eysebius skrifar uñ hiñ heilaga Jacob, hversu hañ beidde ad deyanda Deige, ad hañs Ovinum mættu Til-giefast þeirra Synder, nærre med somu Ordum og hañs Meistare hafde adur giort, svo sem fyrer skomu var aminnst. Hver hañ athugar þad St. Paall vottar uñ sig, 1. Cor. 4. Oss er formællt, og vier blessum, vier þolum Ofsoknir, og uñberum þad, oss er Lastmællt, og vier bidiunst fyrer. Hver sem allt þetta, seige eg, heyrer og les, hañ mun jaata þad, ad Gud hefur ecke lated reisa sijna Kyrkiu med Veralldareñar Hofmood nie faanijtre Hiegooma-Dijrd, helldur med Kyrd og Posgn, i hverre ad bijr Kraptureñ, Ja Kraptur Guds sa ed er i Breiskum mættugur, og yfervinur Verolldena. Eñ giæt þess, Christeñ Madur, ad þad sem askorter, byriar med sama Hætte ad fylla, svo hun sie oll af lijkum Kostum gior. Hun er grundvollud a þeim Steine, sem Uppbyggendur hafa burtkastad, eñ þo er ordeñ ad Hofde Hyrningar, Matth. 21. Og morgum til Falls og Upprisu i Israel, Luc. 2. Eige sijdst þegar hañ sette sitt Andlit svo sem eirn Hellu-Stein fyrer þeim, er hañ sloou. Yfer-Byggingeñ verdur Grundvellenum ad sambiooda, svo hun falle þar vid: Hun ma ei vera af

Leyr

Leyr og Sande, svo hun i sundurbrotne og hryn-
ie strax sem vid heñe er sleiged, og skieme þa er fyr-
er verda, eins og Seneca um Reidena talar, ad
hun sie lijk þvi Hwse er hrapar, hvert ed sundur-
molar allt þad er under þvi verdur, og siaalst brot-
nar þad i eñ fleire Parta. Eg veit ad margur
þeinker, ad ecke sie Ohult ad lijda Orietteñ i Heim-
enum fyrer Mañaña Illsku Saker, hver ed æsæl-
est Hoogvære hiña Kyrrlatu, svo eirn Oriettur
bijdur odrum heim. Eg kañ og ecke añad ad seig-
ia, eñ þad Leifelegt sie ad sækia med Logum Riett
sin fyrer Christelegu Yfervallde, eñ ef af-bera kañ
ad þu naer honum, þa er betra ad gaanga Riett-
laus iñ i Himnariike, eñ ad hrapa til Helvijtis med
þañ Riett, er Madur took frañ fyrer Hendur ar
Gude. Og þott ad Sverd Valldstioornareñ-
ar kuñe ad ridga i Slidrunum, þa vaker þo Guds
Hefnd, og hañs Sverd er naked. Ef þu ætter
strax ad deya Christeñ Madur, munder þu ecke
ollum strax fyrergiefa? Eñ þu veitst ecke hvert þu
muner yfer hid nærsta Augnablik komast. Og
ef svo kañ til ad bera, ad þier verde ad Skyndingu
i burtu kipt, og þu ei fundeñ klæddur Brwdkaups
Klæde, þa vara þig ad ei verde til þijn sagt: Vin-
ur, hvar til komst þu iñ hijngad? Matth. 22. Lated
ei Soolena undergaanga yfer ydar Reide, seiger
St. Paall Ephes. 4. Hvad myklu helldur ættu
Meñ þa ad varast, ad Daudeñ hitte oss med illu
Skape? Sa sem vill lækna Orietteñ med od-

rum

rum Oriette, hañ er lijkur þeim, er þær Skarn med Skarne, edur honum, er hoggur framañ af Fætenum til þess, ad Skooreñ fare þess betur. Svo gapa Meñ epter Hiegoma-Dijrd þessa fallvallta Heims, sem foolgeñ er i því, ad sijnast ollum sterkare, ollum meire, og rauda hvers Mañs Giæfu og Ogiæfu, viliande helldur giora sier Diofulsens Prælar i Hefndeñe, eñ Christi Læresveinar i Poleñmædeñe. O! þu saklausa Lamb Guds, sem hiñar Ogudlegu Veralldar Synder hefur saklaus bored, þu sem Erfidad hefur i añara Syndum/ og betalad þad þu ecke rænter, skapa þu nijtt Hiarta i oss, og gief oss nijañ vissañ Anda; Þu veitst ad Þankar vorer eru Vonder i frá Upphafe, Gen. 6. Og hin Fyrsta Spilling, sem vier erft hofum epter Adam, hefur svo bwed uñ sig i oss, ad vier fæum heñe ecke wtrijnt, nema fyrer þiñ Anda. Fyrer því grattbænum vier þig Bruñur allrar Glæsku og Hoogværdar, lát Miñing þijns saklausa Dauda og vorra Synda, er þig Niettlatañ kvaled hafa, deyda i oss Osstæke vors bañvæna Hollds, og þegar ad Ilska Natturuñar tekur ad hreifa sier af Andskotanum uppblæseñ, þa lát þitt blessada Epterdæme skijna fyrer Augum vorum, og gief oss ad vier þeinkium til þeirra Orda, med hverium þu vor Meistare hefur lyktad þa Blessudu Bæn, med hverre vier Daglega skrijda eigum til Skarar Foota þiña: Nema þier fyrergiefed hver odrum ydar Misgiorder, þa mun

miñ

miñ himneſke Fader ecke fyrergiefa ydur ydar Synder, Matth. 6. Peſſa bidium vier þiñ og vorn Himneſka Fodur i Krapte þiñar Forþienuſtu, Amen.

PREDIKAN

vt af hinu

Audru Orde DRottens JEſu Christi a Krossenum.

Sañlega ſeige eg þier / ad i Dag ſkallt þu vera med mier i Parodijs.

ÞAD er Dijrmætt og verdugt Ord, ſeiger S. Paull, 1. Tim. 1. Ad JEſus Christur er komeñ i peñañ Heim, Synduga Meñ Sæluhoolpna ad giora, a medal hverra eg em hiñ meſte, Eñ þar fyrer hefe eg Myſkun hloted, ad hañ audſijnde a mier allra hellſt Stærd ſiñar Myſkunar til Epterdæmis þeim ſem a hañ triva

trwa mundu til Eilijfs Lijfs. Med mikellre Ognan hefur hiñ Volldugc Gud byrt sijna Volldnga Reide yfer Mañaña Bornum, peim sem Footroded hafa hañs Bodord og Skipaner. Sa sem heyrt hefur Straff hiñar vantrwudu Veralldar, Sa sem les hverneñ Gud i Reide sijñe brende upp Sodoma og Gomorra, Sa sem athugar hañs Hefnd yfer Jsrael, pa peir mœgludu a moote peim er Moyses gisrde fra sier til ad ransaka Landed, Num. 24. Hver sem miñest Straff peirra, er samlogudu sig Midianitum i Schittim, Num. 25. Hañ sem peinker til peirra er freistudu Guds i Corba, og urdu fortœrder af Høggormum, Hver sem fyrer sier vyrder Anaudena i Babylon, Hver sem Jerusalems Eideleggingu ihugar, hañ skal med miklum Otta og Skielfingu jauta pad, ad hvern sem hañ Foragtar, pañ vill hañ Foragta, 1. Sam. 2. Hvar mñ hañ siaulfur vitnar, Exod. 20. Seigiande: Eg em Gud DRotteñ, sterkur Vandlœtare, vitiande Rangiœtis Fedraña a Sonunum, i Pridiu og Fiordu Ættkvijsl peirra

rá sem mig hata. Eñ þott hañ hafe svo opeñberad Mañunum sitt straunga Riett lœte, þa hefur hañ þo ecke lœted sig aan Vitnisburdar sinar miklu Myskunseme, þvi seiger hañ skoñu sijdar i sama Capitula: Eñ giorande Myskunseme i þusund Lidu, þeim sem mig elska, og mijn Bodord vardveita. Svo mikeñ Mun giorer hiñ Almœttuge Gud Reideñar og Giæskuñar, Hefndareñar og Myskunsemeñar, svo sem er a mille Fiogra og Þusund Lida. Þad er honum Eigeñlegt ad Myskuna, hitt ad hañ straffar, frañkiennur af Þriootsku Mañaña. Þetta seigest St. Þaull hafa sañad a siaulfum sier, þvi skoñu fyrr i hinum sama Capitula jaatar hañ sijna Illsku og Unggiœdis Ofstopa i giegn Gude; a peñan Hœtt: Eg sem til Forna var Gudlastare, Ofsooknare, Spottare, hefe Myskun odlast, þvi eg giorde þad i Ovite af Trwgyrne, eñ Naid DRotens vors hefur yfergnœft med Trw og Kiœrleika, sem eru i Christo JEsu, 1. Tim. 1. Leider svo ollum Riett-trwudum og Sañ-ydrande Mañeskium fyrer Siooner sitt Dœme

me, ad eingeñ skule sier Guds Nadar orvænta, hversu sem hañ sie hinum verstu Syndum hladeñ, þar Gud hafe sier þar fyrer Myskunad, ad hañ yrde ollum sem a hañ trwa mundu til Jarteiknis uñ Guds miklu Myskun og Hiartgroona Elsku. Nu þo ad þesse Bevijssing sie hin augiætasta, er þesse Guds Madur kuñe til ad leida i þvi Efne, er hañ skrifar uñ, og hellst þess vegna, ad hañs Næda var kriddud med audmivkre Medkieñingu, med saũre Ydran, med lijtelætu Hiartalage, (þvi nema svo hefde vered, munde hañ ecke brivka sijnar eigeñ Avirdingar til ad mikla þar med Guds Giæsku,) þa vantar oss ecke þvilijk Dæme, bæde i Heilagre Skrift og añar stadar, þvi þott Gud pecke best allra Maña Siñe og Hiortu, þa skyllde þo sijnast fyrer Mañlegum Augum, ad Aaron, David, Manasses, Petur og Maria hefdu ei miña ofgiort vid Gud eñ Paulus, þvi peirra Synder voru med Vilia giordar, og hafa peir þo ecke sijdur Myskun hloted. Vier þurfum ecke laangt epter Vitnum ad leita hier uñr.

Hañ

Hañ polde Jſraels Synder i nockur Hundrud Ar. Stijngum Hendeñe i vorn eigeñ Barm, og ſkodum hvad lijted vier hofum gott giort, og hvad margt illa, og þo hefur Guds Millda Hond ecke burtkaſtad oſſ eñ þa. Peinktum a þad, hverſu tijdt Gud hefur verndad oſſ midt i Syndunum, og lauted oſſ Oſkaddada a þeim ſomu Limum og Lidum, er vier hofum vtriett til hiña verſtu Glæpa og Gude til Mootþyckiu, og munum vier braadlega neidaſt til ad jaata þad, ad ſvo miked ſem Himiniñ er Jorduñe hærre, ſvo miked yfergnæfer Guds Giæſka hañs Reide, yfer þeim, ſem eñ þa hafa ecke uppfyllt Mælingu Syndareñar. Eñ þo þeſſu ſie nu ſvo vared, þa kyñe Syndareñ ad leida i Huga ſier: Þott Gud hafe mig ſvo leinge lided, þykeſt eg ſaunt vita þad hañ mune mier reidur vera, þvi hañ er Gud, ſem ecke þoocknaſt Ogudlegt Athæfe, þott hañ uñbere Illſku mijna uñ Hrijd, og hafe polad mier ſvo leinge margar Yfertrodſlur, þa er Lijtlegt ad hañ ſkrife þær uppa Reikning, ſa ed mæte miñe aumu Saalu i Doom-

enum, þa eg skal a hverju Onytiu Orde Skil giora. Þoott Paulus hafe syndgast, þa hefur hañ þo heitt ydrast. Petur gieck vt og griet Beiskllega. Maria þvode JEsu Fætur i sijnum Taarum. David lagde Kongs Tigunena i Seck og Osku. Manasses griet sijnar Illgiorder med Harma-Klogum og liet af ad syndga, og aller hafa þesser Gude uñ laanga Tijma þioonad, eñ eg hefe fra Barndoome lifad Ydrumarlaust, og þoott eg hafe a Stundum sijnst þar vid, þa hefur Ydruneñ alldrei geinged mijnu Hiarta svo nærre, ad eg hafe fra illu Athæfe aptur horfed, edur miñ seirne Dagur hafe betre vered eñ sa fyrre, svo ad Sooleñ, sem ad Kvøllde nidurrañ yfer miñe Vondsku, hafe yfer mier Riettlaatare ad Morgne Dags upp aptur ruñed, þykist þvi vita, hvad sw Ydrum gillda munu i Guds Auglite: Kañ skie eg hafe ei helldur laangar Stunder hier epter Gude ad þioona i Endurnijungu Lijfdagaña, þar eg veit ecke nema a þessare Stundu verde til mijn sagt: Gior Reikningskap þiñar Raadsmeñsku, þijn

Saalg

Saala skal fra þier tekeñ verda. Sañlega er þad ecke Olijklegt, ad þesser Þaunkar meige sliwga þeim i Hug, sem allañ siñ Alldur hafa i Illskuñe aled, og kañ eg ecke ad seigia þad sie Ovarlega hugsad, þvi betra er ad Miñing Illgiordaña preyuge nockud ad oss hier i Naadeñe, eñ ad hun kvelie Eilijsflega i Helvijte: Eda hvar fyrer skylldu Meñ sliwga ad siaalfum sier, edur Saal sijna a Taalar draga, nie vænta þar Fridar, hvar eingeñ er? Lijklegt er og ad sa sier temur þetta Hugarfar, hañ mune skirrast vid ad sigla leinge med fullum Seglum undañ Hrad-Byre Holldlegrar Fysne, ef skie mætte ad honum munde þa miñstum Vonum varer uñ Koll steypa. Eñ þo ad slijker Þaunkar gagne ei all-lijted til Apturhvarfs fra Syndunum, og til ad verka Saaluhiaalp sijna med Ugg og Otta, þa er samt vel Adgiætande, ad þeir ofþijnge ecke Vesolu Syndarans Hiarta, svo ad hañ þar fyrer falle i Þrvænting og Vantrv, og verde svo hin seirne Villañ argare hiñe fyrre. A moote þeirre bañvænu Hugsijke, er Ca-

ins Saalu mirdte, er Achitophel kyrkte, er Judam liet i midiu i sundur i tvo Hlute bresta, er hin kroptugasta Lækning i þvi odru Orde JEsu vors Endurlausnara, er hañ talade a Krossenum til Ræningians, hvert vier vilium oss nu fyrer Hendur taka, og af þvi alleina yfervega vors Endurlausnara Fodurlega Giæsku i þvi, ad fyrergiefa Syndernar, og leida Mañeskiuna til Himnarijkis.

ÞEsse Maals Grein Vors Endurlausnara, hlioodar þañeñ Born G.E. Sañlega Seige Eg Þier, Ad i Dag Skallt Þu Vera med mier i Paradijs.

AMen stendur i Textanum, þad þijdest Vissulega, og er Svardage hiñs Almættuga Guds, þegar hañ vill vid nockurn Hlut miklar Vidlogur hafa. Vel mætte Ræningeñ trwa, þo ei hefde JEsus svared; Eñ fyrer þvi ad hañ visse, ad hañs Trw munde i þeim sijdustu Andarslitrum kuña brædlega ad veikiast, og hañ mætte þykia Olijklegur nockrum til fulltijngis, er sialfur var forlæteñ og Hiælparlaus: Af þvi Ræningianum var svo miklu heited, fordæmdum Mañe Himnarijke, Krossfestum Paradijs, Illvirkianum eilijfu Lijfe, og þeim einkis Von ætte nema eilijfra Pijssla i Helvijte, Æfenleg

Vistar

Vistarvera med Gude, þa vill hañ ecke þañ lijttlogande Hor-Kveik wtslockva, Esa. 42. sem sialfur upplijser alla Meñ, sem koma i Heim þeñañ, Joh. 1. og ecke braakadañ Reyr fyrer Augum sier i sundur brotna lauta, sem sialfur var med Reyr-Legg i sitt Hofud sleigeñ, Marc. 15. Sia hier Fodurlega Giæsku þijns Endurlausnara Christeñ Madur: Hañ var yfergefeñ af ollum sijnum Vinum, samt yfergaf hañ ecke siñ Ovin: Hañ var forlæteñ af sijnum Fodur, samt forliet hañ ecke eirn Næningia: Hañ gaf sig ecke ad Brixle og Hædungum hiña Ogudlegu Gydinga, ei Kieskne Strijds-Mañaña: Hañ þagde vid Gudlostun hins Ogudlega Næningia, eñ þesse fieck ecke fyrre wttalad af Muñenum, þad hañ beidde uñ, helldur eñ JEsu Myskunar Ydur hrærdust i honum til Medaumkunar, þar hañ hieck a Krossenum. Hvad mun hañ gisra, þar hañ situr i Dijrdeñe, er svo var myskunsamur midt i Kvoleñe? Hversu mun hañ kieña i Briosste uñ þa, er hañs vegna Krosseñ bera, og Ossokner lijda, er svo var nædugur hinum Ofræga Stigamañe? Hvad heitt mun hañ elska, þar hañ er uphafeñ a siñ Tignar-Stool til Fodursens hægre Handar, sem svo heitt elskade, Krossfestur a millum tveggia Spillvirkia? Þesse er sw breñande Elskañ, med hverre JEsus oss elskade, þa vier vorum hañs Oviner, Rom. 5. Hun kuñe ecke ad dyliast midt i Kvolunum: Hin sama Elska,

sem droo hañ uppa Krossens Galga, færde þesse Lijknar Ord vt af hañs Hiarta. Pad hañ elskade sijna Vine, þad hañ taradest vid Gros Lazari, þad hañ fyrergaf Mariu, sem hañs Fætur þvode, þad hañ leit til Peturs, er hañ hafde honum afneitad, þad var stoort Furduverk hañs mikellrar Elsku til Mañana Barna: Eñ hverju Nafne skal þetta nefna, ad hañ midt i Kvslunum, midt i Saalar og Lijfs sterkasta Ofbode, liet sier svo mikelega hugad vera uñ Saal eins Illrædis Mañs, þa hañ var midt i Helvijte, frelsade hañ Saal hañs fra Helvijte: Pegar hañ bar allañ Pynga Guds Reide, liette hañ Guds Reide af odrum, og þa hañ ecke vard Bænheyrdur fyrer sialfañ sig, Bænheyrde hañ þeñañ Syndara. Svo sañarlega sem eg life, seger DRotteñ, vil eg ecke syndugs Mañs Dauda, Ezech. 33. Pad er hañs dijrasta Sære. Gud kañ ecke ad deya, eñ JEsus, þoott hañ dæje i Holldenu, sijnde þad ollum Heime, ollum Sañydraude, ollum Villuræfande, ollum Harmþrwngnum, ollum Freistudum, ollum Stoorbrota-Mañum, ad hañ hefde ecke Pocknan a Dauda Syndarans, helldur villde sialfur i Daudañ gaanga, svo ad hiñ mætte lifa. Hvad er þa Madureñ þess miñ Herra og Gud, ad þu miñest hañs svo, edur Mañsens Sonur, ad þu vitier hañs i svo diupum Myskunar Ydrum, Pf. 8. Hvad var þesse Illvirke, ad þa skylder honum svo myskuna? Tijdt hefur

hu

þu miñ Herra leingur dulest fyrer Astvinum þijn-
um: Þu tookst ecke svo blijdt þiñe Elskulegu
Moodur Fordum i Cana, svo sem þessum; Þu
lietst hina Canversku þrisvar hroopa; Þu aavijt-
ader Konungs-Mañeñ uñ sijna Vantrw; Þu
svafst þegar þijner elskulegu Læresveinar tooku til
ad forgaanga, eñ vid eina Andvarpan þessa Syn-
dara, var þitt Myskunar Eyra svo þunt, ad þu
svarader honum svo sliodtt, sem hañ kuñe ad tala.
Þijnar Hendur voru a Krossenum fastar, þijner
Fætur a Tried nidur neglder, allur Lijkameñ
var Maatthrota: Þu hasder noog ad giora, ad
troda alleina Vijn-Pressuna; Þad blessada
Balsams Trie var hier ad laata sig særa til Lækn-
ingar þeim er þad hiuggu, eñ þitt Hiarta var eñ
þa ecke i giegnum stunged; Þad gat ecke aan Mys-
kunar vered; Þær blessudu Barernar, a hver-
iar Nadeñ er wthellt, Þs. 45. hofdu eñ þa ecke
teked hin sijdustu Andvorp, þær maattu ecke Jd-
julausar vera, helldur til þess ad allt giorder þit
vel fraa hinu Fyrsta til þess Sijdsta, urdu þær
þeñan Vesæling i hañs sijdustu Neyd ad hugga.
Hvar syrer miñ Herra? Uppa þad, ad eingum
tapader þu af þeim þier giefner voru, uppa þad
þu Bænheyrder medañ Syndareñ være ad bid-
ia, uppa þad þu sañader hier þijn blessud Ord, ad
meire Glede være i Himnenum yfer einum syndug-
um, sem Ydran giorer, helldur eñ yfer niju og nij-
tiju Riettlaatum, Luc. 15. O! Herra JEsu, hiet

hefe eg og aller Stoor-Syniduger eina Huggun, sem eingeñ skal af oss taka. Á Dogum sinar Hollds-Vistar took Jesus Tollheimtu-Meñ og Bersynduga til Nædar, og baud þeim til sijn ad koma, þad þeir skylldu lifa i Endurnijungu Lijfsdagaña, eñ midt i sijnum Dauda, hefur hañ einum Daudvona Syndara myskunad, þeim til Huggunar, sem Samvitskañ midt i Daudanum klagar. Miked hefde JEsus epter skiled, hefde hañ þetta allra dasamlegasta Myskunar-Verk Ogiort lated, þvi eg voga ad seigia, ad einsamallt þetta hefur fleire Sturladar, og i hinum sijdustu Fiorbrotum yfergiefnar Mañeskiur til Lijfsens leidt, helldur eñ morg oñur hañs Krapta-Verk: Eñ seged mier, Born mijn, hver mun hafa skoted þessum Saka-Mañe svoddañ Pœnka i Hug? Eg veit þier vilied seigia: Guds heilagur Ande, sem satt er, þvi can hañs kañ eingeñ JEsum D Rotteñ ad kalla, sem Paulus vottar, 1. Cor. 12. Þo þykest eg vita, ad sœa obluge Guds Kraptur hafe hved i þeim Ordum, er Jesus honum aheyrande nockru œdur talade. Uñ JEsu Sakleyse hefur hañ Tvijllaust aheyrsla orded i Fœngelsenu, þvi hversu mœtte hañ añars seigia; Ad þesse hefde aungva Sok? Hañ var og wtleiddur med Christo, hefur þvi vel mœtt heyra þaug agiœtu Ord, er Herrañ talade til Kveñaña, sem honum grœtande eptersylgdu: Eñ allra hellst hafa honum mœtt til Hiarta gœnga

þaug

þaug Ord, er JESus beidde med sin Himneska Fodur fyrer sijnum Ovinum, svo ad ecke er Olijklegt, þad hañ hafe matt þeinkia med sier, hverium er þesse lijkur? Sumer græta yfer honum, svo sem Mooder grætur yfer sijnum einasta Syne. Landsdoomareñ hefur sagt, þad hañ finde aungva Dauda-Sok med honum: Adrer spotta hañ og hæda, og til-leggia honum þær Haadungar, sem einkis Mañs Hiarta kyñe aa Stygdar ad þola: Þa fyrre huggar hañ, og kieñer þeim, hvad hier mune a epter fylgia: Hañ gleymer siñe Anaud, eñ er Ahyggiusamur uñ þeirra Velferd: Fyrer þeim sijdare bidur hañ, og bidur siñ Fodur, hvern hañ sagt hefur Gud ad vera, bidur uñ Fyrergiefning Syndaña. Eg sem ad medtek hvad mijn Verk eru, eg er ecke svo lyndur sem hañ, eñ hañ sem ollu verr er wtleikeñ eñ eg, og Landsdoomareñ hefur þo saklausañ kallad, hañ bidur fyrer þeim, er hañ svijvirda, bidur Fyrergiefningar a þeirra Syndum, er þeir nu a moote honum gisra. Hia þessum Mañe, er aan Efa nockud Gudlegt, og hañ mat Guds Sonur vera, sem under sitt Andlaat bidur siñ Fodur uñ Fyrergiefningu añarlegra Synda, þvi Gud alleina, og eingeñ añar kañ Syndernar ad fyrergiefa. Eg sem lijd fyrer Illgiorder mijnar maklegañ Dauda, eg sem ecke hefe ad treysta Goodverkum mijnum, sem eingeñ eru, eg vil og freista þessa: Fyrst hañ bidur fyrer Syndugum, þa

mun hañ eirneñ kuña mijnar Synder ad afbidia / Fyrst hañ fridar fyrer þa, sem hañ Krossfesta, spotta og hæda, þa mun hañ ecke mier, sem er i samre Fordæmingu med honum, afundeñ verda. Fyrst hañ bidur þeim Vægdar, sem hañ alldrei þar uñ beiddu, þa mun hañ mier vægia, sem hañ vil nu af Hiarta þar uñ bidia. Nockud svodd-añ mun Vesælingur þesse hafa giort sier i Lund, og hañs Bon liet JEsus ecke til Skañar verda. Hañ veitte honum meira, eñ hiñ þorde ad bidia: Hañ beidde einasta ad miñast sijn, eñ JEsus lofade honum Vist med sier. Hvad kuñe hañ honum meira ad veita? Hvar skyllde hañ vera an JEsu, svo honum vel lide, hvar kuñe hañ med JEsu ad vera, svo honum illa lide? Þess sem hañ beiddest af sijnum Himneska Fodur til Handa sijnum Læresveinum, er med honum bored hofdu Hita og Punga Dagsens, segiande: Eg bid þig Fader, ad hvar eg er, þar sieu þeir eirneñ er þu hefur mier giefed, Joh. 17. Þad sama veitte hañ þessum Stoorbrota Mañe; Er varla hafde eina Stund Dags erfidad. Miñ HErra JEsu, hvad fæavijs er Madureñ til þess, ad hañ skule Guds Ræd þeckia? Og hvad myked skilur Guds Dooma og Mañaña? Þad sem hañs Kvalarar ætludu honum til mestu Hædungar, þad er orded honum til eilijfrar Vegsemdar: Þeir heingdu hañ upp medal Tveggia Ræningia: Eñ þu sem ecke rænter Guds Mynd, eñ betalader þo hvad

þu

þu rænter ecke, audsynder þar a Næningianum, ad þu Magt hefder til ad fyrergiefa Syndernar. Peir baadu hañ ofañstijga af Krossenum, til ad auglijsa þad hañ Guds Sonur være, eñ hañ auglijste þeim, sem vidþurfte, ad hañ hefde Magt a Jordu til ad fyrergiefa Syndernar, fyrer þad dijra Lausnar-Giallde, er hañ gallt Gude a Krossens Altare, fyrer allar Veralldareñar Synder. Hver vill nu framar srvænta sier Guds Naadar, sem heyrer þesse Ord? Næningeñ heyrde hvad JEsus bad fyrer þeim, er hañ Krossfestu, og hvad hañ fyrer Kviñunum talade, þad hefur a an Efa snwed honum a Guds Veg, og dreiged hañ til ad bidia sier Myskunar af honum, er hañ heyrde ad var svo Myskunarrijkur. Eñ þu Christeñ Madur hefur hverttveggia petta heyrt, og Næningians Dæme þar ad auk; Ad eg tale ecke uñ morg oñur fleire. Hvar fyrer skyllder þu þa efast uñ Guds mykla Myskunseme? Pijnar Synder eru þier ofþwngar ordnar, gior þær ei þijngre med Srvæntingu Guds Naadar. Næningeñ hlaut Myskun, þvi hañ vonade, Judas vard burtrekeñ, af þvi hañ srvænte: Eg veit ecke hvor Munur vered hefde Judæ Syndar og Peturs, hefde ei þesse trwad, eñ hiñ srvænt, þad skilde þa mest, ad Petur gieck wt og griet beisklega, Judas gieck wt og heingde sialfañ sig. Pijnar Synder eru þijnu Hiarta ofur-þwng Byrde, eñ Gud hefur heñe uppa Soneñ kastad, þvi sañlega bar hañ vor-

ar Synder, seiger Esa. Cap. 53. Pijnar Synder ædngra þig svo miog, ad þu hefur ecke Frid i þijnum Beinum; Hañs Bein eru og i sundur-glidnud, og hañs Mattur uppþornadur sem sñur Skurm: Pær smellta þitt Hiarta, hañs Hiarta er eirneñ brædnad, sem añad Vax: Pijn Sæla er Drooleg i þier Syndaña vegna; Hañs Sæla er og hrygg ordeñ allt i Daudañ: Þu hefur syndgast optlega, JEsus bidur fyrer þier Oaflætañlega: Þu hefur drijgt Optlega somu Synder, JEsus er þo Forlijkun fyrer allrar Veralldareñar Synder, 1. Joh. 2. Svo opt þu ydrast Syndaña æ Jorduñe, svo opt verdur hañ Foornfærdur fyrer Syndena i Himnenum: Þu hefur syndgast allt i Daudañ, JEsus vard hlijdeñ Fodurnum allt til Daudans, Phil. 2. Þu kañt ecke framar Gott ad giora; Eñ þo þu kyñer, munde þad þig hoolpeñ giora? Fiærre sie þvi, helldur Blood JEsu, sem hreinsar þig af ollum þijnum Syndum. Þier þyker Olijklegt, ad Gud fyrergiefe þeim æ deyianda Deige, sem alla Daga illa lifde; Eñ hañ seiger þo sialfur: Gudleyse hiñs Ogudlega skal ecke skada hañ æ hverium hellst Deige hañ snijr sier fræ sijnu Ogudlegu Athæfe, Ezech. 18. Þijnar Synder yfergnæfa añara Mañna Synder, eñ þo yfergnæfer Nadeñ myklu framar, Rom. 5. Syndeñ kañ alldrei ad verda svo stoor, ad Nad Guds med Trwñe medtekeñ, sie ecke stærre: Alldrei svo morg, ad

Fiolde

Fiolde Myskunsemdana sie ei meire. Pu syndgast a hverru Augnblike, hans Naader þo ferst og nij a hverium Morgne: Pijnar Synder eru svo margar, sem Sandur a Slarfar-Botne, eñ hans Myskun uppfyller bæde Himen og Jord, þvi er hun eñ þa stærre: Par fyrer verdur þu alldrei svo fliootur ad ydrast, ad hañ verde ecke eins fliootur til ad forlata. Sa sem meir hatar Syndena, hañ vill hana helldur afmaa. Nu kañ Gude eckert svo gagnstædt ad vera, sem Syndeñ, og hun er þad einasta, sem honum illa lijkar, þvi skallt þu full-oruggur þess vera, ad þegar þu hefur feinged Leida til heñar fyrer Ydranena, þa mun hañ fliootur verda til ad afmaa hana fyrer Forbienustuna.

Hvad skulum vier nu hier til seigia? Skulum vier þa i Syndunum framveigis blijfa, svo ad Naadeñ yfergnæfe? Fiærre sie þvi, Rom. 6. Gud forbioode þad, ad eg skylde nockrum telia þa Trw, ad hañ meige Uggalaus lifa, af þvi Guds Naad er mikel. JEsus er ad soñu komeñ i heñan Heim synduga Meñ Saluhoolpna ad giora, 1. Tim. 1. Eñ ecke til þess, ad þeir skule syndga: Til ad kalla synduga, eñ ecke Riettlaata til Ydranar, Matth. 9. Eñ ecke til þess, ad þeir skule liaa sijna Limu Syndeñe til Jbwdar, fra eiñe Raanglætingu til añarar: Til ad uppfylla Logmaaled, eñ ecke ad uppleysa, Matth 5. Stoor Munur er þess, ad vera viss uñ Kvittun Synd-

aña fyrer Christi Forpienustu, og hins añars, ad forakta Rijkdoom Guds Launglundar Gieds, og athuga ecke ad Guds Poleñmæde leider til Ydranar, safnande sier svo Reide á Deige Reideñar og Guds Riettlætes Dooms, Room. 2. Hver ert þu sem þeinker ad alltijd sie noogur Tijme til Ydranar? Þu villt ad Morgne ydrast, eñ veist ecke hvert þu muner siaa Morgun-Dageñ. Gud hefur ad soñu heited ad vera þier Naadugur ar hverium þeim Tijma, sem þu snijr þier til hañs af ollu Hiarta; Eñ þvi hefur hañ ecke lofad, ad þvi fresta meige þar til þier gott þyker: Þu veist ecke nær Baasunañ lætur sdrum Lautum, og sagt verdur: Þu Dære, a þessare Nottu skal þijn Saal fra þier tekeñ verda, Luc. 12. Eda hun kvedur vid i Skijum Himens med þessu Hlioode: Rijsed upp þier Daudu og kouned til Doomsens. Í Dag, i Dag, a medañ þu heyrer hañs Roddu, þa forherd ecke þitt Hiarta, Þs. 95. Og ef þu þusundsiñum syndgar, þa laat þig þad þusundsiñum angra, og þeink ecke svo med þier, ad þu vilier eitt Siñ fyrer allar Synder Ydran gisra, þad være ad brwka Naad Guds fyrer Skialka Skiool, og ad Foottroda Sattmæalans Blood, med hverju Syndareñ er endurkeyptur, Heb. 10. Hañ hefur Ydran, og sijdañ Syndaña Fyrergiefning i sijnu Nafne predika lated, eñ ecke Undañdrætt og Doomlæte. Þoott Ræntingeñ sneresst seint, þa sneresst hañ þo samstundis,

sem

sem hañ (i pad siñ) kalladur var. Poott pu ætler pier mune leingre Alldur skapadur, pa giør slikt hid sama, ef pu villt deya Riettlætra Dauda: Skioot ecke a Frest Ydran piñe, pvi hañ sem lofade Syndaranum Myskuneñe, hañ hefur po ecke lofad, ad Myskunar-Tijmeñ skule til Morguns vara. Ef margur hefde farest i Mañ-Hættu einhverre, eñ faeiner afkomest, villder pu par æ epter fara? Eingeñ Heilvita munde giøra pad sitt Raad. Myklu sijdur ætter pu med Ostrauste og Hyrduleyse ad forlæta pig uppa pa Guds Naad, er pu hefur leinge forakttad og under Footum troded, Jafnvel po hañs Ouñrædelega Giæska hafe sumum aptursnwed i sialfum Andarslitrunum, pvi Gud hefur alldrei slijku heited, og JEsu Forbienusta er til alls añars ætlud, eñ ad biena Diosflenum, i Trauste heñar. Ad soñu er Sonur Guds i Heimeñ komeñ, til ad kalla synduga, eñ ecke Riettlæta til Ydranar, svo sem æadur er sagt: Eñ peir einer munu Kollunareñar Not hafa, sem ydrast vilia, af pvi hañ hefur til Ydranar kallad, og ecke til Illgirne. Seig mier pu sem meinar ad Christur mune frida fyrer pig med siñe Forbienan i Himnenum, æ medañ pu dijrkar Andskotañ i pijnum Limum. Hvad giorer pu af Christe? Mun hañ hafa nidurbroted Helvijtaña Port, til pess ad uppbyggia Diofulsens Rijke? Sañlega er hañ ecke par til i Daudañ sellur, ad vier skulum i Syndeñe lifa, heldur lifa eilijflega

med

med honum. Guds Reide af Himnum openberast yfer allt Ogudlegt Athæfe og Rænglæte Mañaña, seiger St. Paull, Rom. 1. Skyllde hañ þa hafa reidst sijnum Eingietnum Syne til þess, ad vier skylldum Rænglæted æfa? Fiærre tekur Paull þvi, Rom. 6. med þessum Ordum: Svo skulud þier og hallda, ad þier siælfer sieud dauder Syndeñe, eñ lifed Gude fyrer JEsum Christum DRotteñ voru: Þar fyrer rijke ecke Syndeñ i ydar daudlegum Lijkama, ad þier hlijded heñe i Gyrndum heñar, og liæed ecke Limu ydar til Verkfæra Syndeñe.

Veit eg ad aller þykiast þetta vita, og þad sie fyrer Vitsyrringa ad ætla Gud mune hafa endurkeypt oss Andskotanum til Þioonustu; Eñ þvi leggur þa ecke hiñ Agiarne af ad stela; Hiñ Heiptræke Foolskuna, hiñ Bakmæluge Lijgena, hiñ Ohlijdne ad forsmæa Yferbodara og Forelldra; Hiñ Lostagiarne ad hlaupa epter añars Mans eigeñ Konu? Eg tala ecke uñ hvad eirn kañ ad henda, þoott þad sie noogu Illt, eñ Fiolde Mañs æfer sier hvad af þessu, sem hañ er hneigdur til, eins og añad Hand-Verk, leggst nidur med slijkre Ahyggiu a Kvolldum, og stendur upp til ad fremia þad a Morgna. Og hvad fauer eru þeir, sem gieta sagt, ad þeir hafe wtstunged þad Augad, sem hneixlar? Eñ hvad velldur þessu, Nema Meñ taka ofiniked Traustatak vid Gud, sem eg er þo hræddur uñ, ad Þioofnadur dæmest af

hinu

hinu sijdasta Allsheriar Pijnge, og Meñ reida sig þar uppaa, ad þeir mune fa Toomstund til ad ydraſt, adur eñ þeir fara i burtu hiedañ? Svo giora Meñ Gud Nadugañ ad aungvum Gude og hañs Myskunseme ad Barna-Spile, eins og hañs Riettlæte sie honum ecke jafnskyllt, og ad Lækning Syndareñar eige ad vera Orsok til heñar. Svo sem Gud seiger uñ Juda, Jer. 2. Svo geingur þad til fyrer morgum þeim, er Muñ-christner alleina eru. A Olucku-Tijmanum seigia þeir: Rijs upp og hiælpa oss, eñ hañ vill svara; Hvar eru þa þijner Guder, er þu hefur giort þier? Stande þeir upp aa Tijma þiñar Olucku, og hiælpe þier ef þeir eru til. Eins vilia aller sættaſt vid Gud, þegar dregur ad hiñe hordu Daudans Tijd, eñ þad er under Hæleñ lagt, hvert þa verdur Toom-Stund til margra Umsvifa, er og all-lijklegt, ad honum mune ecke sijnt uñ ad ydraſt, sem alldrei visse hvad Ydran var, fyrr eñ þar er komed: Og fyrſt þessu Efne er þañ Veg haattad, þa er Einsætt ad dempa Upptok Syndareñar, og læra ad fyrerkoma Dreka-Unganum i Bælenu adur eñ hañ er fleygur ordeñ, svo ad af illre Hugsun ei tendrest Gyrndeñ, Gyrndeñ fæde Samþycked, af Samþyckenu framkome Verked, af Verkenu fylge Vaneñ, af Vananum þrooeſt Forherdingeñ, af Forherdinguñe orsakeſt Orvæntingeñ, af Orvæntinguñe vaxe Fordæmingeñ, af Fordæmingeuñe kvikne hiñ eilijfe Elldur, sem alldrei mun slockna,

na, og sa Ormur er alldrei mun deya. O! HErra JEsu Christe, þu sem i Heimeñ ert komeñ, Synduga Meñ Saluhoolpna ad giora. Kieñ þu oss a medañ þar seigest eñ þa, I Dag, medañ Naadar-Tijmeñ yferstendur, medañ Sool Riettlæteſens er oss ecke undergeingeñ, ad verka Saluhiaalp vora med Ugg og Otta, og lat oss ecke med Ostrauste piñar Naadar gleyma Skylldu vorre i Framűferdeſens Betrun og Endurnijungu Lijfdagaña, og þegar vier fraa Heime þeſsum wtleidder verdum til ad medtaka hvad vor Verk eru, sem eru Verdlaun Syndareñar, þa liñ oss ad vera þar sem þu ert i hiñe himneſku Paradijs, og þig þar eilijflega ad lofa og prijſa med Fodur og Heilogum Anda, Amen.

* * * * *

PREDIKUN

wt af hinu

Pridia Orde DRottens JEſu Christi a Krossenum.

* * * * \

ſtanda par hia / hvern hann elſk-
ade/ ſeiger hañ til ſiñar Mod-
ur / Kona / ſiá þu / þar er þiñ
Sonur. Þar epter ſeiger hañ
til Læreſveinſins/ Siá þu/ þad
er þijn Mooder.

Þaug ſijduſtu Ord Mañſins, er
hañ talar under ſiñ Dauda, pla-
ga oſſ giarnañ Miñisſtæd ad ve-
ra, ſierdeilis peirra, er oſſ eru af
Hiarta kiærer. Og þa vier kuñum ei
leingur peirra Naalægdar ad nioota, þa
pløgum vier ad laata oſſ vera peirra ſijd-
aſta Vilia Hugfaſtañ. Þeſſ gietur St.
Þaall, Gal. 3. Ad eingeñ forakte Mañ-
ſins Teſtament, ef þad er Samphyckt, ed-
ur legge þar nockud til. Hvad ſkulum
vier hier til ſeigia Børn Guds Elſkuleg.
Þa vier yfervegum JEſu Chriſti Guds
Eingietens Sonar Grautlegañ, eñ oſſ
þo reyndar Gledelegañ Vidſkilnad vid
peñañ Heim, hverſu þad, ad hañ giørde

hid nya Testamentum i sijnu Bloode, Luc. 22. Pa hañ gaf sijnum Læresveinum Holld sitt ad eta, og sitt allra helgasta Blood ad drecka? Eckert Testament skiede a peim Døgum fyrer utañ Foorufæringu, og eingeñ Fyrergiefning aan Bloods-Uthellingar, seiger Paulus, Heb. 9. Og par ad auke hlijtur Daude pess, er Testamented giører, par mille ad koma, ef pad duga skal, seiger Paulus eñ aptur. Allt petta hefur JEsus Guds Sonur uppfyllt i siñe Testamentisgiørd. Hañ iñsette pad Heilaga Sacramentum ad Kvøllde Dags, Hañ offrade siælfum sier par uppa Gude, oss til Forlijkunar, strax Dageñ epter, Hañ gaf peim sitt Blood ad drecka Kvøllden fyrer, Hañ uthellte pvi a Krossens Galga til Syndaña Fyrergiefningar, Dageñ epter. Eitt Testament verdur ei stadfest, nema fyrer pess Dauda sem pad giører, ad hønum Lifanda kañ pad ecke Abl ad hafa: Pad liet Guds Eingieteñ Sonur ei til vanta, og lagde siælfur sijna Sael fra sier, Joh. 10. svo pad skyllde Oraskanlegt uñ alla Æfe standa. Pad er

ecke

ecke ad undra, þoott Esajas Cap. 9. kalle hañ Undrunarlegañ. Eingeñ hefur uñ Æfe svo undarlegañ Sattmaala heyrt edur sied, Hañ er sialfur Høfundur Testamentesins, Hañ er Offur Sattmaalans, Hañs Blood er Forlijkuneñ, og ad þvi svo nidurskipudu, geingur hañ Sialfkrafa ad deya. Þegar Moyses giorde hid Gamla Testament i Guds Uñbode, med øllum Israel, þa las hañ upp fyrer þeim Løgmaalsins Ord, og took i Hendur Blood Kalfaña og Hafraña, med Vatne og raudre Ullu og med Isope, og stokte þvi a Bookena og allt Foolked, seigiande: Þetta er Blood þess Testamentis, sem Gud hefur boded ydur, Eirneñ a Tialldbvdena og øll Kier Þioonustugiordareñar, Exod. 24. Eingeñ skyllde þad undra, þo ecke kiæme hier til Daude þess er Testamented giorde, þvi JEsu Daude var i Foornaña Dauda fyrermyndadur, hañs Blood med peirra Bloode: Þær kuñu aungvañ Fullkomeñ ad giora epter Samvitskuñe, Heb. 9. Helldur var Syndeñ under Guds Poleñmæde, Rom. 3. allt þar til

Gud doo i Christo a Krossens Galga, til ad forlijka Heimeñ vid siaalfañ sig, þvi er hañ og Hofundur eins betra Testamentis, Hebr. 10. JEsus las upp fyrer sijnum Læresveinum, ecke Ord Løgmaalsins, svo sem Moyses giorde, helldur Ord Evangelii i þeirre miklu Predikun, sem skrifud stendur i Johañis Gudspiaila Bookar 14. 15. 16. og 17. Cap. Hañ took sier i Hønd, ecke Uxaña nie Hafraña, helldur sitt eiged Blood, þa hañ took Kaleikeñ: Ecke Vatned, helldur ythellte af sijñe Sijdu Vatne og Bloode: Ecke rauda Ullu, helldur litade sijñ Møttul i Vijnberia Bloode, Gen. 49. Ecke Jsop, helldur var med Galle og Edike af Jsope dryckiadur: Þessu sijnu Bloode hefur hañ stockt a Book Evangelii, sem hefur allañ sijñ Krapt af hañs Bloode, og a allt Foolked sem er Endurkeypt med Guds eigeñ-Bloode, Act. 20. A Tialldbwdena, sem er hañs Al-bloodugur Lijkame, og a Kier Pioonustugiordareñar, sem eru hañs Pienarar i Ordenu, og Raadsmeñ hañs Leyndardooma, 1. Cor. 4. Og aller hafa af

hañs

hañs Fyllingu medteked, Joh. 1. Og hefur svo hroopad og hroopa laated i Eyrum allrar Veralldar: Petta er nijtt Testamentum i mijnu Bloode: Og mar þad hvers Mañs Muñur jarta og medkieña, ad eingeñ hefur edur gietur oss svo miked i Testamentis-Giof epterskiled. Hañ hefur giefed oss sitt Holld til Fædu, og sitt Blood til Dryckiar, sitt Lijf til Endurlausnar, sijn Saar til Lækningar, siñ Fadm til Grida-Stadar, siñ Kross til Epterdæmis, siñ Sveita til Hreinsunar, sijna Coronu til Høfud-Bvnings, sitt Hiarta til breñande Elsku Merkis, og sijn sijdustu Ord og Andvorp til Huggunar, Epterbreitingar og Fyrermyndar. Eñ svo sem þad, ad stoorer Høfdingiar giora tijdum fyrst almeñelega Skipan uñ Rijkesins Eyrende, hversu þeir vilie epter siñ Dag hallda laata, og sijdañ Raadstøfun sijns Hvss, vid hina kiærustu Vine sijna og Pienara, eins og David, er hañ hafde Stioornaneñe nidurskipad, liet hañ Son siñ Salomonem til sijn koma. Jacob kallade a deyanda Deige alla sijna Sonu fyrer sig,

og sagde peim fyrer Okomna Hlute: Eñ sier i Lage took hañ Joseph Affijdis og hañs tvo Sonu, og blessade þa. Svo virdest mier Herrañ Christur giort hafe, þegar hañ alla reidu hafde stiptad hid Nija Testamentum i Naalægd sina Elskulegra Læresveina, hveria hañ sijdañ gierde fra sier med sonu Eyrendum til allra Piooda, þa atte hañ þo ena sijdustu Naadagiord a Krossenum vid sijna Elskulega Moodur og siñ Læresvein, þañ er hañ elskade, i hverre hañ hefur tvo Hlute kiendt ollum þeim er hañ elska, sem er, hverneñ honum eige epter ad fylgia: Hitt og añad, ad hañ vilie þa alldrei yfergiefa, sem under hañs Krosse standa.

Vilium vier þvi fyrst Hugleida Marin og Johañis Dæme. 2. Paug blessudu Ord, er hañ til peirra talade.

Eñ þu goode JEsu, Upplivk þu vorum Augum, ad vier lærum þijnum Footsporum ad fylgia: Ahrær vor Hiørtu, svo vier mættum þitt Dygda Dæme elska. Stioorna miñe Tungu, ad þad eg tala, tale eg þier til Lofs, og þijnu Fool-

ke

ke til Saalar-Gagns og Nota, þad Bæuheyre Myskunsamur Gud, fyrer sín Son JEsum, Amen.

Engeñ Hrygd er svo sterk B. G. E. ad Poleñmædeñ hana ecke yfervinne, eingeñ svo stoor, ad hana ecke Vegsemdeñ yfergnæfe: Liett er Poleñmædeñ þeim sem viliugur lijdur, og mikel er hans Vegsemd, sem yfervinnur. Saaleñ hefur tvær Hendur til, ad taka moot Sorgeñe, Trwna og Poleñmædena: Vel sie þeim sem baadar kañ wt ad breida til ad fadma ad sier Hormungena, sem er þess Himneska Fodur Sendebode, þa hun ad Garde geingur, og kysser svo a Guds Vond med Packlæte. Hversu Obærelegañ Pwnga meined þier B. G. ad Hiarta þeirrar blessudu Meyar og Moodur hafe haft ad bera, þa hun sa sín Einka Son uppheingdañ a Krossenum, svo sem adra Bolvan, og hvad biturt Sverd hefur þreingt sier i giegnum Saalu heñar? Luc. 2. Meñ gieta vel til, ad þesse blessud JEsu Mooder hafe i Barnburdenum ecke svo stoora Piaaning lided, sem adrar Kviñur, hvar uñ eingeñ kañ þo neitt vijst ad feigia, eñ hafe þad vered, þa sijnest mier ad i Pijnu heñar eingietens Sonar, hafe þad aptur gollded, þar Holld af heñar Hollde, og Bein af heñar Beinum, er aan allrar Myskunar sundurslited. Dæme þad sierhvert Moodur Hiarta, eda

hver eirn er nockud snerter Rækt sina Astvina, hvad pad sie ad horfa a Afkvæme sijns Lijfs svo illa wtleiked. Hun sier hañ uppheingdañ, eñ fær hañ po ecke ofañteked: Allsnakeñ, og ma hañ ei hylia: Albloodugañ, eñ gietur hañ ei afperrad: Særdañ, eñ ma ecke binda hañs Sar: Hun heyrer hañ kvartar um Porsta, eñ ma ei giefa honum ad drecka: Hun sier hañ med Galle og Edike dryckiadañ, sem i Vogguñe hafde mylkt heñar Briost, eñ fær honum hier ei svalad med Vatns-Dropa einum, par hañ kvelst i pessum Loga. Jeinu Orde ad segia, svo morg Ben, sem par hafa vered a JEsu blessudum Lijkama, svo morg Sorgar-Pijla hefur floged i gegnum heñar Hiarta: Og svo morg Hogg og Pwstur, sem hañs blessada Holld hafa mared, svo margt Sverd hefur giegnum stwnged heñar Saulu. Mikel var pesse Sorg Mariæ, eñ meire var heñar Hug-Prijde, hun stood hia Krossenum, segir Historiañ. Hier hefur hiñ Myskunsame Gud dasamlega auglijst, hversu ad Guds Kraptur er i Breiskum mattugur. Pegar Eli heyrde ad Ork DRottens var tekeñ af Philisteis, 1. Sam. 4. Og ad baader hañs Syner voru i Hel slegner, pa vard honum svo miked um, ad hañ fiell aptur af Stolnum og Halsbrotnade. Ecke var pesse Harmur Mariæ miñe, par hin sana Guds Ork; I hverre ad bijr oll Fylling Guddoomsens Lijkamlega, Col. 2. Er hier af Ogudlegra

Mana

Maña Hondum nidurbroteñ a Krossens Altare, og þeim Olmu Hundum sem hañ umkringdu, Ps. 22. Ad Herfange ordeñ: Eñ i ollu þessu stendur Maria stodug, og vijkur ecke fra sijns Sonar Krosse. Þesse er Kraptur hiña lifendu Orda Guds, i hverium heilagur Ande verkar framar, eñ nockurs Mañs Skilningur kañ ad hygg-ia. Umñ Mariam stendur, Luc. 2. Þegar JEsus sagde: Byriar mier ecke ad vera i þeim Hlutum sem mijns Fodurs eru? Þa hafe hun geymt oll þesse Ord i sijnu Hiarta: Og hefur hun sañlega ecke einasta þesse, helldur oñur fleire geymt: Hun hefur ann Efa trwad, ad hañ være Sonur hiñs Hædsta, Luc. 1. Ad hañ skyllde Endurleysa sitt Fookk af þeirra Syndum, Matth. 1. Ad Gud munde giefa honum Sæte sijns Fodur Davids, og hañ skyllde rijkia i Hwse Jacobs ad eilijsu, Luc. 1. Og þo heñe hafe nærsta Olioost vered, med hverju moote þad munde skie, þa hefur þo heilagur Ande lifad i þessum Ordum, sem vardveit. voru i Hiarta heñar, og sañast þad hier, ad Guds Ord sieu Lijf og Ande: Lijf eru þaug, þviad Madureñ lifer ecke af Einusamañ Braude, helldur af sierhverju Orde, sem framgeingur af Guds Muñe, Matth. 4. Ande eru þaug, þvi i þeim, og ecke odruvijse, ber Guds Ande vorum Anda Vitne þar umñ, ad vier sieum Guds Born, Rom. 8. Og þad ad þeñan Hatt: Hyer ed heyrer Guds Ord, og vardveiter þad, hañ hefur eilijst Lijf, Luc. 17.

Þesse

Þesse eru þau Guds Ord, sem vera eiga Ljoos a þijnum Vegum og Lampe Foota þiña, Ps. 119. J Krossgaunguñe epter Christo, Barn Guds. Huggunarfull voru þaug Ord, er Maria heyrt hafde af Eingilsens Muñe, og af Muñe Simeonis, eñ ecke hefur þu færre Hugganer i Guds heilogu Orde, eda Olioosare eñ þessar voru. Eg furda mig a Hundrads-Hofdingians Andsvare (sem Von er a, þvi JEsus þotteſt ecke slijka Trw funded hafa i Jsrael,) þar hañ sagde: Tala þu Eitt Ord, og mun miñ Pioon heilbrygdur verda, Luc. 7. Og vier hofum svo morg Ord heyrt, ad vier skulum fagna og vera glader, þvi vort Verdkaup sie nooglegt a Himnum, Matth. 5. Ad Mootlæte þessara Tijma sie ei verd þeirrar Dijrdar, sem vid oss mun Openber verda i eilijfu Lijfe, Rom. 8. Ad Gud sie trwr og laate aungvañ freistast yfer Megn framm, 1. Cor. 10. Ad vier hofum þañ Biskup, sem ad sam-þijnast kañ vorum Veikleika, Heb. 5. Og þo eru ecke vorar sterkiustu Hetiur svo oruggar i Mañraunum, svo sem ein yfergiefeñ og munadarlaus Stwlka, er hier stendur under Krossenum. Hvad mun þessu vallda? Mun ei þad, ad vier vardveitum eige svo vel Guds Ord i Hiortum vorum, svo sem Maria, ad vier kuñum þar af Huggun ad hafa i Mootgaangenum? Seig mier; Ef nockur af Kongsens Villdar-Moñun være vel til þijn, munder þu ei hoolpeñ þykiast, þoott þier nockud a moote bliese?

se? Eñ þar er þo ecke ad byggia uppa. Konungaña Þienarar eru hia þeim eins og Reiknings-Peningur; Meñ laata þa merkia svo stoora Tolu, sem Meñ sialfer vilia, svo Kongenum er i sialfs Vallde, hvad leinge edur hvad myked hañ vill laata epter þeim, sem frame fyrer honum standa. Myklu odruvijse er hiñ eilijse Kiærleike Guds Fodurs til sijns Eingietens Sonar, i hverium hañ hefur alla sijna Velþocknan, Matth. 3. þvi hvers sem vier bidium i hañs Nafne, þad mun hañ veita oss, Joh. 16. Eñ heyr þu Christeñ Madur, hvad þesse Eingell hins mykla Raads seiger, er hañ bad fyrer sijnum Læresveinum Gud siñ Fodur, Joh. 17. Eg bid ecke einasta fyrer þeim, helldur og jafnvel þeim, sem trwa munu a mig fyrer þeirra Ord. Eñ ef þu þad ecke giorer, syndugur Madur, og hefur eckert numed af þvi, sem þier hefur vered kiendt wt af Christo og hañs Krosse. Seig mier, hvada Formæla villt þu þa hafa fyrer hañs Bikar, nær hañ verdur þier til-druckeñ? Eda med hverju villt þu Gud reidañ blijdka, þegar hañ temur þitt Lauslæta Hollð med Krossens Vende? Hverja Yfersogn villt þu brwka fyrer hinum kallda Daudans Kaleik, þegar hañ verdur þijnum skialfande Vorum boreñ? Hafer þu eckert af Guds Orde numed þier til Trausts og Trwar-Eblingar i þeim sijdustu Andarslitrum. Mier kiemur i Hug hiñ gamle Socrates: Einhverju Siñe beidde nockur af hañs Kuñingium, ad hañ

vilde

villde skoda Barn sitt, og gieta til hvern Mañ pad hefde ad geyma; Hañ sagde vid Barned: Tala þu svo eg siaue þig. Ef hiner Vitrustu aa medal vor, kuña ecke ad þeckia eirn nema af Maalenu, hversu vilia Meñ þa fa Gud sienañ edur þecktañ, nema i hañs heilogu Orde? Þvi hañ hefur eingeñ nockurn Tijma sied, sa Eingietne Sonur Fodurs sens, sem er i hañs Skaute, hañ hefur oss þad openberad, Joh. 1. Hverge nema i þvi Orde af Krossenum, hvert ad er Heimska þeim er fyrerfaraast, eñ oss sem hoolpner verdum, er þad Kraptur Guds, 1. Cor. 1. Þvi er mitt Raad, Christeñ Madur, ad aa medañ þier eñ þa ad Oskum geingur, og þit fiñur eingeñ Missinijde aa Hogum þijnum, þad þu safner nockru af Guds Orde og þeim heilogu Kieñingum, sem af honum seigiast i Hiarta þitt, og geimer þaug þar med Mariu, svo þad kuñe ad gagna þier aa hiñe vondu Tijd, nær honum añadhvert þocknast, ad þu skuler standa under hañs Krosse, edur gaanga epter honum Veg allrar Veralldar, til ad giallda Gude hina Sijdustu Skuld.

Vier heyrum ad under JEsu Krosse stendur hañs Mooder og hañs Læresveirn: Þess var oll Von, ad þeir sem Christo voru nækvæmaster i Elskuñe, þeir mundu eirneñ honum best fylgia i Kvoleñe. Þañeñ er Christi Elsku hattad, ad hun virder eckert fyrer sier, uppa þad hun kuñe ad vera sem nærst Christo. Þesse er sa Kiærleike,

sem

fem ad er i JEsu Christo, vid hvern ad Paulus fortekur, ad sig nockur Hlutur skilia skule; Hverke Lijf nie Daude, hverke Einglar nie Hofdingia Dæme nie Valldstietter, hverke pad naulæga nie hid epterkomanda, hverke Hæd nie Dypt, nie nockur onur Skiepna, Rom. 8. Ecke er pañeñ Heimsens Barna Vinautta: Peir uña medañ peir arbataſt; Peir taka Rentu af Vinattu sine, svo sem af odru Giallde; Peirra Vinskapur er Sioofarendum lijkur, peir ed aka Seglunum epter Vedrenu; Peir hernæ epter Sumar-Fuglunum, er leita til hiña kolldu Landa a Vorum, edur vakna upp pegar hitna tekur, eñ under Vetureñ leggiaſt peir i Dvol, edur flya a burtu, pvi ecke eru of-marger Husai pegar David er wtlægur, edur Eliphas pegar Job er Kaunum sleigeñ: Sa sem leitar epter peim i hverju Hwse, hañ dregur sialfañ sig a taalar og fiskar i Loptenu, par syrer er Vinskapur pessa Heims Ovinur Guds, Jacob. 4. Hver ed skipad hefur syrer Postulans Muñ, ad grata med Grattendum og fagna med Fagnendum, Rom. 12. Framar pessu hofum vier af Dæme Mariæ og Johañis ægiæta Huggun, par vor Herra seiger: Matth. 12. Ad sa sem giorer Vilia sijns Fodur, hañ sie hañs Mooder og hañs Syster og hañs Brooder, og Luc. 14. Ad hver sem vill vera hañs Læresveinn, skule taka siñ Kross uppa sig og fylgia honum epter: Svi mæ ad riettu seigia,

ad

ad Christeleg Kyrkia Guds, sem er Safnadur Trwadra hier a Jordiñe, hun sie hañs Mooder, og aller þeir, sem þar iñe Fodursens Vilia giora, JEsu Christi Læresveinar. Þesse JEsu Mooder stendur under hañs Krosse hier i Heime, og kvelst þwnglega, hun er su Kviña Sooluñe Iklædd, sem Tungled under Footum tredur; Hun hliodar af Joodsoott og kvelst soo sem i Barnburde, Apoc. 12. JEsu Mooder hefur audþeckt verid af hañs Krosse, þar eingeñ var hønum svo naakvæm: Hañs Christne er og audkiend af sama Merke, þvi hun mun sijta og graata, þar Heimureñ mun fagna, Joh. 16. Svo sem heñar Hofud er, svo er og sialf hun. Hañs Rijke var ecke af þessum Heime, svo er og ecke heñar Epterlæte helldur i Verolldu þessare. Þa vier heyrum David ossooktañ, Jeremiam sleigeñ, Johañem afhofdadañ, Stephanum grijttañ, Paul Hals-hoggveñ, Petrum Krossfestañ, og JEsum Christum, sem er Safnadarens Hofud, svo sem adra Bolvan uppheingdañ, þa þeinkium ecke ad hañs Audlegur Lijkame sie vanskapadur, svo ad Limerner meige añañ Veg hættader vera eñ sialft Hofuded er. Meinum eige ad oss hlijde ad bada i Roosum, þar sem hañ stegleſt a Krossenum. Sie JEsus i þier myndadur, svo þu siert hañs Andleg Mooder, þa skañast þijn ad fagna med Heimenum, þar hañs Mooder stendur under Krossenum. Ecke einasta hañs Hofud var i

sundur

sundur stwnged, helldur allurhañs Lijkame fullur af Benium: Svo byriar og þeim Andlega Lijkama ad vera, añars kañ hañ ecke vel ad eiga vid Hofuded. Hafe Gud DRotteñ skeinkt fullt a fyrer hañ, svo vit, ad þier byriar ad smacka þar a med. Þegar hañ drack hiñ sleitefulla Reide Kaleik Guds, þa drack hañ þier til svo sem Petre, er hañ sagde: Þu munt og drecka miñ Kaleik. Ef hañ er þiñ Herra, þa munt þu ecke skirrast vid, hañs Adryckiu ad hallda.

Mooder þeirra Zebedæi Sona bad HErrañ um, ad Syner heñar mættu sitia i hañs Rijke, añar a Hægre Hond honum, eñ añar a Vinstre: Hun visse ecke hvers hun bad; Sa blessade HErra gierde betur til Sonar heñar, eñ hun kuñe ad Oska. Eingeñ Jóab af David, eingeñ Mardochæus af Assvero, eingeñ Daniel af Nebuchadnezar, eingeñ Joseph af Pharao, kañ slijkañ Svoma ad þiggia, svo sem Johañes hier, þar hañ stood under JEsu Krosse. Þesse var sa Læresveirn sem JEsus elskade, sañlega þess vegna, ad hañ hefur JEsum elskad, ei sijdur eñ hver hiña hañs Læresveina. Eñ seig mier Christeñ Madur, hvern hefur JEsus meir elskad eñ þig, þa þu hañ hatader? Hvern byriade þier meir ad elska eñ þañ, sem gaf sitt Lijf wt fyrer þig? Hvar er hañs Elska, ef þu hatar hañs Kross? Pad var ei ad undra, ad vor Endurlausnare spurde Petrum Prisvarsiñum ad, hvert hañ elskade sig? Joh. 21. adur eñ hañ

teiknade med hverium Dauda hañ skyllde Gud dijrka, Matth. 20. Þvi svo sem Gulled reynest i Ofnenum, svo verdur Elskañ til JEsum Christum proofud i Krossburdenum. Þu skallt ei hugsa ad þad sie noog ad elska Gud svo sem Hræsnareñ tilbidur fyrer Borde hiñs Rijka. Gude er eingeñ Pocknan þar i, ad þu hafer Matar-Ast eina ad honum: Villt þu lauta sia hvad kiærañ þu hefur Christum fyrer allt þad hañ leid þiña vegna, þa sijn hvad liwflega þu villt lijda hañs vegna. Þeir sem ecke gatu laped af Vatnenu standande, þeim skipade Gedeon heim aptur, Judic. 7. Þeir nutu og ei þessarar Æru ad hroosa Sigre yfer Madianitum: Þeir sem ei vilia drecka af Lœknum med Christo, þeirra Hofud verdur ecke helldur upphafed med honum: Sa sem eige vill bera hañs Kross med honum, hañ er ecke hañs Læresveirn, Luc. 14. Sa sem ecke er hañs Læresveirn, hañ er hañs ecke verdugur; Sa sem ecke er hañs verdugur, iñgeingur ecke i hañs Dijrd, hañ sem ei iñgeingur i hañs Dijrd, honum er i hinum ytstu Myrkrum Vist ætlud: Þvi dæme eg hier af, ad sa sem ecke vill lijkiast honum i Hormungeñe, hañ verdur wtelokadur fra hañs Samneye i Dijrdeñe. Eg veit ad fœer lœta miked yfer þvi, ad Johañes stood hier vid sijns Herra Kross, sierdeilis þeir ed ecke æger ad sia, þoott Nœunganum illa lijde, og ecke vex i Augum añara Mootlœte, ef þad snerter ecke sialfa þa.

Margur

Margur kañ vera sa ed peinker, eg villde ecke sijdur eñ Johañes hafa fylgt mijnum Herra i siñ Kvalastad, eñ pad mun añadhvert sa seigia meiga, sem lijted elskar Christum, edur hañ, er elskar svo heitt sem Johañes. Sa er lijted elskar, mar diarft uñ tala, pvi honum er ecke sart, nema pad a sialfum liggur; Eñ hañ er heitt elskar, dregur Elskañ ecke einasta under Christi Kross, helldur uppar Krosseñ med Christo. Nu veit eg Brædur mijner, ad eingeñ vill i pvi fundeñ verda, ad hañ Christo ecke uñe, hver ed ecke elskade sitt Lijf allt i Daudañ vor vegna, hvar fyrer Paulus seiger: Bolvadur sie sa, sem ecke elskar DRotteñ vorn JEsum Christum, 1. Cor. 16. Eñ ef pu seigest elska hañ Christeñ Madur, pa sijn pad i Verkunum, er pu talar med Muñenum. Christi Kross er ecke laangt i burtu; Eg vil seigia, ad hañ liggur fyrer Footum pier, eñ pu ert svo blindadur a Augunum ad pu sier hañ ecke, og pijnar Hendur svo latar, ad pu neñer ecke ad hefia hañ pier a Herdar: Pu tredur pad under Footunum, sem ætte ad vera Corona pijns Hofuds, eñ lætur pad skarta a Hofde pier, sem i Skarne ætt ad liggia. Fiñur pu ecke eitt Logmaal i pijnum Limum, sem pig tekur faangeñ under Syndareñar Logmaal? Rom. 7. Kieñer pu eige til Holldsins Drooa, hvert ed gyrnest i moote Andanum? Er hiñ gamle Adam svo svæfdur i pier, ad hañ brijtst ecke uñ? Eg vantreyste pvi, hver hellst sem pu ert, eda hvad

augiætur i þijnum Augum, nema svo sie, ad þu siert i Syndeñe svo daudur og yferkomeñ, ad þu meiger ei siña til þiña eigeñ Vanheilenda.

Ef Hestureñ peckte siñ Styrkleika, þa munde hañ traudlegar læta sier stioorna; Eñ ef Madureñ peckte siñ Veikleika, þa munde hañ helldur læta Guds Anda vid sig ræda, og læra ad deyda fyrer Andañ Holdsens Gyrnder: Og þegar vier slijkt af Alvoru giorum, þa munum vier þykiast standa nær Christi Krosse, eñ ad vier þurfum hañs langt ad leita. JEsus lijdur eirneñ i sijnum Limum hier a Jordueñe, hañ siñur til siña Meina, sem sagde: Saul, Saul, þvi ofsæker þu mig? Act. 9. Hañ veit ann Efa, hvad vid hañ er haft, er talad hefur þesse Ord: Hver hañ medtekur ydur, hañ medtekur mig, Joh. 13. Og vier stondum vid hañs Kross þa nockur Brooder og Syster Naud lijda, Jac. 2. Christur er Safnadarens Hofud, eñ vier erum hañs Limer, seger Paulus, Eph. 1. Hver fær þvi trwad, ad sa Limur sie lifande a Lijkamanum, sem ei siñur til Meinsemda hiña añara Limaña? Er ecke svo; Ad ef þijn vinstre Hond er veik, ad þu villder hin hægre mætte lijda nockud med heñe, og ad þu mætter þvi skipta med bædum þeim? Mier þyker ei Olijkt, ad JEsu blessud Mooder hafe giarnañ viliad bera nockud af hañs Byrde hefde hun maett, og Kvol hañs gietad orded þeim Munbærelegre; Eñ fyrst þad ei kuñe ad skie, þa geingur

gur hun svo nærre honum, sem hun mai. Hvar er nu Fiolde sæa allur er fylgde JEsu epter, og heyrde hañs Kieñingar? Hvar eru nu þær þriar Þusunder er hañ Mettade i Eydemorku? Hvar er sa mikle Skare er breidde sijn Klæde a Veigeñ, hiuggu Kvistu af Triaanum, dreisdu heim a Veigeñ, og hroopudu Hosianna Syne Davids? Matth. 21. Þar er varla nockur epter nema eirn fautækur Læresveirn, og ein sorgande Mooder med fæeinum Kviñum, þær ed grietu yfer honum. Þañeñ eru vorer Viner, þegar a moote geingur; Eg vil ei tala uñ þa Ovine Krossens Christi, Phil. 3. Er hlacka yfer añars Slisum. Er nockrum Forvitne at ad siaa Diofuleñ i sijnum versta Ham, þa skode hañ þañ, er hefur Ynde sitt af añars Oforum, þvi þad er hañs Bijlæte. O! þu Heimskur og Illgiarn Madur; Kant þu ei betur Gude Packer fyrer Poleñmæde sijna yfer þijnum Syndum eñ svo? Meinar þu þesse, edur hañs Fader hafe svo syndgad, Joh. 9. Ad Gude sie ei i siaulfs Vallde, ad openbera sitt Riettlæte a þier, ef honum svo þocknast? Ætlar þu sem hæder ad Gude og hañs Giorningum, ad þu siert heilagre eñ sa, er hañ virder med sijnum Krosse? Eda ad þeir attiain sem Turneñ fiell yfer i Silo, hafe syndugre vered, eñ adrer Jerusalems Bwar? Luc. 13. Laat af þvilijku Satans Æde aumur Syndare. Hvad snart kañ hiñ Almæattuge ad giora Haman ad

Mardochæo? Hiñ rijka Sælgiæting ad Lazaro? Og Nebuchadnezar lijkañ þeim Ljonunum, er hañ ætlade ad skylldu hel-rijfa Daniel? Eingeñ Hlutur kañ svo ad þvijnga Mañsens Hiarta til Medaumkunar; Svo sem Jhugan sialfs sijns Hæska: Þar fyrer, nær eg þeinke med mier, ad eg hafe allt þad illt forþienad, sem eg a odrum sie, og ad sw sie vijsust Von, ad Gud laate þad yfer mig koma, nær honum vel þocknast, þa mætte mier under eins til Hugar koma, ad vorkyña honum, sem Gud hefur plaagad med þvi, sem eg hefe forþienad, mier til Advorunar, og betala honum allt þad Jllt, er hañ þola mat, mier til Lærdooms, sem eins er sekur og hañ, med Christelegre Medaumkun, ef eg kañ ecke i Verke, þa samt i nækvæmre Tilfiñingu hañs Eymda.

Mariu blessud Epterdæme ætte oss og til stærstu Hugunar ad vera i vorum Krossburde: Ef vier under Krossenum stöndum, þa er þad vors Herra Kross: A honum stendur ritad: JEsus af Nazaret Konungur Gydinga, Joh. 19. Hver er sa, sem skañast sijn ad bera Konungsens Merke a sijnum Klædum? Hver vill þa bligdast vid ad bera med Paulo Teikn JEsu Christi a sijnum Lijkama? Hiner Romverskn Fullhugar plogudu Fordum Daga, þegar þeim þootte lijted ea-orkast, ad grijpa Merked, fræa hverju eingeñ ærlegur mætte flya, og briootast iñ i Flock Ovinaña, þar sem mest var Mañþraungeñ. JEsus

er

er goodum Hertoga lijkur, hañ hefur Einsamañ prifed siñ Kross, og broteſt i giegnum Andſkotans Her, og alla Ovine vora alleina ad Velle lagt, uppa thad vier skulum aller Otrauder a epter ganga, verande thess full-vrugger, ad hañs Hertekning er vor Lausn, hañs Forsmaan vor Vegsemd, hañs Kvol vor Rooseme, hañs Hrygd vor Glede, hañs Fordæming vor Affokun, hañs Beniar og Prote vort besta Skart, hañs Daude vort Lijf, og hañs Uppriſa vort Apturhvarf og Endurlijfgun, svo thott vier hrasader sieum a medal Ræningia, tha kañ eingeñ ad ræna oss af hañs Hende, sem hier er a Krosseñ negldur medal Tveggia Ræningia. Blygdan vors Klædleysis kañ ei ad openberast medañ vier skijlum oss under thvi Trie, sem hañ hieck nakeñ a: Thadañ dunde hañs blessada Blood, sem thvær oss af ollum vorum Syndum, 1. Joh. 1. A Mis vid hvert vier kuñum ecke ad fara, tha vier stondum under hañs Krosse. Thar sem ollum leisdest allt vid hañ ad gisra, thar maa eingeñ oss granda framar eñ hañ vill, sem a Krossenum saklaus hieck. Thar sem hañ leid hina stærstu Smaan, thar vilium vier hrosa oss af, Gal. 6. Sieu thvi Fiandmeñ vorer svo maattker, svo slæger, svo illfwser, sem their vera vilia; JEsu Mooder stendur under hañs Krosse, og thorer ad seigia i hañs Orda Stad: Ea enn hun, Daude, hvar er thiñ Broddur? Helvijte, hvar er thiñ Sigur? Gud er sa sem oss hefur Sigurenn

ureñ giefed fyrer siñ Son JEsum Christum, 1. Cor. 15. Petta hofum vier nu heyrt af Mariu og Johañe. Nu vilium vier vors Endurlausnara Adgiorder heyra.

SJalldañ er Eymd ein, seigia Meñ i Ordtæke gomlu. Pad sañast giarnañ a peim sem i Krossburdenum mædast, par sem ein Hormung er, pa vilia giarnañ fleire halldast i Hendur. Ecke var Aboota vant a Hormung pijna, miñ Herra JEsu, poott ei hefdu pijn Myskunar Augu plægud vered med sorgarlegre Asynd piñar blessudu Moodur. Hversu mun honum hafa ruñed pad til Rifia, sem griet yfer Jerusalem, hver hañ Kross este, ad sia uppa Harma siñar Moodur, er hañ i Heimeñ fædde? Hañ sem bad fyrer peim er hañ Hwdflettu, hræktu, Pyrnum krijndu og a Krosseñ negldu! Hañ sier hier midt i Kvolunum paug Brioost med Sverde i gieguum stwngeñ, er hañ a Æsku Alldre sijnum mylkt hafde. Eñ i ollu pessu verdur ei Bruñur Myskunareñar byrgdur. A medañ hañ framde hid allra mesta Furduverk, sem uñ Æfe hefur uñed vered, bæde a Himne og Jordu, sem var ad nidurbrioota Helvijtis Magt, og frida fyrer syndugar Sæler, Talade hañ pessom lijknar Ordum til siñar elskulegrar Moodur: Kona, Sia Pu, Par Er Piñ Sonur, og til Læresveinsins: Sia Pu, Par Er Pijn Mooder. Nærre i somu Svipan, og JEsus lauk sijnum Augum aptur til ad deya fyrer allt Hollð til Forlijkunar;

lijkunar; J sama Bile rende hañ þeim til sinar Moodur, heñe til Huggunar. Kraptur Daudans liet þaug apturfalla til Þurdar, Kraptur Elskuñar opnade þaua til Medaumkunar. Hier gaf JEsus þier Christeñ Madur eitt blessad Dygda Dæme, hversu þier byriar vid þijna Forelldra ad breyta. JEsus var sine Moodur uñ eckert skylldugur, þvi hañ var i Heimeñ komeñ, bæde hana og alla synduga Meñ Saaluhoolpna ad giora, samt gietur hañ ecke laated a moote sijnu Myskunar Hiarta ad bera Uñsorgun fyrer heñe: Byriar þier þa ecke syndugur Madur, sem ert þijnum Forelldrum uñ Sæl og Lijkama næst Gude skylldugur, ad lijta til þessa Dæmis? Syrach seger i sinar Bookar 7. C. Heidra Fodur þin af ollu Hiarta, og gleym ei Hormungu þinar Moodur, minst þu þar a, ad þu ert fyrer þaug giordur, hvad munt þu Endurgiallda þeim, svo sem þaug þier? Agiæt er þesse Amining, þvi mier virdest ad Endurlausnareñ kieñe oss, hvad stoorum ad aller vier i þvi þeiged hofum, ad vera Sælar og Lijfs hlut-takande, þegar hañ talar uñ þañ, sem Fordæmingeñ yfer hanger, seigiande: Betra være þeim Mañe ad alldrei hefde hañ fæddur vered, Matth. 26. Eg vil ecke hier tala uñ þeirra Svar, er seigia: Hefde eg ei fæddur vered, þa byrfta eg ecke ad beriast vid Andstreime Veralldar þessarar, ecke fyrer Saalu ad siai, og ecke ad eiga under Von, hvert eg munde epter min Dau-

da, iñgaanga til Lijfsins. Fliott er þar til ad svara: Lijted maa vera i þañ spuñed, sem ecke vill viña þad til þeirrar Dijrdar, sem vid Guds Born mun opeñber verda i eilijfu Lijfe, ad gaanga i gieginum Mootlætingar þessara Tijma iñ til eilijfs Lijfs. Eingeñ aa helldur Guds Rijke under Kaste, þvi þad giefst ecke ad Hendingu, helldur er ollum þeim vijst, sem trwa aa Soneñ. Eñ sw Olucka, er hiñ Gudlause ratar i, er hvers eins Siaalfskapar-Vijte, sem þecker og maa vel þeckia Veg Saluhiaalpareñar, og vill hañ ecke gaanga, edur ad honum leita, þvi þijn Fordierfun kiemur af þier þu Israel, seiger DRotteñ Gud, eñ ecke af Gude: Ecke af Natturuñe, og ecke af Forelldrunum, aan þess ad vier erum i Syndeñe gietner, nema þeim sem ala Born sijn upp i ollum Odygdum, Skoñum og verstu Klækium, myrdande svo siña Barna Saaler, og giorande þeirra Kost Pusundsiñum argare helldur eñ alldrei hefdu þaug fædd vered, þar þeir baña þeim iñ i Himnarijke, og siaalfer koma þeir þar ecke, Matth. 23. Svo sem DRotteñ ad Orde kiemst uñ Pharisæana, þa blindu blindra Leidtogara. Og ecke einasta eigum vier Forelldrunum Lijf og Limu ad packa, helldur allt Uppfoostur, allt Atlæte og Mentun i vorum Ungdoome, þar þeir hafa med siñe Umhyggiu, næst Gude, svo myndad og skapad oss aa vorum Ovitsku Arum, ad vier kyñum ad verda, ecke einasta Fodurlandsens, helldur og Christelegrar

Kyrkiu

Kyrkiu þarfer og hentuger Limer. Þu kañt ad seigia, ad þad hafe þeirra Skyllda vered, ad ala þad er þaug af sier gaatu, eg medkieñe þad, eñ sar leggur stoora Skuld iñ hiaa odrum, sem giorer sijna Skylldu ad fyrra Bragde: Vit þarfyrer, ad svo opt sem þu medtekur nockud gott af Hende Forelldra þiña, svo opt jaatar þu þig Þienustu-buñdeñ þeim i ollu þvi, er þu maatt, og afkastad gietur. Seig mier, hvilijkur munder þu orded hafa, hefde þier wtkastad vered aa mille Villu-Dyra? Hversu lijted munde orded hafa wr þvi Vallde er Gud gaf Mañenum i Ondverdu yfer Kvikendum Jardareñar? Hvad hræddur munder þu orded hafa, aumastur allra Skiepna, þeirra, er þu aatter yfer ad drottna, fyrer þeim er þig nu hrædast? Seig mier, hver er þa stærre Velgiorningur eñ saa, ad Forelldrarner hafa þig svo uppaled, ad þu kañt med Fride og Frelse ad umgaangast med þijnum Brædrum i Heimenum, eñ stioorna Villu-Dyrunum, hverra Stallbrooder þu añars vered hefder, þar fyrer seiger Syrach eñ aptur: Med Verke og Orde, og allre Poleñmæde skallt þu heidra Fodur þiñ, ad yfer þig kome Blessun, Syr. 3. Og Paall samsiñer honum, Col. 3. seigiande: Þier Born, vered hlijdug Forelldrum ydar, þvi þad þocknast Drottne. Take Meñ Geyslañ fraa Sooluñe, og mun hun ecke lijsa; Stijble Meñ Lækeñ fraa Bruñenum, mun hañ upphorna, hoggve Meñ Kvisteñ af Eykeñe

eñe, mun hañ visna; Skiere Men Limeñ fraa Lijkamanum; mun hañ Rotna, og vteloke nockur Christelega Rækt fraa Barnenu, þa er þad ei Barn leingur, helldur þeirra Broder, uñ hveria skrifad stendur: Þier erud af Fodurnum Fianda, Joh. 8. JEsus gaf ofs hier eitt blessad Eptirdæme, svo sem aadur er sagt. Seiged mier, hver mun bwa vid svo þwngañ Kost, svo sem vor HErra, þar hañ hieck aa sijnum Krosse? Gotz og Peninga hafde hañ ecke, Jafnvel þott allt Gull og Silfur være hañs, Zach. 3. Hws og Heimile ecke helldur, Matth. 8. Refar hofdu Holur, og Fuglar Loptsens Hreidur, eñ hañ ecke þar hañ kyñe Hofde sijnu ad ad halla. Hañs Klædumskiptu Ogudleger med sier, og aa hañs Mottul logdu þeir Hlutkiesti: Þar maa hañs Mooder horfa aa, (sem lijklegt er þau hafe siaalf uñed med sijnum eigeñ Hondum) og hafa þar ecke af. Eckert bar vor HErra uppaa Krosseñ, nema eirn Bloodrisa Lijkama og Þyrne-Coronuna aa Hofde sier. Eingeñ hefur og stærre Arfsvik lided, helldur eñ hun, sem fædde i Heimeñ Frumburd allrar Skiepnu, Col. 1. Þar hun maa ei niota hañs Klæda, og þa hañ nu med eingum Tijmañlegum Munum kuñe heñe ad hialpa, þar eingeñ Limur aa hañs Blessudum Lijkama hafde nockurn Maatt eda Megn, nema Tungañ og Augun, þa vill hañ ad þeirra Sijdustu Kraptar verde heñe til Sijdustu Huggunar.

Oll

Öll JEsu Guds Sonar Ord og Atvik, Utgaungur og Jñgaungur, er hin ægiætasta Lijfs-Regla Christens Mañs, og frioosſom Lærdooms Predikun. Hañ taiade til ad kieña, riette wt Hendurnar til ad læknа, hañ hoof ſijn Augu ad Himnum upp til ad bidia, hañ leit þeim a þa aumu til ad Myſkuna, hañ horfde a Petur til ad æmiña, hañ rende þeim under hid ſijdaſta Andartak til ſiñar Moodur hana ad hugga, og ecke einunges þad, helldur ollum Gudhræddum til Epterdæmis, eñ til ſtroffunar Myſkunarlauſum, þvi ad ſoñu var honum ecke uñ Megn, epter þvi Vallde, er honum var giefed, bæde a Himne og Jordu, ad forſorga ſijna Moodur, heſde hañ ei viliad blygda þa med ſijnu Dæme, ſem eru verre eñ Heidingiar, Aſtlauſer, Onyſkunſamer, Rom. 1. hverier uppeta Saalernar ſvo ſem Leon þa þad tekur ſijna Braud, og giora margar Eckiur, Eſa. 14. Ei laata hiñ Fodurlauſa Riettenum naa, og ecke ſtyrkia Eckiuñar Maalefne, Eſa. 5. O! hvad fiærre eru ſvoddañ Meñ JEſu Epterdæme? Miñſt þeſſ þo ſyndugur Madur, ad Guds Sonur kallar þa er giora ſijns Fodurs Vilia, ſijna Moodur, ſijnar Syſtur og Brædur, ſem ædur er ſagt: Byriar þier þa ecke ad laata hvern eirn Naudlijdande vera þier naakomeñ? Sæll er ſa ſem temur ſier þvilijkt Hugarfar: Sa ed heidrar Fodur og Moodur, er ſvo ſem ſa er Audæfum ſafnar, ſeger Syrach. Cap. 3. Pad er ad

ſoñu,

soñu satt, eñ sæll er og sa sem ecke giorer Eckiur og Fodurlausa ad Log-Næningium, Zach. 7. og þe-lm eckert Mein viñur, añars Bænheyrer Gud þeirra Kall, og hañs Grimd mun breña og hañ mun liooſta þa med Sverde og Myſkunarlauſt hondla, og laata þeirra Kviñur Eckiur verda, og þeirra Born Fodurlaus, Exod. 22. Þu seiger, hañ er mier ad eingu Vanda-bundeñ, þad er ei Bur miñ nie Brooder; Eg vil laata mijna Læke reña, eñ þo svo ad Hiordeñ drecke Fyrſt. Þad er ad soñu ecke Oriettvijſt, eñ Gud giæfe þu brwkader ecke hañs Ord Kiergiu þiñe og Hard-wd til Fegurdar, og kyñer þad riett ad tempra, svo þu ſtijblader ecke svo Læke Guds Bleſſunar, sem hañ hefur sett þig til ad vakta, ad þeir verde ad fwllre Leyr-Kielldu i þijnu Hiarta.

Allra ſijdarſt byriar þier Chriſteñ Madur, ad taka þier til Huggunar JEſu ſijdurſtu Ord, er hañ talade til ſiñar Moodur, a þiñe Dauda-Sæ-ng, þa þu horfer fraṁ a Veg allrar Veralldar, uṁ hvern þier byriar ad safnaſt til þiña Fedra þa aller þijner Viner ſtanda uṁhverſis þig med O-pe og sarru Veine, og Dauden ſlijtur þig fra þei-rra Hiarta, eñ þeir meiga ei, þoott þeir villdu þi-er a epter fylgia; Þa fel Gude a Hendur þa, er hañ gaf þier til allrar Uṁſorgunar, og þig hon-um allra ſijdaſt med audmiwkre Bæn og Ydran Syndaña, og trw þvi fyrer vijſt, ad JEſus mun þa ecke miñſt ſampijnaſt þijnum og þiña Eymdum,

og

og hañs Myskunar Ydur munu uppvekia fyrer honum þa Stund, er hañ forlæteñ af ollum, afhendte siñ Anda Fodurnum, eñ sijna Moodur sijnum Harmþrwngnum Læresvein.

O! JEsu allrar Nadar og Giæsku, allrar Myskunar og Medaumkunar Bruñur, virdst þu ad vera vor Mooder og vor Brooder a þeirre hordu Tijd, þegar vor Mattþrota Lijkame, wtklekur vorre ormæddre Sælu under Guds riettferdugañ Doom. Virdst þu ad rietta oss Moodur-Hendur þiña heilogu Eingla, sem bere þær i Abrahams Skaut, eñ vertu sialfur Fader Fodurlausra og Forsvar Ecknaña, sem epter þreya, og gief oss med ollum Astsoolgnum ad safnast i Bindene þiña Barna i einu Sauda-Hwse, under einum Hyrder, og þar eilijflega ad sediast af Nægdar-Giædum Guds Hwss, þig eilijflega lofande og prijsande, ad af-þerrudum ollum Hryggdar-Tærum, sem under þijnum Krosse wthellt vered hafa i þessare Utlegd: Þad bænheyre Myskunsamur Gud, fyrer Forþienustu sijns Sonar, og giefe þar til Nad Heilags Anda Amen,

I JEsu Nafne, AMEN.

* * * * * *

PREDIKAN

wt af hinu

Fioorda Orde DRotteñs JEsu Christi a Krossenum.

Gud

Gud min / Gud min/ Hvar fyrer hefur þu yfergiefed mig?

Þegar vor Blessade Endurlausnare var skijrdur af Johañe i Añe Jordan, þa stie Heilagur Ande ofañ i Dwfu Lijking yfer hañ, og Rausteñ af Himne sagde: Þesse er min Elskulegur Sonur, i hverium mier velþoocknast, Matth. 3. Þesse Vitnisburdur Fodursins um sinn Eingieteñ Son, hefur ollum Gydinga Lijd matt alkunnur vera, þvi þad var i þa Daga, er allt Foolk kom ad Jordan til Johañem ad lauta skijrast af honum, Og sa Himneske Fadereñ sañade Johañis Vitnisburd af honum med þessum sijnum Vitnisburde. Hverneñ heyre eg þa hinn Elskulega Guds, Openberlega a Krossenum hroopa, Gydingum og Heidingium, Vinum og Ovinum aaheyrande: GUD Min, GUD Min, Hvar Fyrer Hefur Þu Yfergiefed Mig? Fyrst hañ er hinn Elskulege, þvi er hann þa Yfergiefeñ? Fyrst i Honum er Velþocknan Guds, þvi

þvi hefur hañ þa alleina Vijn-Pressuna troded? Fyrst Gud atte hañ i Upphafe siña Vega, þvi er hañ þa i Tijmans Uppfyllingu wtskwfadur? Hefur ei Gud Velþocknan a ollu Foolke, sem gisrer hañs Vilia? Eñ Sonureñ vottar uñ sig: Siai eg kiem, i Bookeñe stendur skrifad af mier, þiñ Vilia miñ Gud gisre eg, Psalm. 40. Þvi hefur hañ þa sett hañs Hlutskipte med þeim Ohlijduga? Þetta er þo af Gude skied, jafnvel þott þad sie Undarlegt fyrer Mønum. Hverneñ er þa Guds Eingieteñ Sonur yfergiefeñ? Er Veruñar Eining Sundurglidnud? Fiærre sie þvi. Hañ vottar sialfur Holldenu Iklæddur, Joh. 8. Eg og Fadereñ erum eitt: Er Natturuña Samband i Christo sundurloſnad? Ecke helldur, þvi St. Petur seiger, 1. Pet. 2. Christur hefur lided fyrer oss, og Gud hefur med sijnu eigeñ Bloode Endurleyst Christnena. I þessare Hooln-Gaungu vid Synd, Dauda, Diofful og Helvijte, vañ hin fraga Hetia þañ mikla Sigur a ollum sijnum og siña Ovinum: Eñ þad kuñe eingeñ ad gisra, nema i honum byggde oll

Fylling Guddoomsins Lijkamlega. Hver neñ hefur Gud þa sinn Eingietenn Son yfergiefed? Sañlega kuña Menn ecke añad ad giora sier i Lund uñ þetta, eñ Gud hafe uñ Stundarsaker sijna Almættis og Verndar Hond fra honum teked, uppa þad Gud kyñe ad deya i Mañlegu Hollde, og Mañaña Endurlausn ad fraũkvæmast fyrer nockurskonar Lijfsins Fiærvister. Petta vottar Pistels Skrifareñ til Hebræos Cap. 2. Seigiande: Ad hañ hafe vered af Gude Einglunum uñ Stundarsaker Miñe giordur, Jaa, ef eg mætte svo ad Orde komast, þa hefur siaalfur Christur ad nockru Leite yfergiefed sig i sijnu Dauda Strijde, þvi seiger hañ og siaalfur hiaa Johañem i 10. Cap. Eingenn tekur mijna Saal fraa mier, helldur legg eg hana siaalfur af. Og Esajas spaaer þar uñ Cap. 53. Hañ er Fordrnfærdur, af þvi hañ siaalfur villde. Pad sie og fiærre, ad vor Blessadur Endurlausnare hafe af Opoleñmæde talad þesse Ord, hañ sem med slijkre Hoogværd auvarpade þa, er hañ gripu og fiotrudu, þa er hañ sloou, þa er hañ Falsklega aaklogudu, þa er hañ Saklausañ til Dauda

dœmdu, Hañ sem beidde fyrer þeim sem hañ kvøldu og a Krossen helngdu, Munde hañ nockud møgla a moote sijnum Himneska Fodur? Eingañ Veigen, helldur hefur Megn Kvalana og ofur Hite Guds Grimdar Reide, hver ad smellte hañs Hiarta i hønum, svo sem añad Var, Ps. 22. Þaug hafa seige eg, þvijngad þesse allra hooglautustu Ord wt af hañs blessudum Munne. Ei er þad helldur Meiningen i þessum Ordum, ad hañ spyrie sin Himneska Fodur epter Orsøken, hvar fyrer hañ sie yfergiefen, þvi hañ visse þad vorn bloodugar Illgiørder vorar, hverjar hañ hafde bored uppa Tried, og siv Handskrifteñ sem a moote oss var, er alla reidu var med hønum a Krossen negld, helldur er þetta Almeñelegt Orda Tiltæke Ritningareñar, og merkia þesse Ord eckert añad, eñ svo sem hañ hefde sagt: Gud min, Gud min, þu hefur yfergieved mig. Hier hefur Christur lauted þig vita syndugur Madur, hver ad sieu Verdlaun Syndareñar. Ef hañ, sem ber alla Hlute med Orde sijns Kraptar, vard svo af sier komen under Syndana Byrde,

Hvad munder þu orded hafa uñ alla Eilijfd i Helvijte, sem ecke megnar ad auka eirnre Aleñ vid Leingd þijna? Ef Helvijte var honum svo heitt, sem sialfur er Helvijtis Olisian, Hvad munde þad þier orded hafa, sem varla nockud añad giorer, eñ ad viña til Helvijtis? Ef Gud var honum svo reidur, sem hañ alleina elskar, hversu magnlega munde hañs Heipt hafa bruñed yfer þier, sem af Natturuñe ert Barn Reideñar? Ef Sonureñ þañeñ uñkvartar, hversu Obæreleg munde þa verda Hornung Prælsins? Hier af mætt þu Christeñ Madur sia Andstygd og Griñleika þeirra Athafna, sem daudleger Meñ leika sier ad, svo sem ad odru Table. Eñ allra hellst hefur vor blessadur Endurlausnare kiendt oss med þessum Ordum, hverneñ vier eigum ad skycka oss under hañs sæta Oke hier i Heime, og giefed oss hier med Poleñmædeñar Epterdæme, uñ hveria vier vilium nu nockud Frañveigis Hugleida vt af þessu blessada Orde vors Endurlausnara. Hvar til Gud Allsheriar virdest ad giefa oss sijna Naad og Anda,

ad

ad þad verda mætte hañs Hauleita Nafne til Dijrdar, eñ oss til Eblingar i vorum Sauluhiaalpar Efnum. Þad Bæn heyre goodur Gud i JEsu Nafne, Amen.

Þ Ad er ægiæt Amiñing med hverre Paulus til Hebræos, Cap. 12. ca varpar alla Christna Meñ, segiande: Fyrer þvi eirneñ vier, med þvi vier hofum slikañ Hoop Vottaña uñ krijng oss, þa lautum oss afleggia Syndena þa ed jafnañ vid oss loder, og letur, og lautum oss hlaupa med Poleñmæde i þa Orustu, señ oss er tilskickud, og lijta til JEsum, þess Uppbyriara og Fullkomnara Erwareñar, hver ed, þa hañ hefde vel mætt hafa Fognud, þolde hañ Krosseñ, og aktade Forsmanena ecke; Og sette sig til hægre Handar uppa Guds Stoole. Miñest ca þañ sem þvilijk Mootmæle i giegn sier af Syndurunum þolde, svo ad þier preyteste ecke nie uppgiefest i ydar Hugskotum, þvi þier hafed eñ ei allt til Bloodsens mootstaded i Strijdenu moote Syndeñe. I þessum Ordum leider Postuleñ oss fyrer Siooner Christi blessad Dæme, hverin eckert er kroptugara og eckert algiordara til Epterbreitnes, og Eblingar Umburdarlyndesins. Guds Eingieteñ Sonur leid hina Smaanarlegu Kvol og Krossens Dauda fyrer añarlegar Synder; Þvi skyllde Syndareñ þa

skioota sier undañ þvi, er hañ med Oteliande Afgiordum og Bodorda-Brotum forþienad hefur? Guds Sonur þolde Helvijtes Pijsler vor vegna, megnum vier ecke hañs sæta Ok og hañs liettu Byrde ar oss ad taka? Hañ drack hiñ beysku Kaleik Guds Grimdar-Reide þurt i Botn, og þær Dreggiarnar sem hiñ Ogudlege atte af ad swpa, eñ hañ drack þier til under eins Christeñ Madur, sem vill hañs Læresveirn heita, þiñ Skierfur er ollu miñe. Bikar þesse er wtskiptur medal allra hañs Elskulegra Ast-Vina, þvi svo seiger hañ sialfur: Hver sem vill miñ Læresveirn vera, hañ take siñ Kross uppa sig og fylge mier epter. Fyrer því giæt þess, ad svo margur Petrus, svo margur Paulus, svo margur Jacob, svo margur Vottur Guds Pijslar, Ja svo margur Astvinur JEsu, sem ecke hefur elskad sitt Liif allt i Daudañ, svo marger eru þeir, sem hialpa þier til ad drecka þeñañ Kaleik, ef ecke ar añañ Veg, þa med fijnu Epterdæme, þvi seiger Petur, ad vier skulum hugga oss þar vid, ad vorer Brædur i Heimenum meiga þola hid sama. Þeir drucku allshugar fegner, eins og eirn Sælgiæting þyrster epter Minade Veralldar þessarar; Svo laungade þa epter ad lijda med Christo, svo ad St. Paull seiger: Eg em vel til Frids i Veikleikanum, i Forsmaneñe, i Naudunum, i Ossookunum, i Angisteñe fyrer Christum, þvi þa eg er veikur, þa er eg maattugur, 2. Cor. 12. Ei meiga Meñ ætla þeim hafe Hor-

mungeñ

nungeñ i siælfre sier þott nein Skiemtan; Hrygd er hun eñ ecke Glede, seiger Postuleñ til Hebræos., medañ hun æliggur. Eñ þeir lijta æ Launeñ, Heb. 11. Og reiknudu ecke Mootlætingar þessara Tijma, verdar þeirrar Dijrdar, sem framm vid oss mun koma i eilijfu Lijfe, Rom. 8. Taked hañ og skipted honum æ mille ydar, sagde JEsus vid sijna Læresveina, er hañ riette þeim Kaleik hins nyia Testamentis i sijnu Bloode, sem fyrer þa og alla Meñ wthellt var. Med þessum Kaleik skipar Paulus, 1. Cor. 11. Ad kuñgiora Dauda DRotteñs þar til hañ kiemur. Hverneñ æ hañ þa ad kuñgiora, Brædur mijner? Ecke einasta ad miñast þess, ad hid saklausa Guds Lamb, sem i burtu bar Heimsins Synder, er fyrer oss Foornfærdur, eins og Gydingar neyttu Pasca-Lambsens i Miñing Lausnareñar af Ægypta-Lands-Prældoome, helldur hins añars, ad fyrst hañ hefur vegna vor lided, svo eigum vier med honum ad lijda: Fyrst hañ er fyrer oss dæeñ, þa er skylldt, ad vier jafnvel hañs vegna i Daudañ gaungum: Fyrst hañ hefur skipt med oss nyia Testamentesens Kaleik, þa er oss einsætt, ad skipta med oss hans Kross-Bikar, þvi lijka svo sem honum byriade fyrst ad lijda, og iñgaanga sijdañ i sijna Dijrd, svo eigum vier med honum Krosseñ ad bera, adur eñ vier saaum med honum Dijrdleger ad verda, nema vier kiosum helldur ad verda epter af þeim, sem i gegnum margar Mootlætingar hliota iñ ad

gaanga til Lijfsins. JEsus var yfergiefeñ af sijnum Fodur: Pad var hañs stærsta Mootlæte i allre siñe Hormung. Eckert talade hañ uñ hañs Hwd-Stroku, hañs Nagla, hañs Pyrne-Coronu; Pad gieck hañs blessada Lijfe og Saalu nærst, ad hañ var af honum yfergiefeñ, sem hafde i honum alla sijna Velhocknan, svo sem Vanlegt var, þvi hañ vantar alla Hlute, sem er af Gude yfergiefeñ, Himen og Jord kuña honum ecke ad Hugsvala. Pañ vantar eckert sem Gud ecke vantar; Þvi þegar hañ Gud hefur, hyrder hañ hverke uñ Himen nie Jord: Eñ hvar fyrer var JEsus yfergiefeñ aa Krossenum, syndugur Madur? Uppaa þad þu skyllder alldrei yfergiefeñ verda i þijnum Krosse. Þvi dræck hañ af þañ Kaleik, sem hañs Fader gaf honum, og jafnvel hinar svru Dreggiar hañs Reide, og þiña Synda aasamt þar med? Uppaa þad hañ kriddade þañ Bikar, sem þier er ætladur med Sætleik epterkomande Alldar, med Miñing sijns Dauda, med Von siñar Dijrdar, med Fride og Fognude i Heilogum Anda. Fyrer þvi huggar St. Petur alla Christna Meñ i hiñs Fyrra Pistels, Cap. 1. med þessum Ordum: J hverium þier glader erud (hañ meinar JEsu Christo) uñ Hrijd ef Þorf gioreſt, þoott þier med Jmislegum Freistingum hryggder verded, svo ad Raun ydar Trwar verde dijrmætare Gullenu fundeñ (hvert ed forgeingur, eñ verdur þo i Elldenum reynt) til Lofs og Dijrd-

ar

ar og Heidurs þa þegar JEsus Christus mun openberaſt, hvern þier ecke ſiaed og elſked hañ þo, hvern þier nu, ſem ſtendur ecke aulijted, eñ þar þier a hañ trwed, munud þier med O-wtſeigiañlegum og Dijrdlegum Fognude glediaſt.

JEsus var yfergiefeñ þegar hañ hieck a ſijnum Krosſe, eñ þad varde ecke leinge: Litlu ſijdar mællte hañ þaug bleſſudu Ord, ſem voru Ender hañs Hormunga, eñ Upphaf vorrar Sælu. Þad er Fullkomnad: Þvi ſeger þa Paulus, Col. 1. Nu gled eg mig i mijnum Hormungum vegna ydar, og eg uppfylle þad ſem epter er af Christi Pijſlum a mijnu Hollde fyrer hañs Lijkama, ſem er Safnadureñ? Hvad þa? Hefur Paall nockud lided fyrer oſs til Forlijkunar hia Gude? Neitar hañ þvi 1. Cor. 1. ſeigiande: Er Paall Krosſeſtur fyrer ydur? Eda erud þier i Pals Nafne ſkijrder? Er þar i Paule eda nockrum odrum Hialpeñ, og ecke alleina i Christo? Þvi ſie fiærre, þvi einſamañ hefur hañ Vijn-Preſſuna troded. Liet Christur nockud Ogiort af voru Endurlauſnar-Verke, þa hañ doo a Krosſenum? Eingañvegeñ, þvi hañ vitnade fyrer ollum Heime under ſitt Andlæt, ad þad være fullkomnad: Hvad er þad þa, ſem epter er af hañs Pijſlum? Eda hveriar eru Leyfar þeſſar? Þad er Christi Kross-Bikar, hvern hañ tildrack ollum þeim, ſem a hañs Nafn trwa mundu, þa hañ hafde afdrucked Guds Reide Kaleik. Mikell er þo Mu-

nur peirra. Christur drack oss til Forlijkunar, vier dreckum til pess, ad lijkiast honum: Christus pañ eckert til ad drecka, vier hofum forpient bæde pad hañ drack og vier dreckum. Hañs Kaleikur var af Guds Reide birladur, vor af hañs Elsku: Christur hefur oss med sijnum Kaleik forpienad Himna-Rijke, vier forpienum eckert med vorum, skulum hañ po drecka adur eñ vier iñgaungum i Himna-Rijke.

Christelega Kyrkiu nefner St. Paall Christum, 1. Cor. 12. Seigiande: Svo er og Cristur, meinande po hañs andlegañ Lijkama. Paall hafde og alla Orsok til ad komast pañ Veg ad Orde, bvi pa er hañ spurde ad fordum a Veigenum til Damascus; Hver ert pu HErra? svarade DRotteñ honum, eg em JEsus af Nazareth hvern pu ofsœker: Er pa Olijkt Brædur mijner, ad Safnadarens Pijsler nefnest Christi Pijsler; Edur Mein Guds Barna, sem eitt eru med honum, sieu hañs Mein? Sañlega er pad ecke undarleat, pvi hañ seiger: Matth. 24. Hvad pier giordud einum af peim minstu Vesælingum, pad giordud pier mier. Hvad pa? Pessar Leyfar Christi Pijsla uppfyllde Paall a sijnu Hollde, svo sem Limur a hans Lijkama: Ecke pad, sem brast a Forlijkunena fyrer Gude, pvi pad var eckert, heldur pañ Skierf, er Paale var ætladur: Eingu bætte hañ vid pad, sem gollded var a Krossenum, heldur took hañ Hlut i Lausnar-

Giallð-

Gialldenu under Krossenum: Eckert vañ hañ Christs Lijkama, þad er Christs Sofnude, til Uñbootar hiæa Gude, helldur allt þad hañ leid; Hwngur, Þorsta, Klædleyse, Þwstur, Hrakning, Ervide, Lastmæle, Offsockn, ad hañ var Hreinsun Veralldar og allra Afrák halldeñ, 1. Cor. 4. Þad leid hañ ad soñu fyrer Christi Sofnud þeim til Uppfrædingar, eñ ecke til Forlijkunar fyrer Christum: Ad soñu til ad auviña hañ eirn, eñ ecke til ad frelsa Saalernar med honum: samverkande Christo i Predikun Evangelii, eñ ecke i Lausnar-Gialldenu, og var gladur af þvi ad hañs Hlutur fiell þañ Veg Christi Lijkama til Nota, og hañs Sofnude til Sidboota. Af þessum Leysum D Rottens Kvala, er þier og Skierfur ætladur Guds Barn: Laat þier þañ lijka, er þier boreñ verdur. Þu veitst ecke hvers þu aatt ad bidia, Rom. 8. Laangtum sijdur hvad þier er hent ad lijda, laat hañ þvi raada, sem er trwr og freistar einkis yfer Megn framñ, og siñ Eingietañ Son hefur uñ Stundarsaker yfergiefed, uppa þad hañ þig alldrei yfergiæfe: Eñ ad honum er vijst ad gaanga, ad svo sem hañ vard yfergiefeñ, aadur eñ hañ fieck alla Hlute fullkomnada, sem heyrdu til þiñar Saaluhiaalpar; Svo byriar þier ad yfergiefa, þad er, afneita siaalfum þier, og taka hañs Kross uppa þig, aadur eñ þu verdur med Paulo foornfærdur, 2. Tim. 4 Ecke til ad væta neinu vid hañs Forþienustu, þier til

Mysk-

Myskunar og Forlyskunar, helldur hañ Veg sem DRotteñ sagde vid Paul, 2. Cor. 12. Naud mijn ænæger þier, þvi miñ Kraptur fullkomnast i Veikleikanum. Þvi Andsvare vard Paull svo seigeñ, ad hañ seiger strax epter: Þar fyrer mun eg miklu fegnastur hroosa mier af Veikleikanum, svo ad Mattur Drottens bwe i mier. Med þvi ad JEsus var yfergiefeñ, þa hefur hañ oss þad afrekad, ad þegar vier erum af ollum yfergiefner, þegar vier hofum oss sialfa yfergiefed, þegar oss siinest ad Gud hafe oss eirneñ yfergiefed, þa erum vier allra sijdst yfergiefner. Kañ nockur ad flæma Gud wt wr Himnenum? Er hañ ecke hañs Hasæte? Kañ nockur ad rijma honum wr þess Hiarta, sem ber Krosseñ epter JEsu hañs Syne? Er þad ecke hañs Bwstadur? Eins torvellt er hvert-tveggia og eins Omogulegt, þvi i Himnenum bij eg seger DRotteñ Zebaoth og i sundurkromdum Hiortum, Esa. 66. þvi talar Paulus vel, er hañ seiger: Eg megna alla Hlute fyrer hañ, sem verkar i mier, Christur; Og i þvi Trauste seiger hañ, Rom. 8. Þegar hañ hefur adur prijsad Trwfeste Guds, og minst a Hormungar Guds Barna: I ollu þessu yfervinnum vier fyrer hañ, sem oss elskad hefur; Eg em þess fullviss, ad hverke Daude nie Lijf, hverke Einglar nie Hofdingia-Dæme nie Vellde, hverke Nærverande nie Epterkomande, hverke Hæd nie Dypt nie nockur oñur, Skiepna mune

gieta

gieta skiled oss vid Kiærleika Guds sem er i Christo JEsu Dottne vorum. Eg mæle ei Ofgar neinar, þo eg seige ad Krossen Christi sie Trygda-Pantur Guds Eingietens Sonar, med hverium hann sæmt hefur sijna Elskulega Brwdur Christelega Kyrkiu; Þvi fyrr mun Himen og Jord forgaanga, en ad þad bregdest, ad þeir sem lijda med Christo, þeir mune med honum Vegsamleger verda; Þvi þad eru Guds Ord, Rom. 8. Þar fyrer Guds Barn, svo opt sem þu virder fyrer þier þaug Mootlæte, er þu lijdur Christi vegna, svo opt mættu fagna og glediast af Smeck epterkomande Alldar, hverrar Sæla þeim heiten er, sem Christi Ok draga, ecke sijdur en Brwdurenn sw ed hefur. Ynde af þeim Gripum, er henar Unuste hefur hene til Trygda-Merkis epterlæted; Þar fyrer seiger JEsus hiar Matth. 5. Sæler erud þier nær Menerner hallmæla ydur og tala i giegn ydur alla Vondsku fyrer mijns Nafns-Saker, þo liwgande; Fagned þier og vered glader, þviad ydvart Verdkaup er nooglegt aa Himnum. Ecke er Gerseme þesse fogur i Heimsins Augum. Svo sem hann, er hana gaf, svo er og sialf hun, Forokt-un Mana og Fyrerlitning Foolksens, þo hefur hun þessa Yferskrift: Þad sem O-gofugt er fyrer Heimenum, þad hefur Gud wtvaled: Þvi er hun kostulegre en allt Veralldarenar Gull og Sylfur, þad hefur morgum nidursokt til Helvijtis. JEsu Kross hefur ollum þeim til Himnarijkis Dyra

fylgt

fylgt i giegnum þad þraungva Hlided, sem ecke hafa latted Opolenmædena hrinda honum af Herdum sier. A Gulle og Sylfre er Konga og Keysara Mynd og Yferskrift: A Krossenum er Yferskrift Guds og Teikn JEsu Christi. Heimureñ mun fyrerfaraſt med ollu þvi sem i honum er, eñ þeim Fiarsiood, er Krosseñ ablar, fær hverke Molur nie Rid grandad, og epter honum fa ecke Piodfar grafeſt: Þesse Dyr-Gripur verdur ecke tekeñ af Guds Hende, nema med Poleñmædeñe, þvi añars er allt þad vier lijdum, eckert añad helldur eñ Straff Syndareñar, og riettara ad seigia, þess Ogudlega Næningia Kross, helldur eñ Christi. Giæted þo ad Brædur mijner, hvad margt meiga Meñ i Heimenum Illt lijda, og hafa þess eingeñ edur skañvíñ Not: Hvad polum vier ecke fyrer Gotz og Peninga? fyrer Metord og Virdingar? Oleyfelega Fysu Holldsens, til Sadningar þeirra, er þo ablar æ meira Hwngurs?

O! hvad þarfara være ad þola allt þetta Christs vegna, og gjora þvo Næningians Kross ad Guds Krosse? Omælañlegur Skattur er Poleñmæden, hun giorer Skadañ ad Abata; Hrygdena ad Glede, Skorteñ ad alls Nægtum, Siwkdoom Lijkamans ad Heilbrygde Saalareñar, hveriu eckert er betra, eckert ypparlegra, og eckert þvo ad seigia Guddoomlegra a medal Mañaña Sona; Þvi þad er Almættis Kraptur hins lifanda Guds, ad giora Gott af Illu, og latta

alla

alla Hlute samverka þeim til gooda er hañ elska/ Rom. 8. Eñ þetta framkvæmer hañ i Veikleika vorum fyrer Poleñmædena, þvi hun er Bijflugueñe lijk, hver ed wtsijgur hiñ besta Voxa wr Grosum og Aldyne Jardareñar, hvar af sijdañ verdur hid sæta Hunæang: Hun færer sier allt i Nyt, og tekur hid besta af hverium Hlut. Eckert er svo torvelldt edur illt, er heñe mæter, ad hun hafe þess ecke einhver Not, Medlæte og Motlæte giorer hun sier jafnt-amt ad bera; Hun þrijfur Mañeñ wt wr Rijke Luckiñar, og færer hañ wt i eitt orugt Vijge, hvar honum mat ecke granda: Hun er Mwrveggur Erwareñar; Hun stioornar Fridnum; Hun kveiker Kærleikañ, Hun ebler Lijtelæted, Hun bijdur epter Ydraneñe, Hun Krossfester Hollded, elur Andañ, stioornar Twnguñe, styrker Hendurnar, Foottredur Freistingarnar, burtdrijfur Hneixled: Hun huggar hiñ Fætæka, temur hiñ Rijka, og styrker Bein hins Volldugu til ad þola gooda Daga: Svo miklu meire er hun odrum Dygdum, ad eingeñ Dygd kañ heñar aan ad vera, sijdur meiga þær vaxa i Mañsens Hiarta, ef heñar misser, eñ Grased a Jordueñe fyrer utañ Soolareñar Varma, þvi mikla Poleñmæde skal hafa til þess ad temia sier Dygdena, og ei miñe til ad hallda heñe fastlega, og eins og heñar Mooder Gudhrædslañ er, svo er og siælf hun til allra Hluta nytsamleg. I einu Orde ad seigia: Hun

er

er svo Naudsynleg Christnum Mañe, ad Postuleñ til Hebræos Cap. 10. Meinar ad eingan heñar kuñe einger ad niota Guds Fyrerheita, seigiande: Poleñmædeñar kuñed þier ecke ann ad vera, til þess ad þier gierande Guds Vilia, eignest Fyrerheiteñ. Jacob Postule hroosar heñe a þeñan Hatt: Poleñmædeñ hefur fullkomed Verk, ad þier sieud algiorder og fullkomner, og i eingu neitt vante; Hvad ecke er um of talad; Þvi eingeñ Dygd kañ leinge ad standast ann Poleñmædeñar, fyrer Torvelldnis saker þeirra Hluta, sem Dygdeñ þarf ad briota under sig: Eñ hafe hun Poleñmædena i Fylgd med sier, mun allt audsooktara verda, þvi hun ridur hiñ klungrootta Dygdaña Veg, og giorer allar Ofærur jafnsliettar; Svo ad eingeñ Vegur verdur Dygdeñe ad Oveige. Svo er hun kostuleg, ad eirn af vorrar Kyrkiu Lærendum Cyprianus, hefur ecke virdt fyrer sier ad seigia um Kiærleikañ, sem er Konungur Dygdaña: Kiærleikureñ er Band Vinattuñar, Grundvollur Fridarens, Samteingsing Einingareñar; Hañ er ædre Voneñe og Trwñe, þvi hañ mun eilijflega med oss vera hiia Gude i Rijke Himnaña; Eñ taked Poleñmædena fraa honum, og mun hañ ei leinge Einsamall vara, taked Umburdarlynded i burtu, og hafed þier hañs Root afskored. A hverium Hlutum hafa Meñ mestar Mætur i Heimenum? A Speke og Vijsdoome: Eñ hvad seiger Salomon þar

um?

um? Prov. 19. Mañsens Lærdoomur þeckest af hañs Poleñmæde: Og eñ aptur seiger hañ, Cap. 14. Sa sem Poleñmoodur er, stioornast af Vitsku mykellre, eñ hiñ Opoleñmoode upphefur Heimsku sijna. Hvad er eñ þa framveigis ad giætt hallded? Abl og Hreiste: Par um talar þo Salomon ad þeñan Hatt, Prov. 16. Hiñ Poleñmoode er betre eñ hiñ Sterke, og sa er stioornar Lund siñe, helldur eñ sa, sem Borgernar yferviñur. Hvad er eñ þa þessu betra? Gudrækne og Goodgyrne: Eñ þær meiga alldrei vid Poleñmædena skilia. Eingeñ Hlutur er svo adgiætur, sem Guds eilijfa Giæska og Myskunseme: Eñ hana auglijser hañ hvad mest i Poleñmædeñe yfer Syndum vorum, og svo hefur Salomoni þoockt um þeñan adgiætasta Mañkost mykels verdt, ad hañ seiger, Eccl. 2. Vei þeim sem Polenmædena mist hefur. Nærsta adgiæt er vors Endurlausnara Amiñing hia Luc. Cap. 21. Par hañ seiger: Eigneſt Sealer ydar i Polenmæde, þvi þeir einer eignast Sealer sijnar (þad er sitt Lijf) riettelega, sem Hormungarnar Polenmoodlega lijda fyrer Christi Saker, þvi þeir kuña alldrei Skipbrot ad lijda a Salu siñe, þar Gud er heñar Lijf: Peirra er hid Dijrdlega Fyrerheit, ad þo þeir deye, þa skule þeir samt lifa, og a þeim mun þad, er HErrañ seiger, fyllelega sañast, ad sa sem wtgiefur sitt Lijf fyrer hañs Skulld, hañ mun þad aviña. Meñ meina optlega ad þeir vardveite

sitt Lijf, ef þeir það spara, og skioota sier undañ Oke Christi, jafnvel að Ofriaalsu. Hiñ Fantæke hleypur til að stela, hiñ Underþryckte hræsnar, sa sem i Guds Stad er settur til að vanda uñ við adra, hañ stijngur bæde Augun vt, að hañ siae ecke Synder og Leste, nie þurfe að hafa Omak fyrer að straffa svoddañ Hlute, eñ slijkt heiter þo Reyndar, að tapa Lijfe sijnu, eñ ecke að aaviña það, þvi eins og það, að eitt Haar mun ecke falla af þeirra Hofde ann Fodursens Vilia, sem að Gud Ottast og kyssa aa HErrans Hrijs, berande svo Hita og Þwnga Dagsens, med Christelegu Uñburdarlynde, svo mætte og uñ hina segia, að eingeñ þeirra Limur nie Lidur mune fyrer eylijfum Kvolum Ohultur vera; Þvi þeim sem afneitar mier fyrer Moñunum, þeim vil eg afneita fyrer mijnum Himneska Fodur, seiger JEsus: Eñ sa afneitar honum, er ecke afneitar sialfum sier, þvi hver hañ ecke samañsafnar med honum, hañ sundurdreifer. Take eingeñ svo Maal mitt, að eg kalle það að burtkasta Christi Oke, þoott eirn sporne vid Oklorum þeim er Mañleg Nattura er underorpeñ, edur lære sem kiænast að sigla vid Audvidre Luckuñar: Alldrei hefur Gud bañad að leita sier Heilenda i Siwkleikanum; Alldrei að sneida hia Offstopa hins Dramblaata, alldrei að safna riettum Sofnum þegar vel geingur, svo að Meñ lijde eingañ Skort aa hiñe vondu Tijd, alldrei hefur hañ helldur skipad að meida sig edur særa, Ba-

als Piounkan er þad, eñ Guds ecke, Þad kalla eg ecke helldur ad taka Christs Ok uppa sig, Hitt kalla eg ad sperrast i vid Oked, ad mogla under Krossenum, og ad grijpa til Oleifelegra Medala þegar ad-preynger, þad heiter ad giora Christi Kross ad Næningians Krosse, og þad heiter ad skioota sier undañ Oke Christi, ad vilia ei takast a Hendur þa Mædu, edur þad Verk, er Gud hefur einum uñboded, jafnvel þott hañ vite sier Hæska bweñ.

Stoort Ohacklæte er þad, og Obæreleg Ohlijdne ad siar JEsum Christum undañ sier ganga, berande hiñ Smaanarlega Krossens Galga a Herdum sier, og þar a allar Veralldareñar Synder, eñ vilia ecke epter honum koma, þa hañ þad skipar. Gud naade oss auma og synduga Meñ: Vier vilium aller rijkia med Christo, eñ varla nockur med honum lijda: Aller fylgia honum i Dijrdeñe, fæer i Kvoleñe: Aller vera med honum i Paradijs, eñ eingeñ a Krossenum hanga. Eg veit ad soñu, ad hier er hægra uñ ad tala, eñ i ad koma, eñ hvad skulum vier þo til giora? Vier skulum þad þo lijda; Hañ er Jehova, og giorer vid oss hvad honum gott þyker: Hvert vilium vier flya þangad, sem hañs Orvar ecke hitte oss? Þo vier tækium Vænge Morgun Rodans og flyum wt under hid ytsta Heimskaut, þa er hañ þar, og þott vier brwum oss Rwm i Helvijtenu, sem David ad Orde kiemst, þa er hañs

Hond og eirneigeñ þar. Være þa ei bera, christeñ Madur, ad þu giörer þa Byrde, sem Gud þier a Herdar leggur ad Christi Oke, med heilagre Poleñmæde, og poleñmoodu Umburdarlynde, peynkiande med þier i Krossburdenum hid sama, sem St. Paall þeinkte um Evangelii Predikun; Ef eg giöre þad viliugur, þa hefe eg Laun, eñ ef eg giöre þad naudugur, þa er mier þo þad Embætte a Hendur faled. Hvar med þu snijr Galle Freistingaña i Hunang Elskuñar, svo hiñ beiske Kaleikur Hormungaña verdur ad gledelegu Christs Myñe. Sa hefur med miklu Snarræde frelsad sig fra Eymdum þessa Lijfs, sem Poleñmoodlega lijdur, og eingañ Riett hofum vier yfer Luckuñe, og þeim Tilfellum, sem daudleger Meñ eru underorpner, nema Poleñmædeñar, hun er Eitur Luckuñar, og med eingum Hlut kuña Meñ betur ad bana heñe og heñar Utsendurum, sem eru Siwkdoomar, Orbyrgd, Offookner og añad þvilijkt, helldur eñ ad drecka heñe til af Poleñmædeñar Kaleik. Giæt þar ad, Christeñ Madur, ad þad er þiñ Skapare, er Mootlæted ar þig leggur: Þad er Ok þijns Endurlausnara er þu ber: Þad er Guds Heilagur Ande, sem hiælpar þier til ad bera, epter þvi sem Paall kieñer, Rom. 8. Andeñ hiælpar Mættleise voru, þvi þad vier skulum uñbidia, vitum vier ei sem ber, eñ hiñ same Ande er Medalgængare fyrer oss, med Oumrædelegum Andvorpunum, eñ hañ, er Hiortun

tun ransakar, veit hver ad er Meining Andans, þvi hañ er epter Gude Medalgæangare fyrer Heilaga. Seig, hverneñ kant þu illa ad fara æ svo leinge þu ert slijkum Herra Pioonustubundeñ? Hvad margur vogar Lijfe sijnu fyrer Konungeñ, og tekur Lijkamleg Laun? Par kieppast Meñ svo uñ, ad færre faa eñ vilia; Og Kongureñ kañ þo eingañ fyrer Daudanum Ohultañ ad vardveita, Þvi munu Meñ þa ecke eins fwser þiena Konunge Dijrdareñar fyrer eilijft Verdkaup, sem er noogleg taa Himnum? Hañ er DRotteñ DRotteñ, sem fraa Daudanum frelsar, og lætur sijna Pioonustu-Meñ lifa, jafnvel þott þeir deyie. Vel talade David Konungur Fordum vid Zadoch Kieñemañ: Fær þu heim aptur i Borgena Ork DRotteñs, finñe eg Naad i Auglite DRotteñs, þa leider hañ mig heim aptur, og lætur mig siaa hana og miñ Bwstadeñ: Ef hañ seiger svo; Eg hefe ecke Pocknan aa þier, siaa, þa er eg hier, giore hañ vid mig hvad gott er i hañs Augum. Eingeñ þecker betur vora Krapta til ad vera Krosseñ helldur eñ hañ, sem bæde hefur skapad oss og lijka lagt oss hañ uppaa. Þad er ad vijsu satt uñ hañ, ad hañ er Trwr og freistar eiñkis yfer Megn frañ; Þvi seiger Paulus til Hebræos, ad vier hofum ecke þañ Biskup, sem ei kañ ad sampijnast vorum Eymdum, helldur freistadañ aa allañ Hatt lijka svo sem vier, þo aan Syndar. Gude er ecke Okunnugt, ad þu kañt ecke svo myklum Pwnga und-

er ad rijsa, sem hañs Eingieteñ Sonur, hver ed bar alla hañs Reide. Eingeñ er gloggvare i þvi, ad vega wt Krossens Byrde epter Mæling Kraptaña, helldur eñ hañ sem ber alla Hlute med Ords sijns Kraptar. Hañ liet hina Canversku þratta vid sig, hañ svarade strax Hundrads-Hofdingianum, hañ aavijtade Konungs-Mañeñ, hañ myskunade peirre Bloodfallssiwku adur eñ hun eitt Ord talade. Laut vera ad Gud drage undañ uñ Stundar-saker ad hiaalpa, samt er þad vijst, ad hañ hefur heyrt siña Barna Bæner: Eñ vier vitum ecke a Stundum hvers vier bidium: Eñ hañ veit hvad oss þienar, hañ deyder optlega Lijkamañ til ad lijfga Saalena, hañ breñer hier med Mootlætingaña Ellde, ad vier skulum ecke Eilijflega breña, hañ Krossfester oss med Christo, svo vier verdum honum Handfester, hañ dregur undañ ad hiaalpa, svo ad Hiaalpeñ þess betur i Hag kome. Sa ed ei hwngrar, verdur ei Fædsluñe feigeñ; Hañ sñ alldrei vard Ør-þyrstur, veit ei hvad gott þad er ad svala sier; Svo munde oss ei helldur siñast myked uñ Guds Myskunsemder, nema hañ liete oss epter sier þyrsta. Þad er Omogulegt ad Gud liwge, seiger Paulus til Hebræos Cap. 6. Þvi skylldu þa ecke hañs blessudu Ord hafa Stad, sem hañ hefur huggad oss med hia Esajam Cap. 56. Þad skal skie, ad adur eñ peir kalla, þa vil eg Bænheyra, og aa medañ peir eru eñ þa ad tala, vil eg heyra. Krossen er Elsku-Merke Gu-

ds Almattugs, þvi hvern þañ Son, sem Faderen elskar, þañ agar hañ. Hvern mun vor HErra kiærare haft hafa, eñ sijna Elskulega Moodur, og þañ Læresvein, uñ hvern skrifad stendur, ad JEsus hafe hañ elskad? Gott er ad eiga Hlutskipte med þeim Christeñ Madur.

O! HErra JEsu Christe, þu sem vor vegna ert Madur Hormungaña ordeñ, Jaa, Madkur eñ ecke Madur, Forsmaan Mañaña og Fyrerlitning Foolksens, Virdst þu fyrer þiñ eylijfa Guddooms Krapt, med hverium þu hefur þa bitru Kvol og Krossens Dauda yferuñed, ad vera maattugur i vorum Veikleika, svo ad vier mættum goodre Baraattu beriast, Skeided fullenda, Trwna geyma, og uñ sijder wr Bijtum bera Coronu Riettlætesins; Hveria DRotteñ hiñ Riettlaute Doomare virdest ad giefa oss aa þeim Deige; Og ecke alleinasta oss, helldur ollum þeim, sem hañs Tilkomu elska. Þad Bænheyre goodur Gud af Naad siñe og Myskun, fyrer JEsu Christi Nafns Skuld, Amen.

* * * * *

PREDJKUN

wt af hinu

Fiñta Orde DRottens JEsu Christi a Krossenum.

Mig lyster.

FIm Ordum Daga þegar vor Blessadur Endurlausnare ferdadest um̃ Samariam, þa giordest hañ mædur a Reysiũe, og setteſt nidur hia Jacobs Bruũe, eñ þar bar ad i sama Sin̄ Konu nockra vr Borgeñe, er hañ sagde vid: Gief mier ad drecka, hun svarade: Hvorneñ bidur þu mig um̃ ad drecka eina Samariska Konu, þar þu ert Gydingur, þvi ecke sammeyta Gydingar Samariskum Mönnum? Eñ JEsus svarade heñe og sagde: Ef þu visser Guds Giof, og hver sa være er vid þig seiger, Gief mier ad drecka, þa munder þu bidia hañ, ad hañ giæfe þier lifanda Vatn, Joh. 4. St. Paull vitnar um̃ DRottenn JEsum, 1. Cor. 10. Ad hañ sie Uppspretta þessa lifanda Vatns, talande um̃ Fedurnar a þeñan Hatt: Ad þeir hafe aller drucked af þeirre epterkomande Hellu, hver Hella ad sie Christur. Nu fyrst vor Endurlausnare er Uppspretta hi-s lifanda Vatns. Fyrst þad Vatn, er hañ vill oss giefa, er svo

Kropt-

Kroptugt og Heilnæmt, ad hver sem af þvi dreckur, hañ skal ecke þyrsta ad Eylijfu: Fyrst þad skal vera i øllum þeim, sem Erfide drya og Þwnga eru þiæader, eirn Bruñur sem vellur upp til eilijfs Lijfs, Joh. 4. Hverneñ er hañ þa siaulfur i hiñe beysku Kvol og Angist, yfirkomeñ af saurum Þorsta? Þvi hroopar hañ a Krossenum? MJG ÞYRSTer. Þvi er hañs Kraptur upppornadur i honum, svo sem sñur Skurn, og hañs Tunga loder vid hañs Goom? Þs. 22. Þvi eru hañs Kverkar svo hitnadar, og hañs Augu fortærd, þar hañ bijdur epter sijnum Gude? Þs. 69. Er Hiaulprædesins Bruñur upppornadur? Eru Vellystingaña Straumar upppurkader? Er þad Heilsusamlega Vatns-Flooded, sem vokvar þa Himnesku Paradijs, øllumgis horfed? Eru Lijfsins Ædar med øllu toomar ordnar? Ecke sijndest þar miked avanta, Miñ HErra JEsu, a Deige piñar Pijnu, þar þu kvaldest i þeim Loga. Øllum er þad kuñugt, ad þegar eirn Verk-Madur ber Hita og Þwnga Dagsins, og tekur sier Erfided nærre, þa,

upphornar hañs Natturlegur Vokve, svo hañ sæker æreñ Porste. Hvad skulum vær þa meina uñ hiñ triva Guds Pioon, Esa. 53. Þegar hañ erfidade i vorum Syndum, og vier giordum honum Mædu med vorum Misgiordum, þar hañ var dreigeñ alla Noottena, fra einum Stad til añars, Allañ Dageñ var hañ bareñ, hrakeñ, Hwdstryktur, med Þyrnum krijndur, med Reyrnum i hañs Andlit sleigeñ, wtdrifeñ af Stadnum med hina þwngu Krossens Byrde, og sijdañ eins og ein Bolvan uppa Gælgañ heingdur, hvadañ hañs allra Helgasta Blood wtfloode Lækium samañ. Þesse illa Medhondlan hefur nu kvaled hañs blessada Muñ med yfer-mæta miklum Porsta. Ad eg tale ecke uñ Guds Grimdar Reide-Elld, sem brañ yfer hañs Eingietnum Syne vegna añarlegra Synda, allt til nedsta Helvijtis. Sijnest þier nu ecke Raadlegt Barn Guds, ad þu athuger hvar fyrer þiñ Endurlausnare hefur allt þetta lided? Hvad tijdt hefur þig laungad i Hoorunar Vijn Veralldar þessarar? Eñ hvad stalldañ epter Uppsprettu

Lijf-

Liſſſins, ſvo ad þu mætter ſiaa Liooſed i hañs Liooſe, Pſ. 36. Hvad opt hefum vier Raunglæted iñdrucked, ſvo ſem þurr Jord iñdreckur Vatn? Eñ hvad faaer kuñum vier ad ſeigia med David: Mijn Saala er ſvo ſem þyrſt Jord a moote þier, Pſ. 63. Þar fyrer hefur JEſum þyrſt a Deige ſiñar Piſſlar, ad vier kvitter yrdum vid hiñ eilijfa Kvalaña Porſta i Helvijte, eñ kiæmum aptur i þeirra Sammeyte, uñ hveria ſkrifad ſtendur: Þa hvngrar ecke, þa þyrſter ecke, þviad Lambed ſem er midt a Guds Stoole fæder þa, og leider þa fraṁ ad Bruñum ferſkra Vatna, Apoc. 7. Vier vorum fyrer Adams Porſta aller hrapader ofañ i þa Grifiuna hvar eckert Vatn var iñe, Eñ hiñ añar Adam, ſem er DRotteñ a Himnum, 1. Cor. 15. hefur fyrer ſiñ Porſta uppfyllt oſſ af Feitleika ſijns Hvſſ, og dryckiad oſſ med Straumum Vellyſtingaña. Hvad ſeiger Drotteñ Gud, Levit. 26? Ef þier kaſted mijnum Setningum a Bak ydur aptur, og ydur velger vid mijnum Riettendum, þa vil eg ſkipa Ottanum yfer ydur ad koma

med

med Visnan og breñande Þorsta, sem fortæra skulu ydar Augum og kvelia Sæler ydar. O hvad læungt erum vier fra þvi, ad vier høfum geymt hañs Riettende, edur geinged a hañs Vegum, þar vier erum aller af-fallner, og høfum vellt ossi Endeme Syndaña, fra eirnre Rænglætingu til añarar, Svo ad allt Høfuded er sivkt, allt Hiartad er veikt, fra Hvirfle og allt til Ylia, er þar ecke nema Sar, Kaun, Beniar og Prote, Esa. 1. Þar fyrer hefur Sonur lifanda Guds vor vegna þessar Kvaler þolad, eñ þo allra hellst fyrer vorrar Tungu og Muñs Vanbrwkan, med hvertum vier hiñ Myskunsama Gud mest allra vorra Lima og Lida styggium og til Reide reitum. Uñ þetta Esne vilium vier nu i þetta Siñ nockud Frañveigis tala. Og fyrer þvi, ad þessar Synder hafa vorum Blessada Endurlausnara svo mikla Mædu auked framar ødrum, svo sem sijdar mun sagt verda: Þa vilium vier med fæstu Ordum yfervega, hversu liodtur og Vidurstyggelegur Glæpur ad sie Vanbrwkun Tunguñar, ad vier þess helldur

læra

læra mættum ad venia hana fra Skañarlegum Ord-Rædum og Fiblslegu Hiale, eñ temia hana til Packlætis og Lofgiordar vid hiñ lifanda Gud, sem ossheefur fyrer Forpienustu Sonarens, frelsad fra Straffe pessara og pvilijkra Illgiorda. Til pessa hiælpe oss Myskunsamur goodur Gud, fyrer JEsum Christum, Amen.

Þegar hiñ Rijke Sælgiætingur, sem Lucas umñ skrifar, Cap. 16. Hañ kvaldest i pvi Dijke, sem rijkur af Ellde og Breñesteine, pa beidde hañ ecke Vægdar a neinu, nema Porstænum, jafnvel þo ad Sal og Lijkame pijndest i peim Loga; Hvar af raada mætte, ad pegar vor blessade Endurlausnare var i samre Fordæmingu, Syndaña vegna, sem hañ bar saklaus fyrer vorar Saker, pa hafe og petta vered hañs mesta Kvol, sem hañs blessada Lijkama pijnde, pvi umñ eingeñ oñur Holldsens Sarende heyra Meñ ad hañ kvartad hafe umñ allañ Kvala-Timañ, og er lijklegt, ad hañ hafe pa mestu Hrellinau lided fyrer hinar mestu Synder. Eñ ad pær mestu Synder sieu med Muñenum drygdar, Sijnest mier hañ votte hiæ Matth. Cap. 15. Pegar Pharisæi misvirdtu fyrer honum pad Ord, er hañ talade, ad pad saurg-

saurgade ecke Mañeñ, sem in um Munen, helldur þad, sem wt af honum geinge. Þvi svo leggur hañ siælfur wt Ord sijn fyrer Læresveinunum, ad þad sem af Muñenum framkome, þad wtgaunge af Hiartanu, og þad saurge Mañeñ; Eñ af Hiartanu wtkome vondar Hugsaner, Mañdrap, Hoordoomar, Frillulisnadur, Þiofnadur, Liwgvitne og Lastmæle. Eingeñ Synd er svo stoor edur hrædeleg, sem Gudlostuneñ, og verdur sw Skoñ allra mest med Tunguñe frameñ. Ad soñu kvikna allar Synder i Hiartanu, eñ þær eru ecke svo skiædar, nema Tungañ flytie þær wt i Almeñing. Miklu færre verda og med Verkunum drygdar, þvi margur blygdast vid ad giora þad hañ vogar þo ad tala. Þad eykur og miklu hier a, ad margt af þvi Meñ tala, reiknast varla edur ecke fyrer Synd vor a medal: Eñ þær verda Syndernar stærstar i Guds Auglite, sem litlar edur eingar eru i voru; Hvar fyrer? Þvi vier ydrunst ecke þess, er vier kollum einga Synd vera, vill þvi hier af audraded verda, ad hinar mestu og verstu Synder verde med Twnguñe drygdar. Þad er og vijst, ad allar Skañer og Lester, sem ad nijda Mañeñ og gisra hañ vidurstyggelegañ i Guds Auglite, þad verdur añadhvert forsvarad med Vanbrwkan Twnguñar, ellegar og svo af heñe siælfre i framñe haft. Eitt illgiarnt Hiarta, er ad soñu Mooder Lastaña, sem adur er sagt, eñ þad skiedur a stundum, ad þeir verda

da añadhvert med Otta Hegningareñar, edur af Blygdun Natturuñar, edur og fyrer hollar Amiñingar, edur og Krapt Guds Orda, dreppnar i Moodur-Kvide, heñe til mikellrar Heilsubootar, eñ skule peir i Lioos koma, pa verda peir a einhvern Hatt af Muñenum og Twnguñe Lid ad hafa. Hver hefur svo nockurn Tijma einhvern Glæp i Verkunum framed, ad hañ hafe ecke añadhvert tilreidt sier Veg par til med Muñenum, edur forsvarad pad sama med honum sijdañ? Og er pad ad sonn Natturlegt og Almeñelegt: Eñ hvert pad er par fyrer svo Gudrækelegt edur Christelegt, læt eg ollum epter ad Hugleida, sem vita ad Gud er Hiartnaña og Nijrnaña Rañsakare, og mun pad margt skrifa uppa Reikning, sem i Myrkrvnum er huled. Svo opt sem mier i Hug koma paug straungu Ord, er vor Endur lausnare sagde vid Pharisæana; Svo lætande: Eg seige ydur, ad af hverju Onitiu Orde, sem ad Meñerner tala, skulu peir Reikningskap standa i Doomenum, pvi af pijnum Ordum munt pu Riettlætast, og af pijnum Ordum munt pu fordæmast, Matth. 12. Pa skielfur mitt Hiarta i mier aumum Syndara, sem ecke veit Tolu a pvi, hversu opt eg hefe hiñ gooda Gud stygdañ med Lastmælum vid Naungañ og odrum Ogudlegum Ordum, auk-helldur med fa nijtu Hiegooma Tale. Eg kañ ecke añars eñ lata mier sama i Hug koma pegar eg petta heyre, sem peir

ed

ed tilheyrdu. Fordum Daga, er JEsus sagde: Ad hægra vær ellfalldanum ad gaanga i giegnum Nælar-Augad, eñ rijkum Mañe i Himnarijke, er þeir svorudu: Hver mæa þa hoolpeñ verda? Matth. 19. Og nema hañ hefde sialfur lagt til þa Blessudu Riettar-Boot, ad þad sem Omogulegt er fyrer Moñunum, þad være mogulegt fyrer Gude, þa sie eg ecke ad nockur syndugra Maña kyñe uñ eitt Augnablik med roolegre Samvitsku ad vera; Þvi hver kañ ad lofa med David, ad hañ vilie vardveita sijna Vegu, þad hañ syndge ecke med Tungu sijne, Ps. 39. Og þoott þad hafe hañs goodur Asetningur vered, þa hygg eg þar længt fraa vera, ad hañ hafe þad enda kuñad. Nu þoott ad vor Reikningskapur, bæde af Ordum og Verkum, verde med Guds Sonar Bloode wtsliettur og yferdreigeñ, þeirra sem á hañs Nafn trwa, og ecke gaanga epter Holldenu, heldur i Andanum, Rom. 8. Samt skulu Meñ vita, ad þetta ecke Syndlaust er, fyrst þar af a i Doomenum Reikningskap ad standa, og ad Meñ skulu hier fyrer svo sem a hverre añarre vitañlegre Avirdingu i Guds Auglite Forlats bidia. Muñur og Twnga er oss af Gude gieseñ til ad tala þaug Eyrende, er Lijfenu og Lijkamanum vidkoma, til ad vegsama vorn Gud og Skapara, til ad aekalla hañs heilaga Nafn, til ad kieña odrum hañs Vegu, til ad tala Mæle Eckiuñar og hiñs Fodurlausa, og forsvara hiñ Underþryckta, og

Naud-

Naudſtadda. Eñ Gud nade, hvad opt ad hier ber wt af: Hvad morg Hiegoomleg Skiemtan, Kalls, Skrokſeme, Stooryrde og oparfer Eydar gaanga par wt af vorum Muñe, og er petta hin meſta Idia vors Muñs og Tungu, jafnvel peirra ſem vilia vanda Raad ſitt, og ecke tala Flærd nie Lygar Naunganum til Skadrædis: Um̃ peſſa Hlute hefur hiñ Vijſe ſatt talad, af ſiñar Bookar 19. Cap. Er hañ ſeiger: Par er til ſa, er hraſar med ſiñe Twngu, eñ ecke af Hiarta, pvi hver er ſa ecke ſyndge med Twngu ſiñe? Hvar af vier merkia eigum, Born mijn, ad ecke eru ſvoddañ Ord-Rædur aan Syndar, pvi poott pær ſvo af all-morgum halldnar ſieu, jafnvel poott peirra Liootleike være eingeñ añar, ſem po ecke er, pa koma pær ſamt i Stad peirra Hluta, ſem Gude ættu til Lofs og Dijrdar ad vera, og Naunganum til Gagnsmuna, rænande ſvo hiñ, peim Skatte, er hañ hefur ſier ſkiled af Muñe og Tungu, eñ peñañ, Gagne ſijnu: Eñ Gud giæfe ad pad være hier med bwed, og ad hin eitrada Spilling Syndareñar, ecke dreyfde ſier vijdar wt med Ogudlegum og bañvænum Muñ-Sofnude. Baagt er allt Skadræde Tunguñar upp ad reikna, pad mætte mæda eina Jarn-Tungu, po hun tala kyñe, og preyta margañ Muñ. Mier ſijneſt po ad Jacob Poſtule hafe i ſaum Ordum miked iñebunded i Cap. 3. Pegar hañ ſeiger: Siaed eirn lijteñ Eld, hverſu mikeñ Skoog kañ hañ upp

ad breña. Tungañ er eirnen Elldur, Veröld full Rænglætis; Svo er Tungañ a medal vorra Lima, og fleckar allañ Lijkamañ, og uppkveiker alla vora Umgeingne, nær hun af Helvijte upptendrud er, þviad allar Nattturur Dijraña, Fuglaña og Skridkvikendaña og Siooskrijmslaña verda tamdar og eru tamdar af Mañlegre Natturu; Eñ Tunguna gietur eingeñ Mañatamed, hid Ospaka illt, Full Daudlegs Eyturs. Pañ Veg talar nu þesse Guds Madur umm Tunguna og heñar Brwkun: Eñ hvar fyrer er hun Elldenum lijk? Þvi ad svo sem eirn lijtell Neyste, þegar hañ fellur i hid Elldfima, kviknar hañ smæamsamañ, þar til hañ verdur ad miklu Bæale, og breñer allt i krijngum sig, hvad sem fyrer verdur, svo slepper Tungañ einu Orde, Orded fæder af sier Grunsemena, Grunsemeñ lioostrar upp Riktenu, Rikted kveiker Almaña Room, Almaña Roomur Ohroodur og illt Mañ-Ord optlega umm gooda Meñ, og þa er þess einga Sok hafa, er þeir vid-dreifder eru; Þvi er hun Veröld full Rænglætis? Þviad i heñar Vanbrwkun er ecke eitt illt, helldur þusundfolld Vondska. Hver hæder og spottar, nema Tungañ? Hvar af kiemur Roogur og Bakmælge, nema af Tunguñe? Hvadañ wtflioota Gudlastaner, nema af Tunguñe? Med hverju liwga Meñ Lijtum og Skommum uppa Næungañ, utañ med Tunguñe? Hvar bwa skamarlegar Ord-Rædur og

fiblz-

ſiblslegt Hial, nema i Tunguñe? Af peſſum gietaſt oñur Fooſtur epter peirra eigeñ Mynd, og peim ollu argare; Svo ſem er Agg, Reide, Prættaner, Fiandſkapur, Mord, Mañdræp, Strijd, Barætta og oll ſw Olucka, ſem upp kañ ad hugſaſt Mañа æ medal. Hvar fyrer upptendraſt hun af Helvijte? Pviad Diofulleñ er Mañdræpare i fræa Upphafe, og hañ ſtood ecke i Sañleikanum, og Sañleikureñ er ecke i honum, pegar hañ talar Lijgena, talar hañ af ſier ſiaalfum, pvi hañ er Ligare og Lijgeñar Fader, Joh. 8. Eñ peir ed ſier hana temia, peir eru af Fodurnum Fianda, og gisra Gyrnder ſijns Fodur, Joh. 8. Pvi er hun full daudlegs Eyturs? Pviad ſvo ſem Eytred, nær pad er iñdrucked, ſmijgur pad fliotlega iñ i Æder, Bein og Sinar, par til pad ſæalgar Mañenum, ſvo er og Lijgeñ eitt Atu-Mein Mañlegrar Velferdar og goods Nafns, og pa hun eitt Slñ æ Lopt komeñ er, og Meñ taka til ad henda hana Muña æ mille, pa liñer hun ecke fyrr, eñ hun hefur fyrer-giort goodu Mañorde peirra, er hun leggſt æ, par fyrer ſeiger David i Pſ. 5. Og Paulus i hañs Orda Stad, Rom. 3. Ad Hoggorma-Eytur ſie under peirra Vorum, Og i Pſ. 10. Ad peirra Muñur ſie fullur af Bolvan og Hreckvijſe.

Oll Veroldeñ er full med ſvoddañ Dæme. Hver kom Mephibozet i Ohocka hia David, nema Flattſkapur Zibæ hñs Pienara? 2. Sam. 16. Hver ſveik

Lijfed af Nabot, nema Jessabels banvæn Tunga? 1. Reg. 21. Hver fyrer kom Amos Spæmañe hia Jeroboam Konunge, nema Amaziæ Fortolur? Amos 7. Hver uppæste Borgar-mwgeñ i Philippis a mooté Paulo og Syla, nema ein skiæd Tunga? Act. 16. Hver drap Kieñemeñena i Nobe, nema Doegs flærædur Muñur? Hvar med hañ steypte eirnre hastarlegre Olucku yfer siñ Herra, svo ad Gud vard honum ækaflega reidur, og reif Israels Rijke af hañs Hende, eñ gaf þad hañs Pienara. Siæed hier hvad stoorkostlegre Ogiæfu ad ein Mañskiæd Tunga kañ af Stad ad koma, svo ad jafnvel Kongar og Fyrstar eru ecke Ohulter fyrer heñe: Hvar fyrer David, sem var eirn megtugur Herra, bidur Gud a peñañ hatt, Ps. 119. O Rotteñ vardveit þu Sælu mijna fræ ræangsnwnum Vorum og falskre Tungu. Og Salomon hiñ vitraste a medal Konungaña i Austur-Alfuñe, hañ helldur Lijgena svo skadsamlega, ad hañ seiger; Ad eirn Hofdinge, sem giarnañ heyrer Lijge, hafe alla Pienara Odyggva. Og kañ eingeñ stærre Olucka einum Magtar-Mañe til ad falla: Og þesse Mælsgrein Salomonis, er hverju Ordesañare, þvi aller vilia lifa epter þvi sem eirn Stoor-Herra er lyndur til. Nu þo hañs Pienarar vilie samsiña honum og þocknast i ollum odrum hañs Gyrndum og Tilhneigingum, i Lauslæte, i Ohofe i Mat og Dryck, i Agyrne, i Ofridseme, i Ofbellde,

hellde, i Laatgiæde og Leikaraskap; Þa er þad Heilagleike hiaa þvi, ad fylla hañs Eyru med Lygar, þvi hver sem þeim samsiñer, hañ verdur ad byggia alla sijna Giorninga uppaa lausañ Grund voll, og sitt Hws aa Sande, hvert ed braadlega hrapa mun, svo snart sem Vindureñ blæs, þad er, nær hañ einhveriu Andstreyme mæter, hvar fyrer Salomon eñ aptur seiger: Ad sa sem treyster uppaa Lijgena, hañ ale Vindeñ, og hañ hlaupe epter fliwgande Fuglum. Saa Lijgeñe giarnañ trwer, giorer bæde Vonda og Gooda Otrwa. Hiner Raangsnwnu hnijsa epter hvad eirn Hofdinge Ottast, og snwa honum epter þvi sem sialfer vilia þeir med lognum Fraasogum. Nockrer vilia afþvo sijn eigeñ Saurende med Lastmælum og illu Uñtale uñ adra. Sumer koma Vinum sijnum aa Framfære med Roogie og Bakmælge uñ þeirra Jafningia. Nockrer samsetia Skrok-Sogur og svo sem añad Æfentijr edur Leik-Spil aa moote Ovinum sijnum, og Otal svoddañ Veide-Brellur hafa vonder Meñ til ad faanga med einfolld Hiortu: Eñ hiner, sem þa eru prwdare, þegar þeir siaa, ad Eyrun eru svo fol aa þvi hafa Hofde, og ad þeir eckert Forsvar hafa i sijnu Meinleyse, leggia þeir af Gott ad giora, og temiast aa þad, sem þeir siaa ad gillda mune til þeirra Tijmañlegrar Velferdar. Þetta seige eg ecke þar fyrer, ad Meñ ei verde Naudsynlega ad heyra bæde Satt og Loged fyrer Mañana Illsku-Saker.

Hitt seige eg, ad pad byriar vel ad Rañsaka adur par er epter giort, svo sem Postuleñ Rædleggur, seigiande: Vere hver Madur fliotur til ad heyra, eñ seirn til ad tala, og til Reide tregur, Jac. 1. Eg helld med hinum Vijsa, Cap. 10. Eccl. Par hañ seiger: Ad betre sie eirn Piofur, helldur eñ saa, er lijgur jduglega, eñ baader munu peir Oluckuna erfa. Pvi hvad eru Fiemuner hiaa goodu Mañorde? Hveri Salomon kallar Gulle betra, Prov. 22. Marger hafa falled fyrer Sverds-Eggium, eñ po ecke svo marger, sem dotted hafa um Tungu sijna, seiger Syrach Eccl. 28. Par af maa siaa, ad Lijgeñ og Bakmælgeñ er ecke einasta Skadvæn peim, sem fyrer heñe verda, helldur slær hun sin eigeñ Mañ um Hælseñ. Eitt Riett-Trwad Guds Barn parf ecke svo ad Ottast skiæda Tungu, pad hefur Athvarf i goodre Samvitsku, sem og optlega hiaa Guds Bornum, sijnum Lijkum: Og bere af pvi, pa hefur pad Athvarf hiaa DRottne, sem er peſs Forsvar, er Orietteñ lijdur, og Rañsakar Hiortun og Nijrun. Og hvad meira er, ad saa sem Oriett lijdur af falskre Tungu fyrer Sakleyse, hañ hefur aagiætt Fyrerheit af honum, i hvers Muñe alldrei eru Svik fundeñ, par hañ seiger, Matth. 5. Sæler erud pier nær Meñerner hallmæla ydur og tala i giegn ydur alla Vondsku, fyrer mijns Nafns Saker, po liwgande; Fagned pier og vered glader, pvi ydart Verdkaup er nooglegt aa Himnum. Eñ

eg

eg kalla ad saa lijde Hallmæle fyrer Christi Skuld, sem Veroldeñ aalasar fyrer þa Hlute, sem Christur boded hefur. Mar eg þvi hier uñ seigia, ad A-austur falskrar Tungu og Odællrar, sie svo sem Pantur þess Fyrerheitis, er DRotteñ lofad hefur þeim, er af heñe meiga margañ Ojafnud þola Guds vegna, edur Sokum Framkvæmdar þeirra Hluta, er hañ skipad hefur i sijnu Orde, og kiemur þad hier fram; Ad þeim sem Gud elska, samverke aller Hluter til Gooda, Rom. 8. Vite þvi saa, er añadhvert af Lausmælge, edur Hvatvijse, edur og af Ofund og Fiandskap leggur i Vana siñ ad hallmæla odrum, Jafnvel þeim sem Guds Viner eru, og hafa kañ skie vel giort til hins sama, edur ad miñsta Koste honum eckert tilgiort, (hvers morg eru Dæme) ad hañ hiñ same, seige eg, tilbijr sialfum sier þañ Ohroodur, sem hañ odrum ætlar: Þvi fyrst steyper hañ yfer sig Guds Reide, og sijdañ ablar hañ sier Opocka, jafnvel hiar þeim, sem giarnañ heyrt gieta, ad odrum sie hallmællt. Gamallt Ordtæke Veralldareñar seiger: Eg elska Svikeñ, eñ ecke Svikarañ, og svo er þvi vared hier: Margur er saa sem gietur heyrt sitt Lof, eñ añara Last af einum Flærdar-Muñe: Eñ ef hañ er Vitur, þa forsmæer hañ þañ sama, og jafnvel hatar, þvi hañ vænter sier hins sama af honum ef til vill, strax sem hañ er wt af Dyrunum geingeñ: Fyrer þvi er eckert betra i slijku, eñ ad hlijda Raade St. Peturs, er hañ seiger, 1. Pet. 3.

Sa sem vill elska Lifed og sia gooda Daga, hañ temie Tungu sijna fra Vondu, og Varer sijnar ad ei tale þær Svik. Og þott Meñ kuñe ad eiga Sokullt vid Einhvern, þa gietur þess, er same. Postule seiger eñ aptur, 1. Pet. 3. Giallded ecke Illu Illt, edur Last fyrer Lastmæle, helldur blessed i Stadeñ þess, vitande ad þier erud til þess kallader, svo ad þier Blessunena erfed. Eñ allra hellst lautum oss þad Hugfast vera, sem Frelsareñ seiger nærre med somu Ordum, Matth. 5. Eñ eg seige ydur, Elsked Ovine ydar, blessed þa, er ydur bolva, giored þeim gott, er ydur hata, og bidied fyrer þeim, sem moothægia ydur og Ofsækia, svo ad þier verded Born Fodur ydar, sem a Himnum er. Eckert er Omañlegra, eckert svijvirdelegra, eñ ad hefna sijn med Lijge og Lastmælum, og þad giora ei giarnañ utañ þeir, sem ecke megna ad skeyta Skape sijnu a añañ Hatt. Þvi er verdt ad hroosa, er Memnon Hers-Hofdinge Darii Persa Konungs sagde Fordum vid eirn Ord-Hak i Lide sijnu, er hañ Lastmællte Alexandro hinum Stoora, Fiandmañe Darii, þa laust hañ þeñañ Pegn med Staungeñe, og sagde: Eg el þig til þess ad þu berieft vid Alexandrum, eñ ecke ad þu laster hañ, svo sem giæte hañ þess til, ad hañ munde ecke hafa mykeñ Proott til ad Beriast med Hondunum, er svo være Openmyñtur. Eirn Lijge-Muñur er Tvijeggiudu Sverde lijkur, þvi hañ skadar a bædar Sijdur, bæde uppdykt-

ar

ar hañ hid Vonda og nidrar þvienu Gooda. Og þoott ad morgum, sem vill Christeñ heita, þike lijted spuñed i þeñañ Glæp, og þad svo miog lijted, ad sa þykest Goodu bættur, sem verst gietur uñ siñ Naunga talad a Stundum, þa mættu Meñ þó lijta til þess, ad St. Paall, 1. Cor. 5. Leggur þessa Odygd ad Jofnu vid hina verstu Klæke, og seiger: Ad ef nockur, sem Bróoder (þad er Christeñ) kallast sie þess Hattar, skule Meñ ei hafa Umgeingne med honum, og ecke samneyta. Hrædelegt er til þess ad vita, ad Christner Meñ skule þañ sama Muñ, med hverium þeir medtaka Christi bleſſada Holld og Blood, sem sviked var þeirra Synda vegna med Lygum og Flæræde, ad þeir vilia þañ sama Muñ (seige eg) liæ Andskotanum til ad skiemma hina froomu og saklausu Guds Lime med. Eingu er Lygareñ lijkare helldur eñ Flugunum, hverium Diosflarner verda og samlijkter i Skrifteñe, þær hafa sitt Foostur af añarra Kvikenda Saurendum, og svo er hiñ Bakmaalunge, ad hañ hefur svo ad seigia Næring sijna, og elur Lijgena a añarra Mañna Ovirdingum, hveriar hañ seiger þusundsiñum stærre, eñ þær eru, giorande svo þessa Mijflugu ad einum Ulfallda. Eg vil ei tala margt uñ þa, sem hafa Inde af ad rægia samañ gooda Vine og Naunga: Eingeñ er skadsamlegre Drepsoott til i Heimenum eñ svoddañ Tunga. Hver er þvilijk Dygd, sem Kiærleikureñ Christeña Mañna a mille, hañ er

Grundvollur Fridarens, hañ samteinger Mañ-
ana Hiortu, og giorer eitt af morgum, hañ læt-
ur eirn bera añars Byrde, hañ giorer riett-trw-
ud Guds Born ad eins Lijkama Limum under
JEsu Christo, sem er Safnadarens Hofud, hañ
ebler Myskunsemena, auglijser Trwna, styrker
Vonena og er þo mestur af þessum, seiger St.
Pæll, 1. Cor. 13. Eñ eckert er honum svo ban-
vænt Eitur, svo sem Roogur og Bakmælge. Vil-
ie nockur hafa Disfuleñ afmæladañ, þa virde
hañ eirn Roogs-Mañ fyrer sier, og er þad hañs
fullkomed Bijlæte, svo ei kañ eitt Egg odru lijkara
ad vera: Þvi svo sem hañ stendur frañe fyrer Gu-
de og æsakar Utvalda Dag og Nott, Apoc. 12.
Þad er hañs stærsta Mein ad Madureñ er i Gu-
ds Vinattu, og þad angrar hañ ad Christner
Meñ uñast sijn a mille: Svo er og hiñ ecke til
Frids ef Meñ elskast Jñbyrdis: Hañ kveiker
giarnañ Hatur a mille Brædra, hvar Gud hef-
ur Andstygd a, og hañ spiller og ruglar almeñeleg-
re Fridseme, svo hañ kuñe ad fiska i þvi Ohreina,
og siæum vier hier af hvad skadsamlegur ad þesse
Lostur er. Take þo eingeñ svo Ord mijn, ad eg
þad Roog kalle, þegar einhver, sa ed Oriett lijd-
ur, kvartar fyrer sijnu Yfervallde; Edur þe-
im hañ eiga ad forsvara, uñ þad hañ þykest
Vanhallden vera, þvi Valldstietteñ er hinum
Vondu til Hegningar sett, Rom. 13. Og sky-
lde Orietture ecke fyrer heñe kiærdur verda;

Hver-

Hverneñ mætte hun þa giora sitt Embætte? Eg vil eñ þa framar tala, ad þott eirn, sem Oskunda lijdur af vondum Moñum, giore mikéd af þessu, þa hygg eg ad honum eige i slijku nockud ad vorkieñast, þvi hañ kañ skie meinar Sokum Fiarkiænsku siñar, ad sitt Maalefne sie betra, eñ þad reinast kañ. Eg verd hier uñ ad tala, þvi eg veit og reynt hefe, ad þad er Alment vor a medal, ad Meñ setia illt Nafn uppa svoddañ Aklaganer, og kalla þad Roogs-Maal, ef nockur kvartar uñ þad hañ Oriett lijdur, svo ad skie mætte, ad þeir sem Huglitler eru, eñ þo Heidvirder vera vilia, ad þeir skirrest vid ad tala uñ þañ Vansa, er þeir syrer verda, og þole helldur Orietteñ, ecke syrer Guds Saker (hvad ed være hiñ agiætaste Hlutur ar Christnum Mañe, þegar þad skiedur syrer-Guds Saker) helldur þess vegna ad þeir Ottast framar Meñena, hiar hverium þeir ecke Riettenum nar, helldur eñ Gud, sem hinum Vesæla mun þo ann alls Efa giora riett uñ sijder, þott hañ drage þad undañ uñ Hrijd. Fiærre sie þvi ad eg uñ svoddañ Hlute hier tale, helldur uñ þar, er bera Roog Maña i mille, uñ þa Hlute er þeim eckert vidkoma, Jafnvel olldungis upplogna, og spilla þañeñ Kiærleikum ar mille þeirra, sem añars mundu ad ollu saatter vera, hverium eg sagt hefe, og seige eñ nu, ad eckert er sarbeittara Pijslarfære Andskotans. Eg vil ei far mier til Orda uñ þa, sem ad vijsvitande gioraft Liwgvitne, sijnum Naunga

til

til Falls og Hresinnar. Hvad seiger Salomon þar um? Prov. 6. Sex Hlute hatar DRotteñ, og aa þeim Siounda hefur hañ Andstygd, sem er eirn Fals-Vottur: Er þad og oll Von, þvi ad Gud er siaalfur Sañleikureñ; Kañ honum þvi eckert svo gagnstædt ad vera, svo sem eirn Skrok-Vottur. Gud er siaalfur i Doomunum, þvi er ecke þar vid ad dyliast, ad saa sem ber Liwgvitne fraṁ fyrer Doomarañ, sem situr i Guds Stad, hañ lijgur ad Gude. Eirn Fals-Vottur er þeim Mun verre odrum Lygurum, ad hañ skadar aa svo marga Vegu: Hañ hæder Gud, hvers hæleita Nafn, ad hañ tekur Lijgeñe til Vitnis, svo sem vilde hañ gisra Gud ad sijnum Stall-Broodur i Skoñeñe: Hañ svijkur Doomarañ, hverium hañ Ovitande kiemur til Raangdæmis: Hañ feller hiñ Saklausa, hvers Blood ad er yfer Svikarans Hofde. Vel talar Salomon um þetta, Prov. 19. Eirn Fals-Vottur hæder Doomeñ, og Muñur Ogudlegra gleyper Raanglæted: Sañlega hæder hañ Doomeñ, þvi hañ lætur Rietteñ, sem er hiñ allra beste Hlutur af Gude giefeñ, til ad vidhallda Mañaña Sambwd og Selskap i Heimenum, verda ad Riettarleyse, og hañ firrer Christeñ Log og Setninga sijnum Asetninge: Hañ svelger Raanglæted, þvi saa bijtur Hofuded af Skoñeñe, og hefur wtskwfad allre Blygdan, sem feller Saklausañ, þar hañ aa ad reisa hañ, er reier Raanglaatañ, sem hañ fella aatte. Og er þad

ecke

ecke noog, B. M. ad Meñ vareſt ad liwga nockru fyrer Doome uppa eirn Saklauſañ, helldur er ſa eins argur, og ollu verre, ſem þeiger uñ Sañleikañ, nær hañ er tilkvaddur hañ ad bera, þvi hañ giorer ſig ſekañ i þeirre Synd, er hañ dylur, og hyggſt ad blinda Augu DRotteñs, ſem eru i Domenum. Jaa, eg ſeige eñ þa, hañ er verre eñ hiñ, ſem opeñberlega lijgur, þvi oll Svik eru verre eñ Ofbellde, og þeſs argare, ſem þaug eru ſvikſamlegre. Gud veit, þad eg ecke veit hvad ſoddañ Meñ þeinkia.

Eg kañ ecke añad ſiaa, eñ Diofulſens Eingill mune hafa bared Sigg i þeirra Samvitſkur, og markad þær med Helvijtis Breñe-Merke, uñ hvert mier virdeſt ad Paulus tale, 1. Tim. 4. Svo ſvijvirdeleg, ſvo Ogudleg, ſvo andſtyggeleg er nu Tunguñar Vanbrwkun, ſem nu hefe eg ſagt, og ollu framar eñ eg kañ fra ad ſeigia: Fyrer þeſſar Odaader, er ſynduger Meñ leika ſier ad, er nu Guds Sonar bleſſadur Muñur, i hverium alldrei fundeñ eru nockur Svik, af Daudlegum Porſta kvaleñ, og þo ætla þeir ſier med þeſſu Athæfe, nær þeir Gudlaſta, Liwga, Sveria, Baktala, Rægia eirn Broodur vid añañ, Soneñ vid Fodureñ, og Pienarañ vid ſiñ Laanar-DRotteñ, og hallda a þeſſu allt fraṁ i Daudañ, þar til þeir gieta ecke leingur loged; Þo ætla þeir ſier, ſeige eg, med þeſſu Athæfe iñ ad gaanga til Liifſens. O! vei, O! vei, Nærſta miog hefur

And

Andskoten uppfyllde slijkra Manna Hiortu, ad þeir meina ad Himnarijke mune svo lijtils verdt, fyrer hvert Konungur Dijrdareñar hefur Lijf sitt laated, og vtstaded hinar bitru Helvijtis Pijsler, edur ad JEsu Forþienusta mune gagna þeim, er þañeñ breita alla Æfe sijna, og ad hiñ strange og Riettlaate Gud mune kasta þessare dijrmætu Perlu fyrer þaug Svijn, er hana þañeñ Footum troda. Hver Eyru hefur ad heyra, hañ heyre þad, og laated ydur þad til Hiarta gaanga; Legged af Svik og Prettvijse, Roog, Lijge og Bakmælge, Vitandé þad, ad hver sem læst þioona Gude og temur ecke Tungu sijna, hañ viller sitt Hiarta og hañs Gudrækne er Hiegoome, Jac. 1. Eñ allra hellst sieu hier uñ æminter Forelldrar, og adrer, sem Ungdoomenum stioorna eiga, ad þeir ecke einasta hafe eingañ illañ Muñsofnud fyrer Bornunum, edur lijde, nær þaug slijkt giora, helldur venie þeirra Ungmeñis Alldur til Packlætis og Lofgiordar vid hiñ lifanda Gud, eñ straffe roggsamlega skamarlegar Ord-Rædur og fiblslegt Hial, ad þess-hættar Klæker næe eingre Root i Barnaña Hiarta, þvi þad vill eirn gamall uñ Hond hafa, er hañ ungur nam, þar til hañ mæ skie, kiemur i þañ Kvala-Stad, hvar hañ ecke fær eirn Vatns-Dropa til ad kiæla med Twngu sijna. Og þo hvad mest, a Ungdoomenum Vara ad taka fyrer hiñe skadsomu Lijge, hver ed myrder Saalernar, seiger hiñ

Vijse,

Viſe, og þad þeſſ helldur, sem Mañlegre Natturu er hættara hier vid, þvi allt Holld er Lijgegiarnt, seiger Poſtuleñ: sijdañ Fader Lijgeñar, hiñ bolvade Hoggormur, spioo Syndeñe iñ i Heimeñ, med hiñe fyrstu Lijge, sijdañ hefur alldrei uñ heillt grooed fyrer oſs Adams Nidium, þvi ætte Bornunum eingeñ Lijge ad þolaſt, jafnvel þoott hun smaa og saklaus vera þyke, þvi ef nockur venur sig a, ad liwga opt ad Gamne sier, þa er hætt vid, ad honum fare so framñ i Kunsteñe, ad honum þyke ecke miked fyrer ad liwga Lijf og Æru af sijnum Næunga, og ad hañ liwge svo leinge ad odrum, ad hañ liwge uñ sijder ad siœlsum sier, og trwe þad satt sie, er hañ þo vita mætte Lijge vera. Hvad er ad vera yfergiefeñ i fraaleitt Siñe, ef ecke er þetta? Rom. 1. O! Herra JEsu Christe, þu sem ecke upplaukst þijnum Muñe, helldur eñ Saudur til Slœtrunar leiddur, þa þu Mootmœleñ þolder, og þeir toludu i giegn þier alla Vondsku; Virdst þu med þessare þiñe Forbienuſtu ad bœta Mælge vora, og vorn Oparfañ Muñsofnud: Legg þu þitt Lof i vorn Muñ, og laat þijna Dijrd og Vegsemd vera Epterlœte vorra Vara.

O! vor Gud, þu ert vor Gud, laat vora Sœlu œrla þyrsta epter þier, og vort Lijf syrnast þig œ Þurrlendenu, þar vier þreitter erum fyrer utañ Vatn, Pſ. 63. Og i hiñe sijduſtu Daudans Neyd, þa vor Tunga gietur ecke talad leingur;

Þa

Þa virdst þu ad lata þiñ Heilaga Anda tala i Hiortum vorum, og bera vorum Anda Vitne uñ, ad vier sieum Guds Børn, og Arfar Himnarijkis; Þar aller Utvallder seigia þier eilijfa Dijrd og Lof uñ allar Allder Allda. Þad Bœnheyre Myskunsamur og goodur Gud, fyrer Sonarens Forbienustu, og veite oss þar til Nad H. Anda, Amen.

* * * * * * *

PREDIKUN

vt af hinu

Siøtta Orde DRottens JEsu Christi a Krossenum.

* * * * * * \

Gud med hiñe dijrmætu Fooru, fyrer hverıa hañ er Einuſiñe tũgeingeñ i þad allra Helgaſta, ad wtvegadre eilijfre Endurlauſn, Heb. 9. Hid fyrra wtriette hañ, allt fra þvi hañ iñgieck hid Kieñemañlega Embætte, þegar hañ var ſkijrdur af Johañe i Añe Jordan, og ſvo ad ſeigia Preſtvijgdur og ſmurdur med Heilogum Anda, Matth. 3. Þar uñ talar hañ ſvo ſiaalfur, epter hina laungu og allra Hiartnæmuſtu Predikun fyrer ſijnum Læreſveinum, ſvo ſem til eins Skilnadar under ſiñ Dauda, er ritud ſtendur hia Johañem, Cap. 17. Eg hefe, ſeiger hañ vid Fodureñ, fullkomnad þad Verk, er þu fieckſt mier ad giora, og hefe opeñberad þitt Nafn Moñunum. Hid ſijdara hefur hañ fraiñkvæmt i ollu þvi, er hañ a ollum ſijnum Hiervistar-Dogum Saklaus polde fyrer vorra Synda ſaker, þar hañ var i Fatækt og Orbyrgd aleñ, þar hañ var Reifum vafeñ, þar hañ var i Aſna-Stalleñ nidurlagdur, þar hañ var af Herode Offooktur, þar hañ vard Land-Flootta, þar hañ Hungrade og Pyrſte, þar hañ Preyttest og Siſiade, þar hañ

var Uñskoreñ, sa ed þo uñskier Israels Hiarta og hañs Sædis Hiarta, Devt. 30. Þar hañ var Bundeñ og Hrakeñ, sem Diofuleñ bunded hefur med Myrkraña Hleckium, 2. Pet. 2. Þar hañ var Hæddur og Spottadur, I hverium ad bwa aller Fiarstooder Vitskuñar, Col. 2. Þar honum var hrækt i Andlit, sem jafnvel med Hrauka sijnum læknade hina Daufu, Maullausu og Blindu, Marc. 7. Hañ var Falsklega æklagadur, sem er hiñ einaste Arnadar-Madur millum Guds og Maña, 1. Tim. 2. Og hañ var seldur fyrer 30. Silfur-Peninga, hvers einaste Blood-Drope er Þusundsiñum dijrmætare eñ allar hañs Skiepnur. Med allre þessare Armædu, er DRotteñ vor þolde a hiñe Mæduſomu Hraknings Reisu sina Lijfdaga, fra Asna-Stallenum til Gaulgans, hefur hañ Fullkomnad þad allra Furdulegasta Dauseindar-Verk, sem nockurn Tijma hefur skied, edur heyrst a Himne og Jordu, sem var ad forlijka Mañeñ vid Gud, og Myskunsemena vid Riettlæted. Eñ allra hellst hefur hañ þad Fullkomnad, og

eiry

eirn Fullkomeñ Enda bunded, pegar hañ Foornfærde ſiaalfum ſier Gude til eins Sætleiks Jlms, Eph. 5. a Krossens Altare, Hvar fyrer, pegar hañ visse pad var allt afstaded, sem hid Eilijfa Riettlæte, af himnum triva Guds Pioon, Esa. 53. ivtheimte, sem hin Eilijfa Speke hafde æsett, ad hañ lijda skyllde, sem hiñ Eilijfe Kiærleike Siaalfviliugur pola villde, pegar hañ hafde fyrer utañ allañ añañ Hita og Pivnga Dagsins vered Hvdstrycktur, Pyrnum Coronadur, a Krosseñ uppheingdur, medal Spillvirkia reiknadur, og med Galle og Edike dryckiadur epter Ritningunum, og eckert epter var, nema pad ad fela Anda siñ i Fodursins Hendur, og deya, pa sagde hañ: PAD Er FULLkomnad. Pesse er hin einasta Foorn, sem Gude lijkade fyrer Syndernar. Pad stendur skrifad uñ Noa, Gen. 8. ad hañ hafe byggt DRottne eitt Altare, pa hañ var frelsadur af Vatns-Floodenu, og offrad par a allskonar hreinum Dijrum, og Gud lucktade eirn Hvildar Jlm, svo sem par verdur ad Ordum komest, og hañ sagde i

sijnu Hiarta : Eg vil ei framar hølva Jordeñe fyrer Manſins saker, og ecke fortæra øllu þvi er Lijfs Anda hefur a Jordvñe. Hafe nu hiñ Myskunſame Gud ſvo blijdkaſt vid þeſſa Foorn, er Noe giorde honum til Hlijdnis og Packlætis i Von epterkomande Giæda, Hvad miklu framar mun hañs Reide þa hvijlaſt, og Stadar nema vid þetta dijrmæta Offur ſijns Eingietens Sonar, er honum giordeſt Hlijdeñ allt til Daudans, og ei framar upptendraſt yfer þeim, ſem a hañs Nafn trwa? Hver kañ þeſſare Foornfæringu kroptugre edur fullkommare ad vera? Hvar ed Kieñemadureñ er Gud og Madur, eirn Preſtur epter Skickan Melchiſedec, Pſ. 110. aan Fodur a Jordvñe, aan Moodur i Himnenum, aan Uppruna, Heb. 7. þvi hañ er gieteñ adur eñ Morgun-Stiarnañ var, Hañs Utgaangur er fra Eilijfd, Mich. 5. Hver vill wtſkijra hañs Gietnad? Eſa. 53. Foorneñ er hid Saklauſa Guds Lamb ſem ad i burtu ber Veralldareñar Synder, Joh. 1. I hverium ad Fadereñ allrina ſijna Velþocknan hefur: Hañ er

eins

eins og Saudur til Slatrunar leiddur, Og hañ þagde svo sem Lamb fyrer peim þad klipper, og upplauk ecke sijnum Muñe, Esa. 53. Svo ad Foornar-Blooded, er Guds eiged Blood, med hveriu hañ hefur Endurleyst Christnena, Act. 20. hvert ed hreinsar oss og þvær af ollum vorum Syndum, 1. Joh. 1. Elldureñ med hverium Foorneñ upptendrast og fullkomnast, er hiñ breñande Kiærleike Eingietens Sonar Guds, med hverium hañ elskade oss þegar vier vorum hañs Ovinir, Rom. 5. hver honum ordeñ er svo sterkur, sem Daudeñ, hvern mikil Vatn kuña ecke vt ad slockva, Cant. 8. og Vatns-Floodeñ miklu sijdur ad kiesia, eñ Baals Presta Vatns-Austur þañ Elld, er af Himnum ofañ fiell yfer Foorn Elia Spamañs Fordum Daga, 1. Reg. 18. Desse Kiærleike er eirn Himneskur Elskuñar Elldur, þvi Gud, sem i Himnenum bijr, hañ er eirn Elldur, Heb. 12. Hañ er og Kiærleikureñ, 1. Joh. 4. Hañ bioo og i Christo, og Christur er sialfur sañur Gud og þad eilijfa Lijf, 1. Joh. 5. Par fyrer er vort Endurlausnar Verk svo

FULLkomned. Og þoott ad Guds Eingieteñ Sonur meine eckert añad med þessit Orde, eñ þess Fullkomnan, þa heyrer svo margt þar til, ad mier sijnest eitt Gudhrædt Hiarta kyñe med mikillre Unadsemd ad yfervega hvad miked þetta Ord i sier iñebindur. Vilium vier þvi med fœrstu Ordum Hugleida i þetta Siñ, Hvad vor Endurlausnare bodar oss hier ad vera FULLkomnad, Med þeim Lærdoomum, er þar ad lvta. Gud hialpe oss þar til med sijnum Heilaga Anda, I Nafne JEsu, Amen.

SIœed, vier forum upp til Jerusalem sagde Endurlausnareñ til siña Læresveina, hiœa Luc. i 18. Cap. Og þar mun fullkomnast allt þad skrifad er af Spœmoñunum uñ Mañsins Son, og hañ mun ofurseliast Heidingium, og mun spottadur, svijvirdtur og hrœktur verda, og þeir munu hvdstrykia hañ og af Dogum rœda. Ecke meinar vor Endurlausnare ad þad mune allt þar framkvœmast, sem uñ hañ er spaad, þvi margt af þvi var audur uppfyllt a hañs Hiervistar-Dogum. Ein Mey hafde Frioofsom orded, Esa. 7. Sa Hertogeñ sem stiorna skylde hañs Foolke Israel, var allareidu wtgeingeñ af Bethlehem a Gydinga

inga Lande, Mich. 5. Jacobs Stiarna var uppruñeñ, Num. 24. Ande Dð Rotteñs var yfer hañ komeñ, hañ hafde smurt hañ til ad predika Evangelium, Fætækum hafde hañ sendt hañ, Esa. 61. Blinder feingu Sijn, Daufer heyrdu, hiñ Hallte dansade svo sem Hiortur, og þar uppleystust Tungur margra: Hver Furdu-Verk hañ sialfur uppa sig þijder, Matth. 11. Þegar hañ svarade Johañis Læresveinum, sem til hañs voru sender. Hañ hafde og alla Reidu svo sem hoogvær Konungur iñrided til Dóttureñar Zion, sitiande a eirnre Ausnu, og a Folanum heñar Syne, Zach. 9. Þetta var allt samañ uppfyllt, og þurfte ei framar upp ad fyllast: Þar fyrer stendur hier i Textanum eitt Ord, er merker ad binda Enda a eirn Hlut, og jafnvel hid sijdarsta af honum ad fullgiora: Þad hefur vor blessade Endurlausnare giort i siñe beiskru Kvol, er hañ þolde vor vegna epter hina sijdustu Reisu sijna til Jerusalem, þar hid saklausa Guds Lamb, sem Fornfærter i fra Upphafe Veralldar, i Skugga Fyrermyndanaña, var sialfur slaatradur a Krossens Altare, hvar epter hin saña Riettlætesins Sool fagurt skein, epter Formyrkvan Daudans, yfer alla þa, sem Hwngra og Þyrsta epter Riettlætenu, og hefur med sijnum Uppruna Skuggasi i burt drifed, og Mynder hins gamla Testamentesins afmarad, sem ei kuñu Samvitskurnar ad hreinsa, Heb. 9. Og þegar hañ var uppheingdur, hefur

hañ alla Hlute til sijn dreiged, Joh. 12. Tiallded i Musterenu er i sundur-rifnad, og pad Allra-Helgasta, i hvert ecke mætte iñgænga, nema hiñ Ypparste Kieñemadur Einusiñe æ Are, er Almeñelegt orded, svo ad Figururnar uñsnerust i Sañleika, Spædoomarner i Fullkomnan, Kyrkiu-Logmæled i Evangelium, sem er Christi Logmæl, og hinar morgu Foornfæringar i eina Forn JEsu Christi Guds Eingietens Sonar, sem er Forlijkun syrer vorar, og ecke einasta syrer vorar, helldur syrer allar Veralldareñar Synder. Uñ pessa Allra Helgustu Dæsemd hafa Fordum Daga spæd, David Konungur i Ps. 22. Zacharias Spamadur i hañs Bookar 12. Cap. Eñ allra greinelegast Esajas i hañs Spædooma 53. Cap. Sia pu; Miñ Pioon mun forsiallega breyta, og hañ mun upphefiast og miog hætt upphafeñ verda, svo pad marger munu hneixlast æ pier, af pvi ad hañs Yferlitur er vidurstyggelegre helldur eñ añara Maña, og hañs Asynd helldur eñ Mañaña Barna; Eñ hañ mun æ peñañ Hætt adrelfa marga Heidingia, sem pad eirneñ Konungarner munu sijnum Muñe samañ hallda i moote honum; Pviad peim sem eckert er par af kuñgiort, peir somu munu sia pad med Fagnade, og peir sem par hafa ecke neitt vt af heyrt, peir munu merkia pad. Petta er i JEsu allra Helgustu Kvol og Pijnu olldungis Fullkomnad, pvi i hañs Dauda erum vier skijrder, syrer hañs Dauda er

Heilsu-

Heilsusamleg Guds Naad auglioos ordeñ ollum Moñum; Og þa vier medtokum þad Heilaga Holld og Blood, sem a Krossenum doo vor vegna, þa kuñgiorum vier Dauda DRotteñs; Og fyrer siñ Dauda, er hañ Daudans Daude og Helvijtis Olyfian ordeñ, Of. 11. Þar fyrer hefur vor HErra med fullum og ollum Riette og Myndugleika sagt a Krossenum: PADER FULLKOMNAD. Þvijafnvel þott hañ hefde ecke eñ þa siñ Anda frau sier lated, er hañ þesse Blessudu Ord talade, þa hafde þo Daudeñ alla Reidu feinged svo Yfer-Hond yfer Lijfenu, ad hañ kuñe epter Natturlegum Hætte ecke framar ad lifa; Og hañ talade þesse Ord med þeim Eptersfylgiande a medañ hañ var ad deyia; Staddur a mille Tijmans og Eylijfdareñar.

Siae hier aller Christner Meñ, hvert nockurt af ollum Guds Ordum kañ ad bregdast, og hversu satt þad er, sem Paulus til Hebræos seiger, Cap. 12. Ad þad sie Omogulegt ad Gud kuñe ad liwga: Ja, Himin og Jord munu forgaanga, eñ hañs Ord forgaanga alldrei, þaug munu forgaanga, eñ hañ vara, Himnarner munu firnast sem añad Fat, og svo sem Klæde mun hañ þeim umhverfa, og þeir munu umbreytast, eñ hañ er eirn og hiñ same, og hañs Ar þrotna ecke, Hb. 1. Aller Spameñ hafa til Christum spad, og allt hvad þeir spad hafa, þad er a Christo og i honum Fullkomnad. Eñ hañ hefur

eirneñ spad, hvad epter hañs Daga skie munde hier a Jorduñe. Kom pad nockud fram vid hañs elskulega Læresveina epter hañs Himnafor, ad hañ hefde pad ecke adur sagt? Hañ sagde peim fyrer; ad peir munde sijta og grata, eñ Heimureñ munde fagna, ad peir munde aklaga pa, og wr eirnre Borg i adra ossækia; Hwdstrykia pa i sijnum Samkundu Hwsum og Lijfe svipta, Matth. 10. Og hver sem ad pa Lijfliete, hañ munde meina sig adgiora Gude pægt Verk, Joh. 16. Petta er alltsamañ a peim Fullkomnad, og ecke einungis a peim, helldur a ollum hañs heilogu Pijslarvottum, sem Vitnisburdeñ JEsu Christi hafa med sijnu saklausa Bloode undirskrifad. Hañ fyrer sagde Jerusalems Eydeleggingu, hversu ad Her-Meñ mundu hana umkrijngia og hana nidur ad Velle briota, og ecke lata eirn Stein yfer Steine i heñe standa, Luc. 19. so ad Gydingum munde peirra Hws i Eyde latted verda, Matth. 23. Allt petta er fullkomnad og framkomed. Vor Frelsare hefur oss og epterlatted eirn merkelegañ Spadoom, Matth. 25. Cap. Um hin Sijdasta Dag, hversu pad Mañsins Sonur mune koma i sine Dijrd, og aller heilagier Einglar med honum, og hañ mune sitia a Sæte sinar Dijrdar, og allar Piooder mune samansafnast fyrer honum, og hversu hañ mune seigia til peirra a hægre Hond: Komed blessader Born mijns Fodur, og eignest pad Rijke, sem ydur

er

er tilbwed fraa Upphafe Veralldar. Eñ til hiña a vinstre: Fared fraa mier bolvader i eilifsañ Ellð, sem fyrerbweñ er Dioflenum og ollum haña Arum. Vier sem nu vitum ad allt petta er frañkomed a Christo, sem fyrer er sagt uñ haña fyrre Tilkomu af Moise og Spaamoñunum, pvi skylldum vier ecke trwa pvi, er hañ siaalfur seiger uñ hina sijdare Tilkomu sijna? Pvi siaaed, Hier er meire eñ Moyses. Nu fyrst vier hofum pessara Maña Vitne medteked; Hvad miklu helldur skylldum vier Guds Vitnisburd medtaka? 1. Joh. 5. Vier aalosum aller Gydingum, ad peir pecktu ecke siñ vitiunar Tijma, og ad peir hafe Konung Dijrdareñar Krosfestañ: Eñ siaaum til ad vier ei uppfyllum peirra Mælingu, hveria vier lostum. Peir sogdu: Hefdum vier lifad a Dogum Fedra vorra, vilddum vier ecke hafa peirra Stallbrædur vered i Liflaate Spaamañana. Svo veit eg ad margur er eñ nu sem peinker: Hefda eg lifad a Christi Dogum, og vered eirn af haña Læreveinum, heyrt haña Kieñingar, og sied haña Krapta-Verk, munda eg ecke hafa giort mig sekañ i Bloode hiña Riettlaata. Eñ siaa til ad pig hende ei verra eñ Gydingana: Peir Krosfestu bañ Einusiñe; Siaa til ad pu Krosfester hañ ecke ad nyu, nie hallder Saattmaalans Blood Almeñelegt, med hveriu pu ert Endurkeyptur, Heb. 10. I pvi ad forsmaa Guds Laanglundar-Gied epter pijnu forhertu Hiarta, og safner pier svo

Reide

Reide aa Deige Reideñar, og Guds Riettlætis-Dooms. Rom. 2. Pu hefur einga Afsokun pott ei hafer þu Christum sied i Holldenu, þvi hañ er þier fyrer Augum afmæladur i Ordenu, Gal. 3. Og ei gagnar þier meira sw Afbotun fyrer Guds Doome, helldur eñ Brædrum hins Rijka, þott ei være Lazarus til þeirra sendur. Seig þar fyrer ecke i Hiarta þijnu, hver mun uppfara i Himeneñ? Þvi þad er ad toga Christum ofañ; Edur hver mun nidurstijga i Underdiwpeñ? Þad er ad leida Christ aptur fraa Daudum. Eñ hvad seiger hañ? Nærre þier er Orded, i Muñe þijnum og Hiarta þijnu: Þad er Ord Trwareñar er vier predikum, seiger St. Paall, Rom. 16. Þvi swo sem þad Gydingar hofdu Moisen og Spæmeñena, af hverium Christi Tilkoma var og fyrersegd, swo hefur þu og siælfañ Christum, hañs Ord og hañs Postula, af hverium hin sijdare er bodud med ollu liooſare Ordum, helldur eñ nockurn Tijma hin fyrre i gamla Testamentenu: Þvi skule Meñ seigia nockud Gydingum til Umbootar, þa voru Figurur og Spadoomar hins gamla Testamentis swo Oliooſar, ad audvelldlega skie kuñe, ad þeir, sem epter Holldlegum Skilninge Rañsokudu Ritningarnar, ætla mundu, ad Messias yrde nockurskonar Veralldlegur Herra: Eñ fyrer oss hefur Christur berlega talad, og mællt einga Ordskvidu, þar hañ seiger hiaa Matth. Cap. 24. Mañsens Sonur mun koma i Skyum Himens med

Magt

Magt og myklu Vellde. Og St. Paall tekur under med honum, 1. Tess. 4. DRotteñ mun med Hroope og Hofud-Eingilsins Roddu og Guds Lwdre af Himnum ofañ koma. Og aptur talar hañ svo par uñ, Rom. 2. Ad DRotteñ mune þa dæma uñ heimugleg Mañaña Efne, epter sijnu Evangelio fyrer JEsum Christum. Petta vita Meñ allt ei sijdur eñ Gydingar vissu fyrer hañs Tilkomu i Hollded. Þvi drygia Meñ þa allar Odæder? Litoga, Stela, Næna, Sveria falskelega, forakta Gud og hañs H. Ord, afrækia hañs Bodord, eru Astlauser, Ofundsiwker, Drambsamer, Forelldrunum Ohlijduger, forakta Yfirbodna, Foottroda Undergiefna, og fremia allar þær Skañer, fyrer hveriar, ad Gud hefur afbroted þa Nætturlegu Kvistena, Rom. 11. Og yfergiefed Heidingiana i fræleitt Siñe, Rom. 1. Svo ad eingeñ hefur sw Svijvirding æ medal peirra æfd vered, ad ecke sie hun vidlijk frameñ nu i Christelegre Kyrkiu, ad undañtekeñe Opeñberre Afguda-Dijrkan, og smisda Meñ sier þo marga Gude auk hins sæña, og hooraſt Daglega fram hiæ honum, epter þvi sem hver er Skape fareñ, og peir sem eckert añad hafa, giora sialfa sig ad Gudum, og leggia meire Virdingu æ siñ vesæla Kropp og færaada Sæl, er honum illa stioornar, helldur eñ æ hiñ lifanda Gud, sem hvorutveggiu kañ ad kasta i eylijfañ Elld, ef hañ vill gaunga i Doom vid Syndarañ, svo ad fram sijnest komeñ Spaa-

doomur

doomur Petri i margra Verkum, hvad sem Hiartad hefur ad geima, par hañ seiger: Ad a sijdustu Dogum mune uppkoma Spottarar, peir ed seigia: Hvar er Fyrerheit hañs Tilkomu? Pvi sijdañ Fedurner sofnudu, pa hefur pad svo tilgeinged i fraa Upphafe Skopunar, 2. Pet. 3. Jat ef oss pyker laangt ad bijda epter peim Teiknum, sem skie eiga fyrer hiñ Sijdarsta Dag, pa meigum vier po vel vita, ad pad mune alla Reidu taka til fram ad koma, sem HErrañ Christur bender oss til, Luc. 18. Er hañ seiger: Pegar Mañsins Sonur kiemur, meined pier hañ mune siña Trw a Jordu? Nu ef ad Christi Spaadoomar, ef hañs heilogu Kieñingar, ef Stroffun og Hootaner, pær ed skie i hañs Nafne, ef hañs Poleñmæde og Laanglundar-Gied kuña ecke ad leida Mañeskiuna til Ydranareñar, pa mættum vier af sialfu Gudleysenu i Heimenum læra ad snwast til Guds, og af Vantrwñe sem drottna tekur i Verolldeñe, ad trwa a hiñ lifanda Gud, sem Himen og Jord hefur skapad.

Nu seigiunst vier po aller vænta hins sijdasta Dags; Svo seiged mier pa i Guds Nafne, seiged mier; Jhveriu Trauste lifa Meñ svo Athugalaust? Mun hañ nockud senda Bod undañ sier? Nei, eingeñ oñur, eñ paug, sem Endurlausnareñ umgietur, Matth. 24. Og so Daudañ, hver ed Daglega vid oss talar i Epterdæmunum, og mætte vera svo sem eirn peigiande Predikare

dikare i vorum Eyrum, sem eñ þa lifum, þvi svo sem Pienareñ er, svo er og Hwsbondeñ, ad hañ kiemur eins og Pioofur a Noottu, 2. Pet. 3. Og þad mun framkoma, sem Endurlausnareñ seiger: Ad svo sem þad var a Dogum Noe, svo mune og verda Tilkoma Mañsens Sonar, þvi svo sem þeir vorn fyrer Flooded, ad þeir aatu og drucku, Gyptust og sig gypta lietu allt til þess Dags, er Noe gieck iñ i Orkena, og þeir vissu ecke af fyrr eñ Flooded kom og took þa; Svo mun og verda Tilkoma Mañsens Sonar, Matth. 24. Mun nockur vita af þessum Deige nær hañ koma skal? Eingañ veigeñ; Þviad Englar a Himnum vita þad ecke; Og Mañsens Sonur, sem hiñ same er Guds Sonur, hañ visse þad ecke a sijnum Hiervistar Dogum epter Mañdoomenum, Marc. 13. Kañ nockur ad hyliast fyrer hañs Auglite, edur hañs Reide, sem a Stoolnum situr? Munu nockud Fiolleñ hrynia yfer þa? Edur Hælsarner hylia þa þeim til Undañskota? Læangt er fra þvi. Hrynia munu þaug ad soñu, og þeir umm Kollsteypast, eñ þo med þvi Moote, ad Hofud Skiepnurnar munu af Hita brædna, eñ Jordeñ og oll þaug Verk sem a heñe eru, munu upbrend verda. Og þeir sem hafa bunded Hiarta sitt vid Heim þeñañ, þeir munu fyrerfaraſt med ollu þvi sem i honum er. Er nockurt Undañfære fræa þessum Doome og Deige Drottens? Eckert, þvi hveria sem hid straanga og hrædelega Dooms Afelle

felle yfergeingur, þeim mun kastad verda i þad Dijke, sem rijkur af Ellde og Breñesteine, þeirra Reikur mun uppstijga uñ Allder Allda, og þeirra Ormur mun ecke deya, og þeirra Elldur mun ecke vtslockna, Apoc. 19. og Esa. 66. Eñ hver hlijder vorre Rædu? Og hverium verdur Armleggur DRottens predikadur, seiger Esajas 53. Hvad skal eg til þess ætla ad þeir mune ottast Dag DRottens, hvern þeir hyggia laungt i burtu vera, sem ecke hrædast siñ Dauda-Dag, er jafnañ fyrer Diyrunum stendur, og þeir ecke vita nema uppreñe med hverre Soolu, sem ad skijn yfer þeirra Rænglæte og illar Athafner, og Meñ lifa þo svo sem ættu þeir alldrei ad deya, jafnvel þo þeir varla añad giore eñ ad forþiena Daudañ, svo sem Verdlaun Syndareñar, Rom. 6. Hver Eyru hefur ad heyra, hañ heyre þad. Vaked og bidied svo ad þier falled ecke i Freistne, Matth. 26. Vaked, þvi þier vited ecke a hverium Tijma Hws-Herrañ kiemur, Marc. 13. Og þetta mun allt vissulega fullkomnast. Af Fullkomnan Spaadoomaña rijs Fullkomnan vorrar Endurlausnar og Uppbygging Christelegrar Kyrkiu. Hiar Luc. 14. Cap. Framűsette vor blessade Endurlausnare eina Epterlijking a þeñañ Hatt: Hver er sa af ydur, nær hañ vill byggia eirn Turn, ad hañ ecke setie sig nidur adur, og reikne Kostnadeñ, hvert hañ hafe þad til, hvar med hañ kuñe ad fullkomnast, ad þegar hañ hefur Grundvolleñ

lagt,

lagt, og duger ecke til ad fullkomna pad, ecke giore aller Gis ad honum, peir ed pad siæa, og seige: Pesse Madur tok til ad byggia og gat ecke fullkomnad? Ad sonu talade D Rotten pesse Ord til Mansioldans, er honum epterfylgde fræa Hwse Pharisæans, hvar han hafde læknad hin Vatnssiwka, i peirre Veru, ad hver sa sem honum vilde til Handa gaanga, mætte vita, hvad peir ættu ad hafa til ad bera, sem vilddu hans Læresveinar vera; Sem er pad Hiartalag, ad hata Fodur og Modur, Konu og Born, Brædur og Systur, og jafnvel Sælu sijna hiæa honum, svo sem skomu adur seiger i sama Capitula. En nu mæa eg po um Sin heimfæra pad uppa siælfan han. O! hvad vel hefur vor Herra reiknad allt pad er purfte til Byggingar sinar Christelegrar Kyrkiu? Han visse allt pad er yfer han ætte ad koma; Han var sier uedvitande sina Guddooms Krapta, hverier alleina kunu pær bitru Helvijtis Pijsler ut ad standa. Hvad mæa svo dijrmætt vera, sem Guds Jbwd i Manenum? Hvad kune svo kroptugt ad finast til Forlijkunar, svo sem Guds eiged Blood? Hver kune pvilijkur Betalingur fyrer Syndena ad upphugsast, svo sem Daude Eingietens Guds Sonar? Hver er so ægiæt og fullkomen Foprn, svo sem hid Saklausa Guds Lamb, sem ad i burtu ber Heimsens Synder? Pessu hroosar St. Petur Postule D Rottens, har er han seiger: Pier erud ecke med Forgeingeleg-

um Hlutum Gulle nie Silfre endurleyster, heldur med dijrmætu Bloode þess saklausa og flecklausa Lambsins Christi, 1. Pet. 1. Allt þetta hefur Guds Sonur lagt til Byggingar sinar Christne, svo ad hañ hefur med ollum Riette sagt vid sin Himneska Fodur: Eg hefe vegsamad þig a Jordu̇ne; Eg hefe Fullkomnad þad Verk er þu fieckst mier ad giora, Joh. 17. JEsus er sca Dijrmæte Steirneñ, hverium Uppbyggiendur hafa i burtu kastad: Eñ þa hañ wtsnaradur var, gisrdest hañ ad Horne Hirningar, hvar yfer hin mikla Bygging hañs Kyrkiu hier a Jorduñe er stadfest og Grundvollud, um hvern i Raun og Sañleika þad seigiast mar, er hañ sagde Fordum vid St. Petur, ad Helvijtaña Port megna ecke i giegn honum, Matth. 16. Þad er merkelegt, sem skrifad stendur i Genesis Bookar Cap. 2. um Skopun Konuñar, ad Gud hafe lated Svefnhofgva falla a Mañeñ, og hañ hafe giort Konuna af þvi Rife, er hañ took af hañs Sijdu: Og sijnest svo sem ad Mañsens Endur-Skopun sie ecke þessu Olijk; Þvi þegar JEsus sofnade a Krossens Galga, og hin myrkva Daudans Noott lagde þaug Blessudu Augun saman, hver ad eru Þusundsinum skiærare eñ Sooleñ, þa var hañs Sijda med Sverde opnud, hvadañ wt-rañ Blood og Vatn. Um þetta hefur eirn af Skalldum vorum merkelega kveded, med hverju og hiner Gomlu Læredur Kyrkiuñar vilia ad teiknud sieu þaug Tvo

Sacra-

Sacramenta Skijrnareñar og Altaresins, hver ad eru hin sterkustu Mattar-Trie i Guds Kyrkiu hieř a Jorduñe.

Pad er og vijst, ad i siñe Skijrn uppbyriade sa Himneske Verk-Meistareñ petta Forvirke, pa safnade hañ sier Læresveinum, hveria hañ uppfrædde i Himneskre Speke, og sende pa sijdañ wt odrum ad kieña. Og i siñe Heilogu Skijrn hefur hañ oll Votn helgad, svo paug verda kyñu heilsusamleg Laug til ad afpvo Syndernar, og Samvitskurnar ad hreinsa af Daudlegum Verkum. Eñ i siñe allra Helgustu Kvol og Pijnu, hefur Hañ Pad Fullkomnad, svo par er eckert framar ad gjora. Pvi seiger Pistels-Skrifareñ til Hebr. Cap. 10. Ad hañ hafe med eirnre Foornfæringu eilijflega Fullkomnad pa sem Heilager gioraſt skylldu. Og hañ kallar hañ i 12. Cap. Uppbyriara og Fullkomnara Trwareñar. Miñ HErra JEsu, hvad kuñe par nu framar ad gioraſt vid piñ Vijngard, seim ad pu ecke giort hefur? Esa. 5. Pu hefur gyrdt i krijngum hañ med piñe Vernd og Varatekt; Pu hefur hreinsad hañ af Steinunum, pad er Stoorgrijte vorra Synda og Hneixlana, uñ hveriar margur Rasad hefur: Pu hefur plantad Eirn Kostulegañ Vijnvid par iñe, sem ert sialfur pu, eñ Greinernar eru peir sem a pitt Nafn trwa. Hver sem par er ar, hañ mun bera mykeñ Avoxt, Joh. 15. Pu hefur uppbyggt eirn Turn par iñe, sem er hid heilaga Predikunar Embætte, I hver-

ium, svo sem adrer Hofud-Stoolpar, ad eru þijn hæleitu Sacramenta. Þu hefur giort eina Vijn-Pressu þar i, sem er þijn bitra Kvol og Pijna: Hana hefur þu sialfur troded, og litad þiñ Kirtel i Vijne, og þiñ Mottul i Vijn-Beria Bloode, Gen. 49. Þadañ eru Lækerner vtruñer umm allañ þiñ Vijngard, a hverium þu endurnærer og vidurkveiker alla þa, sem eru æangræder og sundurknosader. Þu blessada Guds Lamb, þu hefur allt Fullkomnad med þiñe Kvol og Pijnu. Allt er Fullkomnad, þviad Guds Logmal er uppfyllt, hvert eingeñ añar kuñe ad fullkomna. Allt er fullkomnad, þviad Leyndardoomur Holldtekiuñar er Fullkomnadur. Allt er Fullkomnad, þvi þu hefur allar vorar Synder bored uppa Tried, og kastad þeim þadañ i Hafsins Diwp, svo þeirra skule ecke ad Eilijfu miñst verda. Allt er Fullkomnad, þvi Guds straanga Riettlæte er Fullnægt. Allt er Fullkomnad, þviad Madureñ, sem af Nætturuñe er Reideñar Barn og Ofullkomeñ, bañ er fyrer Trwna a JEsum Christum Fullkomeñ ordeñ. Allt er Fullkomnad, þvi Mañaña Magt er yfer þier Fullkomnud, Þeir ræntu þig þijnum Klædum, Þeir uppheingdu þig a Krosseñ, Þeir Lijflietu þig Konung Dijrdareñar. Straakskapur Syndareñar er med ollu Fullkomnadur, þegar Gudlauser Meñ svijfast ecke ad leggia Hendur a hiñ lifanda Gud, þar fyrer sagde Postuleñ Fordum Daga, Act. 13. Þa þeir

hofdu

hofdu fullkomnad allt pad sem uñ hañ er skrifad, tooku peir hañ ofañ af Trienu og logdu hañ nidur i Grofena. Allt er Fullkomnad, pviad Himnarijke er upploked og aller Hluter eru til Reidu, Luc. 14. Allt er Fullkomnad, pvi Vilie pess Himneska Fodur er Fullkomnadur. Miñ Herra JEsu, Pu komst af Himnum ofañ, ecke til ad giora piñ Vilia, helldur hañs Vilia sem pig sende, Joh. 6. Og ad Fullkomna hañs Verk, Joh. 4. Eñ hver er pa Guds Goodur og Nadugur Vilie? Nema sa, ad aller Meñ verde Saaluholpner, og komest til Sañleiksins Vidurkieñingar. Petta er i JEsu bitrustu Kvol og Pijnu olldungis Fullkomnad a ollum peim, sem trwa a Nafn Eingietens Sonar Guds. Hver kañ nu framveigis ad orvænta sier Guds Nadar og Myskunseme? Par hiñ Ypparste Biskup og Hirder vorra Saalna, hefur med peim blessudu Vorum a hveriar Nadeñ er wthellt, opeñberlega yferlijst voru Frelse a Krossens Galga. Kañ nockud Syndeñ nu svo miog ad yfergnæfa, ad Nadeñ i JEsu Christo ecke miklu framar yfergnæfe? Skyllda eg laata mier pad til Hugar koma, ad Gud mune hefna peirra Glæpaña a mier aumum Syndara, fyrer hverta hañs Eingieteñ Sonur hefur fullu gollded? O! miñ Gud, pegar mitt Hiarta braadnar i mier wt af Miñingu Illgierda miña, og pær taka til ad verda mier ofur pwngar, pa hugsa eg til pess Samtals, er A-

braham Fader Trwadra aatte vid Guds Son, er hañ sa hañs Dag, laungu adur eñ hañ fædd-est af hañs Sæde; Gen 18. v. 15. Pad sie fiar-lægt þier (sagde hañ) ad þu giorer þvilijkt, ad þu deyd r hiñ Riettlaata med hinum Raanglaata, þad sie fiærre þier, skyllde ecke allrar Veralldar-eñar Doomare giora hvad Riett er? Nu skrifar St. Paall, Rom. 8. v. 3. Vegna Vanmauttar Logmaalsins, af þvi þad veikteſt fyrer Hollded, hefur Gud sendande siñ Son i Lijkingu Synd-ugs Hollds, og fyrer Syndena, fordæmt Synd-ena i Holldenu: Eg meina i Christi Hollde, hver ed bar vorar Synder, Esa. 53. Og wtstood i þvi Syndareñar Fordæmingu, svo þad er straffad a Syndlausu Hollde, er af Syndugu var tiluñed. Þad vottar Paulus, er hañ seiger: Ad Christur hafe leyst oss af Logmaalsins Bolvan, ordeñ Bol-van fyrer oss, og eñ aptur, 2. Cor. 5. Ad þañ sem ecke visse af Synd, þañ hafe Gud giort ad Synd fyrer oss, svo vier yrdum Guds Riettlæte i hon-um Fyrst hañ hefur nu fordæmt Syndena i Hollde Sonarens, þa mun hañ ei heimta Giold fyrer hana af minu Hollde, og fyrst Christur er fyrer mijna Skuld svo sem hiñ Raanglaute straff-adur, Pa m eg Riettlautur ordeñ og Ostraffan-legur. Gud hefur fordæmt mitt Raanglæte a honum, þvi mun hañ ei fordæma hañs Riettlæte a mier. Fiærre sie þad honum, sem alla Verolld-ena med Riettvijse dæmer, ad hañ heimte tvisvar

Giold

Giolld fyrer hiñ sama Hlut. Eg giorde Gude hiñ stærsta Oriett, ef eg meinte pad Syndeñ yrde nockurn Tijma svo stoor i Jlskuñe, ad Gud sie ecke Fullkomnare i Giæskuñe, pegar hans Naadar leitad er med Ydraneñe. Eg veit ad Syndeñ reiknast epter pvi, sem sa er stoor til, er hun er giord a moote, sem er hiñ Allsvalldande Gud: En pad huggar mig, ad han hiñ same er Forlijkun fyrer mijnar Synder: Eg veit pær skilia a mille Guds og mijn, En JEsus i siñe Kvol og Pijnu hefur mig svo fast vid Gud bunded, ad eingen fær mig slited af hans Hende, og eg em pess Full-vruggur, ad han mune ecke spirna peim Vesæling burt af siñe Myskunar Footskor, er par liggur i Trauste hans Pijsla, sem svo miked hefur uñed til, ad Madureñ kyñe ad verda eirn Ande med Gude, ad han gaf siñ Anda i Daudan fyrer siñ Ovin. Jæ, HErra JEsu, Eg peinke par uñ, ad petta var eitt Almættis Ord, er pu hier talader, midt i Daudamun, munt pu ecke kuña ad veta nu svo kroptugur i mijnum Breiskleika, pegar eg berst vid Daudañ, i hinum sijdustu Andarslitrum? HErra, laat pu pa petta blessada Ord lifa i Hiarta mijnu, svo ad Stærd pinar Forpienustu sie ætijd fyrer Augum mier, midt i Andlautenu, ad eg med pess meira Trauste meige fela miñ Anda i pijnar Hendur. Hialpa pu mier pa, Skeided ad fullkomna, svo eg Rietlætes sins Coronu vr Bijtum bere, og aflogdu pvi, sem Halfverked er fyrer piet, Fullkomnadur verde,

og inteken i eilijfa Dijrd og Fognud a Lande lifande Mana: Pad Bænheyre Myskunfamur og Naadarrijkur Gud, fyrer fijn Eingieteñ Son JEfum Chriftum, og giefe par til Naad H. Anda, Amen.

PREDIKUN

wt af hinu

Siounda Orde DRottens JEfu Chrifti a Krossenum.

Fader i þijnar Hendur/ fel eg minn Anda.

Vssi hefur hiñ H. Paulus wtmaalad Ouñrædelega Hlijdne vors Blessada Endurlausnara vid sijn Himneska Fodur, par ed hañ seiger: Ad hañ hafe giorst Fodurnum Hlijdeñ allt til Daudans, jaa, allt til Krossens Dauda, Phil. 2. Þvi þoott hun a ollum hañs Hiervistar-Dogum auglioos være i ollum hañs Ordum og Giordum, þa er þo eckert heñar liooſa-

ra

ra Merke, helldur eñ þaug Blessudu Orð er hañ talade a siñe Dauda Stundu, med hverium hañ fool siñ Anda i Fedursins Hendur. Hver kañ stærre Audmykt ad vera eñ þesse? Gud var sijnum Eingietnum Syne reidur fyrer uppaulagdar Synder, hañ wthellte siñe Bræde yfer siñ triwa Pioon, sem hañ hafde wtvaled, i hverium hañs Sæla Velþocknan hefur, Esa. 42. Sverded var alla Reidu dotted a hiñ gooda Hyrder, og þañ Mañ er hañ elskade, hañ var Saklaus Lijflatteñ, hañ betalade hvad hañ ecke ræntе. Hañ þolde alla Løgmaalsins Volvan, sem Løgmaalenu alleina Fullnægin giorde, og þoott hañ bære hier nu alla Heimsins Sekt fyrer utañ allañ siñ Tilverknad, þa befalade hañ þo siñ Anda i Fedursins Hendur, hañ hafde adur beded ad hiñ beiske Kaleikur Pijnuñar mætte fra sier takast, og vard ecke Bænheyrdur. Hañ kvartade Aumkunarlega uñ, hangande a Krossens Gælga, ad hañ være af Gude forlateñ, eñ ei ad sijdur audmyker hañ sig under volldnga Guds Hond i sijnu Andlaate. Uñ þetta Hroop

DRottens JEsu Christi a Krossenum talar svo Pistils-Skrifareñ til Hebr. 5. Ad hañ hafe a sijnum Hollds-Dogum offrad Bœnum og audmivkum Fyrerbeidslum til hañs sem kuñe ad frelsa hañ fra Daudanum med miklu Hroope og Tœraføllum, og sie ad Bœnunum heyrdum, frelsadur epter Velþocknan. Pad er Merkelegt a vorum HErra, ad hañ lietst med miklu Kalle, epter þvi sem Gudspiallameñerner skrifa. Synduger Meñ þa þeir eru ad-komner Dauda, þa dregur svo af Burdum þeirra ad Tungañ talar ei leingur, eñ þvi var ei þañeñ vared fyrer DRottne JEsu, Hañ lietst med miklu Hroope, hvar i hañ audsijnde sijñ Almœttis Krapt, og ad hañ ecke alleina Madur vœre, helldur og sañur Gud, hver ad Fodurnum og H. Anda er Samjafn, og saunrar Veru med baudum þeim, þo samt audmijker hañ sig fyrer sijnum Hinneska Fodur epter Mañdoomenum, og hañ befalar hsnum sijna Saalu, sem ollum Syndugum Saalum er af Gude giefeñ til Riettlœtis, Helgunar og Endurlausnar, 1. Cor. 1. O! minñ HErra JEsu,

hvad

hvad ſatt er ßad ſem ßu talad hefur hia Joh. 10. Cap. Eingeñ tekur mijna Saalu fra mier, helldur legg eg hana ſiaalfnr af, Jeg hefe Valld til ad leggia hana af og hana aptur ad taka. Hier hefur JEſus bevijſad ſiñ Guddoomlega Kiærleika, er hañ hefur til Syndugra Maña, ßvi eingeñ hefur ſtærre Elſku helldur eñ ſvo, ad hañ giefe ſitt Lijf ut fyrer añañ, Joh. 15. Eñ JEſus hefur utgiefed ſitt Lijf fyrer ſijna Saude, Joh. 10. Jaa, fyrer Ovine ſijna. St. Paall ſeiger, Ad varla fiñeſt ſa, ſem deye fyrer Riettlautañ, Rom. 5. Og reynum vier ßad ſatt ad vera, ecke Einungis i Dæmunum, helldur fiñum vier ßad i vorum Samvitſkum, eñ JEſus doo fyrer Raanglauta, fyrer Reideñar Børu, fyrer ſijna Ovine, fyrer ßa ſem hañ Hvdſtryktu, Hæddu og Krosſfeſtu. Petta kieñer oſſ Syndugum Meñum, hverſu Dijrmætur ad ſie Saude vors HErra: Hañs Lijf var hid allra Dijrmætaſta, ßvi ßad var Guds Lijf og Mañſins i eirnre Perſoonu: Lijf hiñs Allra Megtugaſta Konungs: Lijf hiñs Allra Vijſaſta Lærefødur: Lijf hiñs

Allra

Allra Saklausasta og Riettlatasta Manns: Lijf hins Besta og Almattuga Lakners, og þad var i Daudañ vtgiefed fyrer hañs Ovine, sem adur er sagt, Fyrer Opacklata, fyrer Jllvirkiana, og hañ lagde þad fra sier, til þess ad hañ þessa Ovine, Opacklata og Jllrædis-Menn; leyste vr Eilijfu Helvijtis Baale, sem þeir forskulldad hofdu, og ecke einasta til ad Endurkaupa þa fra Helvijtis Pijslum, helldur til ad giora þa sier ad Brædrum, ad Samerfum og Erfingium Eilijfrar Himnarijkis Glede. Mun nockurt þvilijkt Stein-Hiarta til vera, sem ei skyllde elska DRotten JEsum frañ yfer alla Hlute, þar hañ hefur oss svo heitt elskad? Hañ lietst med hærre Raustu, hvar af audsied er, ad hañ hafde Krapt og Almætte til ad behallda Sælu sine leingur, hefde honum þad þocknast, jafnvel þo hañ epter Nattrlegum Hætte ei kynne leingur ad lifa. Hañ miste ei Raustena midt i Andlatenu, helldur hroopade a Daudañ, sem ei þorde ad gaunga til moots vid Lijfed, þvi Daudeñ visse ad þeirra Vidskipte mundu sier ad Bana

verda,

verda, og hañs Broddur munde sijdañ midur bijta, ef hañ honum beitte i giegn þeim Horn-Steinenum i Zion, uppa hvern ad bygd er Lijf og Heilsugios Christeña Maña. Mun nockud Leoned oskra i Skoogenum, nema þad Braud hafe? seiger Amos 3. Cap. Og maa þad maklega uñ vorn Endurlausnara seigia: Hañ hroopar hier svo sem eirn Sigurvegare, Þad Leoned af Kyne Juda oskrar yfer Daudanum, Diosflenum og Helvijte, under eins og hañ þreif Herfanged vt af Herleidinguñe, og giordest Daudans Daude og Helvijtis Olyfian. Rotteñ mun vtgaanga svo sem ein Hetia, seiger Esajas, Svo sem eirn Strijds-Kappe mun hañ uppvekia Vandlæted, hañ mun hroopa og kalla og oblugur verda yfer sijnum Ovinum, Esa. 42. Hafe þar nockurn Tijma Reind a giorst, þa er þad i JEsu Christi Dauda-Strijde skied, þvi þar hefur Gud fyrst tilteked ad leggia alla hañs Ovine til Skarar Foota honum, 1. Cor. 15. Eñ reist honum til fulls eirn Tignar-Stool, sem vara mun fra Eilijfd til Eilijfdar, Hebr. 1. Af vors Endur-

urlausnara allra helgustu Lijfernis Hattt
unn er Christnum Mañe audscert, ad hañ
er Guds Sonur, og ad honum er epter
Mañdoomenum allt Vallð giefed bæde
a Himne og Jordu, eñ ecke er þad sijdst
auglioost orded i hañs Dauda, þar hañ
ecke einasta hroopade svo sem eirn Sig-
urvegare, helldur byrgde hañ þad fagra
Heimsins Lioos, klauf Biorgeñ i sund-
ur, hriste Jordena, sundurreif Fortiallð
Mustaresins, Eñ svo ad hañ audsijnde hv-
ar til hañ daueñ være, þa sniere hañ Ogud-
legum Heidingium og sijnum Offsoku-
rinn til Ydranar og Apturhvarfs med
þessu Kalle og Teiknum. Framar er þad
athugavert, B. G. Elskuleg, ad ei þurfte
Christur sińar Saaluhiaalpar vegna ad
fela siñ Anda i Fodursins Hendur, þvi
hañ var hreirn og Heilagur, og fraaskil-
eñ Syndurunum, svo sem Pistels Skrif-
areñ til Hebræos seiger, Cap. 7. Hañ
þurfte ei fyrer siñe Saalu Uñhyggiu ad
bera, sem er allra Maña Saaluhiaalp-
are. Hañ þurfte ei Diofuleñ ad Ottast,
sem siaalfur var Diofulsins Otte og Sig-
rare, helldur villde hañ auglijsa hier fyr-
er

er ollum Heime, ad hañ være Guds Eingieteñ Sonur, og þo sañur Madur. Þad hañ kallar Gud sīñ Fodur, auglijser hañs Faderne. Þad hañ doo, þad vottar hañs Mañdoom. Hañ var Fordæmdur af þvi Andlega Ræde i Jerusalem, og æklagadur fyrer Pilato, þad hañ hefde giort sig sialfañ ad Guds Syne, Eñ hier sijner hañ ad Gud sie hañs Fader. Med Daudamum audsijnde hañ, ad hañ Mañsins Sonur være, Eñ med þvi ad hañ lietst med miklu Hroope, auglijste hañ sig Guds Son ad vera, svo ad jafnvel eirn Heidinge jatade þad, og medkiende þad satt ad vera, fyrer þa sømu Orsøk. Eñ allra hellst hefur vor blessade Endurlausnare kieñt oss med þessum Ordum, hverneñ vier eigum ad bua oss til vors Dauda, og þvi hefur hañ hautt kallad og Opeñberlega hroopad, ad aller Nattlager skylldu þad heyra meiga þeim til Eptirdæmis, sem vid hīñ griña Ovin Daudañ preyta eiga. Vier vilium og ann leingre Jñgaungs vt af þessu Blessada Orde vors HErra, taka oss Orsøk til ad Jhuga, hvad oss eige ad uppvekia til ad

lær-

lœra, ad deya Christelega, og hugsa Daglega uñ vorn Dauda. Hvar til oss hiaalpe hiñ lifande Gud med Naad sijns Heilaga Anda, fyrer JEsu Christi Forpienustu Skuld, AMEN.

VEr lesum i Pijningar Historiu vors HErra, ad pegar hañ Liest med pessu Kalle, pa hafe Hofuds-Madureñ sem par stood Jafngiegnt honum, og pad Foolked sem hiaa honum var, orded miog Ottasleigeñ; Bared sier a Briost, prijsad Gud og sagt: Sañlega hefur pesse Madur Riettlaatur vered og Guds Sonur. Hvar af audsied er, hversu kroptug ad hafe vered hesse Ord vors HErra til ad umhverfa peim sem skoñu adur fromdu alla Ohæfu i giegn honum. Eñ ef pau mœttu svo miked i pessara Maña Hiortum, skylldum vier ecke laata oss pau til Hiarta gainga, sem ecke sijdur hofum Konung Dijrdareñar Krossfestañ med vorum Syndum, helldur eñ pesser, svo ad vorar Sœler uppvekiast mœttu til ad hugsa uñ vora Burtfor af Helme pessum. Kieñ pu oss ad telia vora Daga, ad vier Forsiœler verdum, seiger Guds Madur Moises i sijne Bœn sem skrifud stendur i Ps. 90. Hvad kollum vier meire Framsijne eñ ad siœa fyrer yferhaungande Ogiœfu, og haga svo Efnum vorum, ad Meñ fae vidgiort, ad hun sem minst skade pegar hun ad

Hvnd-

Hondum kiemur. Nu er eckert svo hrædelegt so sem Dauden, hvern hiñ vijse Aristoteles kallar hiñ skielfelegasta Mootgaang: Og Satan sem petta Skrijmsle hefur i fyrstu af sier gieted, og maa par fyrer best peckia hañs Naatturu, hañ talar par svo uñ af Jobs Bookar 1. Cap. Hvd fyrer Hvd, og allt hvad Madureñ aa, maa hañ giefa vid Saalu siñe. Nu purfum vier ecke ad dyliast vid, hvert hañ mune oss ad Hondum bera edur ei, pvi pad maa hver uñ sig segia, sem Job sagde i siñar Bookar 30. Cap. Jeg veit ad pu muner afhenda mig Daudanum, hvar ad Hijbijle eru tileinkud allre lifande Skiepnu. Jaa, hver er saa Madur, sem lifer og ecke mun Daudañ sia? Seiger David, Ps. 88. Seig mier nu Christeñ Madur, pu sem veist ad pu endelega autt ad deya, eñ veist ecke a hverium hellst Tijma pad skie mune. Er nockur Framsijne meire eñ sw, ad bwast hier vid i Tijma? Eg meina eingeñ, pvi poott ad Saaleñ reyne Megn sitt og Atgiorse i pvi, ad safna Gotze og Peningum; I pvi, ad komast til Heidurs og Metorda; I pvi, ad hafa allt hvad eins Hiarta lyster; pa skal po allt petta skilia vid oss i Daudanum. Pesser Hluter verda oss samfara, sumum leingur, eñ sumum skiemur, eñ po eingum leingur eñ til Grafareñar; Sijdañ skulum vier pad odrum epterlaata; En hañ sem deyr skal pess Giolldedur Not hafa, sem hañ hefur lifad til, og bwest vid Daudanum a siñe

Vegferdar Reisu, fraa Vogguñe til Grafareñ-ar; sijdañ uñ allar Allder Allda:: Eñ med hv-eriu Moote kuña Meñ betur vid Daudanum ad bwast, eñ ad befala Gude sijna Saalu (sem hana giefed hefur) ad Dæme vors Lausnara, og pad ecke einusiñe, helldur jduglega? JEsus visse nær hañ deya skyllde, svo sem allt pad er yfer hañ atte ad koma, eñ pad veitst pu ecke syndugur Mad-ur, helldur er pad svo sem Lære-Fadereñ seiger: Gud hefur laated Daudans Dag Ovissañ vera, so ad vier a ollum Lijfsdøgum vorum skyldum bw-ast vid Daudanum. Po eckert añad være, sem oss kyñe ad hvetia til ad bwa oss under vorn Dau-da, helldur eñ Daudans Oviss Tijme, þa være pad æred novg. Pad er Diktur Heideña Skall-da, ad Tantalus Konungur hafe þa Pijsl epter Daudañ, ad yfer Hofde honum hænge Biarg nockurt a einum Hor-Præde, hvert hañ veit ecke nær eñ dettur, og er svo alldrei can Kvijda fyrer þvi, ad pad mune, pegar minst varer, falla i Hof-ud honum. Ecke þarf ad sækia peñañ Otta i Und-erdiwpeñ, hvar ed Heidner Meñ ætludu ad Fra-sælidnum Saalum munde Vist ætlud. Daud-eñ er eirn Klettur, sem ad i þessum Heime jafnañ hænger yfer Hofde voru, a hinum veika Hor-Præde Lijfsens, uñ hvert ad St. Jacob so talar Cap. 4. Ad pad sie nockurs konar Gufa, hver ed siest uñ Stundar-Saker og hverfur sijdañ. Pegar þesse veike Præder nu slitnar, þa fellur

Daudeñ yfer oss i þvi sama Bile, þar erum vier aller, er skomu adur lifdum; eins og alldrei ættum vier ad deya. Og þott ad Gud giefe allmorgum Toomstund til ad berlast vid Daudañ, þa hofum vier þess þo noog Dæme, ad hañ hefur ecke margar Sviptingar vid suma Meñ. Eñ þvi skylde eg ecke vænta mier hins sama, er eg svo optlega sie ad þa hender, sem ecke hafa syndgad meira eñ eg, og eg er med somu Kiorum og sama Skilmæla i Heimeñ boreñ, eins og þeir. Og fyrst ad þessu er so vared, þa sie eg ecke hvernveg daudlegur Madur kuñe nockurn Tijma ad vera Ohultur uñ sijna Velferd, nema hañ temie sier ad befala jduglega Sal sijna i Skaparans Hendur, og bwa sig under þad Daglega, sem hañ maa vænta sier a hverium Deige; Jaa hverium Tijma, og hverju Augna-Blike, sem er saa Ovijsa-Vargur Daudeñ, þviad med svoddañ Moote verdur Daudeñ sigradur, þa hañ kiemur, ef Meñ eru jafnañ bwner vid honum, adur eñ hañ kiemur. Meñ skulu ei hnijsa epter þvi, med hverju moote hañ mune ad koma, þvi þad er oss ecke uñt ad vita, helldur vera visser uñ, hvert vier munum fara, hvad af oss verda mune, ef hañ ad Skyndingu kiemur. Vel talar Endurlausnareñ hier uñ hiaa Matth. Cap. 24. Par ed hañ seiger: Vaked, þvi þier vited ecke a hverium Tijma ydar Herra mune koma, og vited þad; Ef ad Hvssbondeñ visse a hverre Stundu ad Þiofureñ kiæme, mun-

de hañ vaka og ecke læata sitt Hws i giegnum gra-
fa. HErra Gud, hver er Dijrgripur kostuleg-
re eñ Saleñ? Sw ed Gud siælfur hefur blæ-
sed i Mañsens Naser, hun sem ad er Guds My-
nd i Mañenum, hun sem med JEsu dijrmætu
Bloode, er frau Helvijte endurkeypt, hun sem
ordeñ er Guddoomsens Naatturu hluttakande, par
Christi Sal er samteingd i eirnre Persoonu vid
Guddoomeñ, og þeir sem ad Christum elska, eru
ordner eirn Ande med honum. Hvert er þvilijkt
liggiande Fie, sem þesse Gierseme? Skylldum
vier ecke hafa vakande Auga a þvi Hwse, hvar
hun er iñe geymd, svo ad Dagur DRotteñs,
hver ed koma mun svo sem Pioofur uñ Noott,
hitti oss ecke varbwna, og ad Disfulleñ, sem ad
er Pioofur og Mordinge Salnaña, grafest ecke
epter þessum kostulega Dijr-Grip, þegar oss
miñst varer, med Daudans Brodde. Eingeñ
Hlutur er svo viss, svo sem Daudeñ, og eingeñ
svo Oviss, sem Dauda-Stundeñ. Ef nockur
ætte sier einhvers Skada Von af Vatns Floode,
af Ellde, af Ofride, af Storm-Vidre edur
odru svoddañ voveiflegu, munde hañ ecke hafa
Athuga a sier, og bwast vid þad besta hañ kyñe,
ad þad sem miñst grandade honum edur hañs Fi-
arhlutum, nær slijkt ad Hondum bære? Nu
er eingeñ Efe a þvi, ad eckert af þessu er svo vijst,
sem Daudeñ, og þo eckert svo voveiflegt, þvi skyll-
du Meñ þa ecke bwa sig betur i moote honum, eñ

hverju

hveriu odru, sem oss kyñe ad Hendingu til ad falla? Þess er og ad giæta, ad allt añad, er Mañleg Tilfelle kuña fraa oss ad taka, þad kañ aptur ad bætast. Ef nockurs Hws breñur, þad verdur bygt upp aptur, ef hañ hefur ei Fe til ad giora þad svo vænt, sem þad var, þa samt, svo hañ giete þar iñe bwed: bere og af þvi, þa er þad so stutt Stund, ad vier erum komner uppa Jardneſk Hijbijle, þvi vier hofum hier ecke stadfastañ Samastad. Verde einhver stoleñ Fiarhlutum sijnum edur tape þeim a añañ Hætt, þa hefur hañ þo eckert añad mist, eñ þad, hveriu Molur og Rid kuña ad granda, og Pioofureñ fieck eptergrafest, Matth. 6. Er og valla nockud tijdara eñ þad, ad slijkt bæteſt einum aptur aa einhvern Hætt, og hverneg sem þvi er vared, þa aa hañ þo alltijd þañ Kost, svo leinge hañ lifer, jafnvel þott hañ Gaungu-Madur verde, ad safna sier Fiesiood aa Himnum, hvern eingeñ maa fraa honum taka. Eirn kañ ad fara aa Mis Virdingar siñar, sem alltijtt er, eñ margur hefur feinged hana aptur med meire Virdingu, helldur eñ svarar þeirre Ovirdingu, er hañ hafde af Missernum, eñ þott af þvi bere, þa seiger Davíd: Ad Madureñ myne ei leinge i Heidrenum blijfa, lijkiast mun hañ Kvikendum þeim eda deya, Psalm. 48. Og þvi mun eg laata mier svo miog fallast uñ þañ Hlut, er svo Skañviñur er, og eg visse alltijd stood i Mañaña Valde. Engeñ er þvilijkur Heidur, sem ad heita Guds Barn:

Þess kañ eingeñ ad varna nier, og eingeñ af mier ad taka. Heilbrygdena misse Meñ og optlega, eñ hana hefur Læknareñ morgum bætt, og nockrer hafa siaalfkrafa Heilsuna aptur feinged: Eñ ef þad skiedur ecke, þa hafa Vanheilende Lijkamans orded morgum ad Saalar-Bata. Svo er nu Boot vid allu þessu at einhvern Hatt: Eñ nær Meñ Lijfed missa, þa er audvitad, ad vier eigum ecke til þess Apturkvæmt, fyrr eñ i Uppriſuñe, og er þad liooſara eñ svo, ad þurfe ad þvi Vitne ad leida, og munu þa sumer upprijsa til eylijfs Lijfs, eñ hiner til eylijfrar Glotunar, og vid slijku er eingeñ Boot, nema sw, ad lifa svo i Heime þessum, ad vier jafnañ sieum visser umñ, ad hvert helldur vier lifum eda deyium, þa sieum vier DRotteñs, Rom. 14. Hvar til Guds Sonur hefur giefed hin bestu Raad, er hañ seiger: Joh. 11. Hver sem trwer a mig, þad skal skie, ad þott hañ deye, þa skal hañ samt lifa. Eñ i þessu verdur St. Pauls Raadum ad fylgia, þar hañ seiger: Reyned hvert ad þier erud i Trwñe, 2. Cor. 13. Þvi þad er ann Efa vijst, ad þad ecke allt er Trw, er Meñ Trw kalla. Ad soñu er þad Gudleg Sañende, sem Frelsareñ seiger: Ad hver sem trwer a Soneñ, hañ hafe eylijft Lijf, Joh. 3. Eñ sa ed illa lifer og sampyckest Syndunum, svo hañ laate einhveria af þeim drottna i sijnum daudlegum Lijkama, og hlijder heñe i heñar Gyrndum, þad er langt fra þvi, ad hañ trwe a Soneñ, jafnvel þott hañ

vite

vite allt þad, er trwa og seigia ca uñ hañ; Þvi seiger St. Jacob: Sijn mier Trw þijna af Verkunum, Jac. 2. Þad ber fyrst til þess, ad þoott hañ vidurkieñe med Muñenum, ad JEsus sie Gud og Guds Sonur, þa neitar hañ þo þvi i Verkunum, þvi ef hañ er Gud, þa er hañ sa Gud, er ecke lijkar Ogudlegt Athæfe. Hañ er ad soñu Gud, sa ed giarnañ medtekur Syndarañ, eñ ecke sa ed leyfe honum framveiges ad syndga, þad sana eg med Dæme Hoor-Konuñar, hverre þa Bruñur Myskunareñar hasde Syndena tilgiefed, baud hañ ad hun ei skyllde framar syndga, Joh. 8. Hañ er ad soñu Gud, sa ed med mykellre Poleñmæde og Umburdarlynde lijdur Syndarañ, ei þess vegna, ad hañ hafe Pocknan ca Syndeñe, helldur til þess, ad hañ med Rijkdoome siñar Giæsku leide hiñ Ogudlega til Ydranar. Hañ er ad soñu eirn poleñmoodur Gud, sem ecke vill strax wthella siñe Brædeyfer þañ, sem hleipur med Pioofnum til ad stela, og leggur Lag sitt vid Hoordooms-Meñ, edur situr og talar i giegn sijnum Broodur, Syne Moodur siñar, Psalm. 49. Jafnvel þoott hañ siae þetta og þeige.

Eñ seiged mier: A Syndareñ þar fyrer ad meina, ad hañ sie lijkur sier? Edur ætla til ad hañ sie anægdur þar med, ef Meñ þylia Trwarjatninguna og vidurkieña hañ alleina med Orde, eñ eingañveigeñ med Verke? Fiærre fer þvi. Þvi ad þegar hañ seiger, ad sa hafe eylijst Lijf, er

trwer a Soneñ, þa seiger hañ strax epter: Ad sa sem ei hlijde Synenum, hañ mune ei siaa Lijfed, helldur mune Guds Reide blijfa yfer honum, Joh. 3. Vitum vier ecke, ad Heilagur Ande tilbijr og verkar Trwna i Hiortum Guds Barna, sem eru hañs Mustere? 1. Cor. 6. Eñ hverneñ a hañ ad hafa sijna Verkan i þvi Hiarta, sem er fullt af Endeme hiña verstu Synda? Seiged mier þa, hverneñ meigum vier kalla, ad hañ Riett-trwadur sie, edur þeynkie nockurn Lijma til sijus Dauda, sem æfer sig i Syndeñe og liær heñe sijna Linu til Jbwdar? Endurlausnareñ seiger, ad sa sem trwer a Soneñ fordæmest eige, Joh. 3. Eñ nu hefe eg þad sijnt, ad sa trwer ecke sem liggur i Syndunum Ydrunarlaust. Hvad meinar þu þa Christeñ Madur? Mun sa ei þurfa Daudañ ad Ottast, hverium Doomureñ strax a epter fylger, er ecke vill aflaata ad syndga fyrr eñ Daudeñ stefner honum fyrer Guds Doom? Er þad mogulegt ad sa trwe a Soneñ, sem ecke elskar hañ? Laangt fraa, þvi svo seiger Paulus: Bølvadur vere sa, sem ecke elskar DRotteñ vorn JEsum Christum, 1. Cor. 16. Eñ nu er eingeñ Bolvan yfer þeim, sem JEsum med Trwñe umfadma, þvi þeir alleina reiknast i Tolu þeirra, sem eru i JEsu Christo, a hverium Paall seiger eckert sie Fordæmanlegt, Rom. 8. Eñ sa, sem vijsvitande Daglega stygger siñ Endurlausnara med mootprooanlegum Syndum, og velk-

er

er sier i þeim a mooteSamvitskuñe, mun hañ nockud JEsum elska? Sa sem JEsus ecke sialfur elskar hañ kañ ecke a hañs Nafn ad trwa, þvi eckert er hañs Elsku-Merke meira til vor, eñ þad, ad hañ hefur sendt oss Heilagañ Anda, sa ed plantar i oss Trwna, svo vier gietum hañ elskad, og tilreiknad oss hañs Forbienustu og allar Astgiafer: Par fyrer seiger sa Læresveirn, sem JEsus elskade, af þvi elskum vier hañ, ad hañ elskade oss fyrre, 1. Joh. 4. Eñ hverium hefur hañ heited siñe Elsku? Peim sem hañ elska og vardveita hañs Ord, Joh. 14. Pad eru hañs Bodord, af hverium tvo eru hin sierlegustu, sem er ad elskast Jñbyrdis, hvar i Kiærleikureñ er iñefaleñ, hvern St. Paall kallar Logmalsins Uppfylling, Rom. 13. Hitt añad er, ad taka siñ Kross uppa sig og fylgia Christo epter, Luc. 14. I hverium heilog Poleñmæde er oss bodeñ, hver ecke er sijdst i þvi foolgeñ, ad temia sitt Holld og Blood, og leyfa þeim ecke sijnar Gyrnder ad ræckia: Þvi þegar St. Paall hefur upptaled, Gal. 5. Hver ad sieu Holldsens, og hver Andans Verk, þa endar hañ Tal sitt med þessum dijrmætu Ordum: Eñ þeir sem Christo tilheyra, Krossfesta sitt Holld med þess Gyrndum og Tilhneigingum. Sa sem nu vill med fullu Trauste fela siñ Anda i Fodursins Hendur, hañ temie sier þessar Hugreñingar, og adrar þvilijkar, og ecke einasta huxe þad, helldur fylle þad med Verkenu, er hañ hugsar i Hiartanu,

epter þvi sem hañ fyrer Nad Guds fær afkastad. Ad soñu er þad vijst, ad ca hverium Tijma, sem hiñ Ogudlege snijr sier fraa sijnu Ogudlegu Athæfe, þa vill hiñ goode Gud vera honum nædugur, þvi hañ vill ecke Syndarans Dauda, helldur ad hañ snwe sier og life, Ezech. 33. Eñ þo er hiñ fyrste Tijme sca beste, og stoor Hæske i Undañdrættenum. St. Petur bijdur Christnum Moñum, ad þeir befale hinum trwa Skapara Sæler sijnar med goodum Verkum, 1. Pet. 4. Af hverju audsæret er, ad hañ vill, ad Meñ skule byria þvilijka Hlute ærla Alldurs sijns, og ecke geyma þad til hins sijdarsta Andartaks, edur þar til ad Meñ gieta ecke leingur myked Gott edur Jlt giort. Veit eg ad Gude er eingeñ Hlutur Omættugur, og hañs Giæska vid synduga Meñ, er myklu meire eñ fraa meige seigia, þo hrædest eg þa Ydran, er eirn ætlar sier, ad giora ca Soottar-Sængeñe, nema hañ hafe vaned sig cadur til ad ydrast Daglega, þar þad er svoddañ Vanda-Verk ad ydrast, og ad leita uñ iñstu Fylsne sijns Hiarta, ad þvi sem Madur hefur Gude ca moote broted uñ allañ siñ Alldur, ad heilbrygdum Moñum veiter ecke af ad giora þad svo sem vera ca, þvi mun þad torsoktara verda þeim, sem fullt hefur i Fange ad beriast vid Daudañ og allar þær Pijsler, er honum fylgia, nema hañ cadur hafe giort þetta Verk ad Handverke, og hafe Registur Synda siña hreinskrifad i Hiartanu, svo honum sie tamt ad lesa

þad. Og hier ad auke dyliast marger vid, þeir ed siwk er liggia, ad Spotteñ mune leida þa heim, og bidia Gud helldur um ad vægia Lijkamans Plaagu, helldur eñ ad fyrergiefa sier Syndernar, edur ad befala Skaparanum Sauler sijnar med goodum Verkum edur Asetninge til Lifnadarens Betrunar, ef þeir kyñu heiler ad verda: Og þootte svo vera kyñe, þa siaa Meñ hverneñ ad sumra þeirra Apturhvarfe er vared, sem hafa vered komner i Daudañ, eñ Guds Poleñmæde hefur þo reist a Fætur aptur, ad þeir hafa sijdañ eingu betur lifad, helldur myklu verr sumer hverier. Eg veit og ecke hvada Goodverk Meñ skylldu fremia a Dauda-Stunduñe, nema (kañ skie) Olmusugiorder vid Faatæka edur Giafer til Fodurlandsens og Chrijstelegrar Kyrkiu Uppbyggingar. Eg kalla þad ad soñu vel giort, og er lijkast hiñ Naaduge Gud aalijte þvilijkt, nær þad framkiemur af trwudu og sañ-ydrande Hiarta. Eñ giæt þo ad Christeñ Madur, hversu myked þad mune minka þijna Goodvilld i Guds Auglite, ad þu hefur geymt þvilijkt þar til þu gietur ecke siaalfur leingur brwkad.

Er þad riett ad fara þa fyrst ad giefa Gude, þegar vier eigum vid ad skilia? Hvert sem er, þad er þa orded svo ad seigia Erfingians, eñ ecke siaalfs þijns, er þu giefur, svo ad einhver kyñe ad giora sier i Lund, ad þad ætte heima hiaa þier, er Jacob skrifar Cap. 5. Nu vel þier rijker seiger hañ: Graated og Ylfred i Eymdum ydar, er

yfer

yfer ydur koma munu, ydar Audæfe eru fwnud, og ydar Fatnadur Moljeteñ, ydar Gull og Silfur er ridgad, og peirra Rid er til Vitnis a moote ydur, og mun eta ydvart Hold fvo fem Elldur, pier hafed Fiefioodunum fafnad til hiña fijdüftu Dagaña. Einkis parfnaft fæa Guds vegna, er fvo giorer; Eñ po er feint betra eñ alldrei, ef pad er af fañre Trw og Ydran giort, pvi peirra Verk munu po epterfylgia peim, feiger Andeñ i Openberingar Bookeñe. 14. Eñ fæa fem vill befala Sæalu fijna Gude med goodum Verkum, hañ fiæe til ad paug fieu vel giord, pvi fvo merker petta Ord hiæa Petre, Cap. 3. Ecke af fiælfhælne, ecke af Hiegoomlegre Raufn edur Metorda Gyrnd, helldur af Trwñe, og Myfkunfemeñe, af Kiærleikanum til Naalungans, og allra hellft af Elfkuñe til Guds, og til Lofs og Dijrdar honum, giætande ad pvi, ad pad kañ margt ad pykia Gull, Silfur og dijrmæter Steinar hiæa fiælfum ofs, fem i Guds Auglite ecke er nema Hæalm-Straa, og dugier til einkis nema ad breñaft i Ellde, 1. Cor. 3. Og jafnvel poott ad eitt Guds Barn kuñe ad hugga fig ad nockru leite vid pad gooda, fem Guds Ande med pvi verkad hefur hier i Naadeñe, ecke fvo fem nockra Forpienan edur Skuld hiæa Gude iñlagda, helldur fvo fem Avoxtu Trwareñar, pvi Onijter Pioonar erum vier, jafnvel poott vier giordum allt pad vier eigum ad giora; Luc. 17. Pa reide fig eingeñ par

uppa;

uppa, edur bygge Saaluhiaalp sijna a svo lausum Grundvelle, helldur a Biarge Hiaalprædesens, sem er Christur; og a hañs Forbienustu, bvi boott D Rotteñ hafe sagt, ad eirn Vatns Dryckur skylde ecke Olaunadur vera, saa ed i Læresveins Nafne er giefeñ, Matth. 10. Boott hañ seige eñ aptur, Luc. 16. Ad vier skulum giora oss Vine af hinum ranglaata Mañona, svo ad ba oss brijtur, medtake beir oss i Eylijfar Tialldbwder, ba skiedur bad fyrer Guds Fyrerheit og Forbienustu Jesu Christi, eñ ei fyrer Verdskulldan vora. Ef vier bvi vilium Niettelega fela Saaler vorar Gude a Hendur, ba beinkium optar til bess, sem vier hofum illa giort, og laatum af bvi, helldur eñ hins, sem gott kyñe ad vera i Fare voru, eñ laatum bo alldrei af bvi, og breytunst ecke gott ad giora. Vier burfum ecke ad skrifa hiaa oss Goodgiorder vorar, bvi ef nockrar meiga svo kallast, ba er ei hætt vid bvi, ad beim gleymt verde, hañ skrifar bad i siñ Reikning, er seigia vill aa hinum efsta Deige; Hvad bier giordud Einum af bessum minstu Vesælingum, bad giordud bier mier, Matth. 25. Ætle bad ba eingeñ, ad hañ faae med Olmusugiordum einum, Gude bocknast, nema adrer hañs Lijfernis Hætter beim sambioode. Saa sem giefur myklar Olmusur, eñ lifer bar fyrer utañ ad Munudum sijnum, fremiande allt Jllt, epter bvi sem hañ er Skape fareñ, hañ dregur sialfañ sig aa Taalar. Bar var eirn Rijkur Daare Fordum Da-

ga,

ga, er liet bera epter sier Siood mykeñ, fullañ af Giallde, og er hañ mætte nockrum, er hañ þoττest eiga varhendt, lauſt hañ þañ ſama Kiñ-Heſt, og gallt ſtrax af Sioodnum ſvo myked, ſem hañ kuñe ad Logum ſekur uñ ad dœmaſt. Etla Meñ ecke ad þad mune ſvo til gaunga fyrer þvi mykla Allsherjar Pijnge i Himnenum, ad Meñ meige vtſiwga Hws Eckna og Fodurlauſra, meida Naungañ i Ordum og Verkum, æfella hiñ Saklauſa, ſkioota undañ hinum Hreckvijſa, Svijkia, Bak tala og Ofrœgia ſiñ Broodur, reiſa Tvijdrœgne og Sundurþyckiu millum Maña, edur adhafaſt adra þvilijka Glœpe, eñ afþvo allt ſijdañ med nockrum Olmuſugiordum, og meina ad Gud ſie þa annœgdur, jafnvel þott eirn life og lœte, ſem honum lijkar. Ecke er ſlijkt ad befala Gude Sœlu ſijna med goodum Verkum, þvi allt ſvoddañ er æ moote Kiœrleikanum, æn hvers ad jafnvel Trweñ er daud og Magtarlaus, Jac. 2. Og hvad ſlijkar Olmuſur aylde til Sœluhiælpar, vottar St. Paall, 1. Cor. 13. Seigiande: Þott eg bitade Eigur mijnar nidur fyrer Fœtœka og hefde ecke Kiœrleikañ, þa gagnade mier þad eckert. Meira þarf til þeſs ad vera viſs uñ Velferd Sœlar ſiñar, eñ ausa vt nockrum Fiemunum, þvi ef hiñ Riettlœte verdur naumlega hoolpeñ, hvar mun hiñ Ogudlege og Syndareñ þa byrtaſt? Seiger St. Petur i ſijns fyrra Piſtels 4. Cap. Hlijdne er betre eñ Offur, ſagde fordum Samuel vid Sa-

ul Konung, 1. Sam. 15. Pess var og oll Von, þvi-
ad i Foornunum offrudu þeir añarlegu Hollde,
Dijraña og Fuglaña, a hverium Gud þo einga
Þocknan hefur, eñ i Hlijdneñe sijnu eigeñ, Þs. 48.
Þad er, ad þeir sem Gud elskudu, tomdu sitt Holld
fra vondum Verkum, Gude til Hlijdnis, og er
Gud eins Lyndur nu, og hañ þa var. Olmusu Ver-
keñ kallast Gude gieseñ, hitt byriar ad giora, eñ þa-
ug ecke epter ad skilia. Fyrer þvi, sa sem vill Gude
Foorner færa, hañ giore ecke einasta þetta, helldur
offre honum Harmþrwngnum og sundurknosud-
um Anda, hvern hañ mun ecke fyrerlijta: Hañ off-
re þvi, sem honum alleina vel-lijkar, sem er For-
þienustu sijns Eingietens Sonar, hañ hlijde St.
Þaals Raade, þar ed hañ seiger: Rom. 12. So
aminiñe eg ydur Brædur, fyrer Myskunsemder
Guds, ad þier offred Gude Lijkame ydar, eina
lifande Foorn, heilaga, Gude þacknæmelega,
ydar Skilnings, fulla Þioonustu, og gioreſt ei
lijker Olld þessare, helldur uñ myndest fyrer End-
urnijung ydvars Hiarta, ad þier reyned, hver ad
sie goodur og þægelegur og algiordur Guds Vilie.
Þañeñ befala Meñ riettelega Skaparanum Sa-
ler sijnar: Svo giorde Christur ecke fyrer sijna
Þorf, helldur oss til Epterdæmis, sem adur er
sagt, Hañ gat ecke añad eñ Gude þocknast, þar
hañ var af hañs Skaute wtgeingeñ, og hañs
Eingieteñ Sonur, eirneñ epter Mañdoomenum;
Hañs Matur og Dryckur var ad giora hañs

Vilia,

Vilia, sem hañ sende, Joh. 4. Natureñ smackar vel þeim, er hañ til sijn tekur, og varla verda Meñ nockrum Hlut fegnare; Svo var og Christo eingeñ Hlutur svo iñdæll, sem ad giora Vilia Fodursens, þad sañadest i Grasgardenum, er hañ beidde ad sæa Kaleikureñ mætte fræa sier takast, og þo sagde hañ: Ecke miñ, helldur verde þiñ Vilie.

Petta giorde Christur; Eñ þu sem villt heita Christeñ Madur, tem þier slijkt Hugarfar, ef þu villt Guds Barn heita. Christur var af Fodurnum gieteñ, þvi giorde hañ Fodursins Vilia. Johañes seiger og 1. Ep. Cap. 2. Sa sem giorer Riettvijsena, hañ er fæddur af honum. Christur elskade oss svo miog, ad hañ gaf sitt Lijf i Daudañ fyrer oss. Eñ hvad seiger Johañes aptur i sama Pistle, Cap. 4. Elskunst Jñbyrdis; Sa sem elskar, hañ er fæddur af Gude. Christur elskade siñ Fodur, af þvi hañ var hañs Sonur, giorum sama ef vier vilium Guds Born og hañs Brædur heita, og munum vier sijdur syndga, þvi Johañes seiger eñ nu, Cap. 5. Pesse er Elska Guds, ad vier vardveitum hañs Bodord, og hañs Bodord eru ecke þwng. Hvar fyrer eru þaug ecke þwng? Þviad Elskañ til Guds, hun giorer þad liett, sem Hollde og Bloode er Obærelegt, þvi hañs Sæde er i þeim, sem hañ elskar, seiger hiñ same Guds Madur, 1. Ep. Cap. 2. Christur hefur Heimeñ sigrad af þvi hañ var Guds Sonur, añars hefde þad Omogulegt vered, svo giora og

Guds

Guds Born, þvi hvad sem af Gude er fædt, það yferviñur Heimeñ, og þesse er Sigureñ, er Heimeñ viñur, Trwan vor: seiger Johañes, 1. Joh. 5. Med þessum Hætte skulu Meñ afhenda Gude Saler sijnar, eñ ecke ætla sier ad lifa ad Villd siñe, allañ siñ Alldur, og giora það svo med einu Orde, þegar komed er under hin Sijdurstu Andvorp, þvi jafnvel þott eckert sie añad Raad fyrer þa, sem komner eru vid Daudans Hættu, eñ þetta, og það mune, kañ skie morgum ad fullu gagnad hafa, sem med misjofnum Hætte hafa aled Alldur siñ, þa er eingeñ viss um, med hverju mote Gude þocknast hañ burt ad kalla, med Sverde, med Ellds-Voda, med Vatns-Floode, med Braada-Soott, edur hañ vill laata hañ af Ellde upphorna, þvi kalla eg ecke Raad, nema i Tijma sie teked, og það ræd eg ollum ad Hugleida, sem vilia deya Riettlaatra Maña Dauda. Það er merkelegt, ad vor blessade Endurlausnare hefur teked þessa sijna Andlaats-Bæn af hinum 30. Psalme Davids, þar hañ seiger: Þu munt wtleida mig af Snoruñe, sem þeir hafa lagt heimuglega fyrer mig, þvi þu ert miñ Verndare; I Þijnar Hendur Fel Eg Miñ Anda. Og hefur vor Frelsare med þessu feinged oss i Hendur hid skarpasta Vopn ad moote Daudanum, sem er Guds H. Ord, hvert ad er Sverd Andans. Eingeñ er þvilijk Veria i hinu bitra Dauda-Strijde, sem þesse, aan hverrar hiñ sterke Vijkingur er Osigrande, og eingeñ hefur sa

vel vr hañs Faangtokum komest, sem þvi hefur ecke fyrer sig beitt. Eñ þess er ad giæta, syndugur Madur, ad þad skal aarla sier vid Sijdu binda, þvi þu veitst ecke nær Hwss-Herrañ kiemur, hvert ad Kvollde Dags, edur uñ Midnætte, edur þa Haneñ galar, eda sneña Morguns, Marc. 13. Hier uñ mat eg seigia eins og Aristoteles hefur skrifad uñ Testamentis-Giorder, ad sa sem eckert Raad giorer fyrer sijnum sijdarsta Villa, fyrr eñ aa deyiandа Deige, hañ sie lijkur þeim, er velkest i Hafs-Olgu, og ecke lærer ad hondla med Skips-Reidañ, fyrr eñ þar er komed. Svo hygg eg og þeim Raadsnatt verda mune, sem ecke kom til Hugar, ad taka uppa sig Guds Herskrwda, fyrr eñ Sootteñ hafde kastad honum i Bana-Sængena. Hvad villt þu giora aa hiñe kolldu Daudañs Tijd, hafer þu eckert af Guds Orde numed þier til Huggunar i Daudanum, þegar hañs Oblijda hefur feinged Yfer-Hond yfer Saalu og Lijkama? Þegar Samvitskañ tekur til ad klaga, þegar Miñing Illgiordaña ofbijdur Saalu piñe, þegar Satan leider þier fyrer Siooner Guds stranga Riettlæte, hvert ed hañ hefur allt þangad til duled fyrer þijnum Augum; Þegar Helvijte tekur til ad sperra sitt Gin upp aa moote þier, og bijdur sig til ad svelgia þijna vesolu Snd, strax sem hun vtfer af Lijkamanum? Seig mier, hvad villt þu giora i þessum Prautum staddur, hafer þu eckert af honum numed, sem Daudañ hefur i

Sigur

Sigur uppfvelgt? Þu villt kañ skie ad þin Sæluforgare hugge þig, edur þijner Næungar telie uñ fyrer þier: Eñ seig mier; A hañ þa hid fyrsta ad undervijsa þier Veg Sæluhiælpareñar, þegar Eyrun heyra ecke leingur, Augun sia ecke leingur, og Tungañ gietur ei talad leingur? Mun þa vera Tijme til ad hafa Not af þeim Lærdoomum, þeim Aminingum, þeim Huggunum, er þu uñ allañ þin Alldur forsmæd hefur, og troded under Footum þier, sem añad Endeme? Verda kañ ad slijkt verde ad Lide, eñ ecke er þar uppa ad treysta, þvi þu veitst ecke hvad mykel Umsvif Daudeñ lætur þier epter, og ecke, nema Reideñar Dagur komeñ sie, a hvern þu hefur epter þijnu forhordnudu Hiarta safnad þier Reide og Guds Riettlætre Hegningu, Rom. 2. Þa kañ skie þad verde nockud uñ seirna, ad taka þad til Laans af odrum med hinum Favijsu Jomfrwnum, med hverium Brwdgumanum skal fagna, fyrer þañ sem eckert a hia sialfum sier. Læt þier þvi sagt vera Christeñ Madur; I Dag, I Dag, a medañ þu heyrer hañs Roddu, þa forherd ecke þitt Hiarta, helldur svo opt sem þu heyrer Guds H. Ord predikad og uñ Hond hast, þa safna þar af i Fiesiood þijns Hiarta, þvi er þier gagna kuñe i Daudans-Tijd, þvi þad mun þiñe Sælu hollast vera, sem þu sialfur i þijnu Hiarta geymt hefur. Læt alldrei þijn Augu svo aptur, ad þu ecke befaler þiñ Anda i Fodurs ens Milldu Hond, þvi þu veitst ecke hvert þu

munen þeim ad Morgne Dags aptur uppliwka. Laat Soolena alldrei svo uppreña nie undergaunga, ad þu ecke Itreker hid sama. Og svo opt sem þier i Hug kiemur þiñ Daude og Burtfor af Heime þessum, þa bid Gud af Hiarta hier uñ, bid Iduglega, bid heitt, bid alvarlega. JEsus hroopade þegar hañ fool siñ Anda i Fodursens Hendur, til ad sijna þar med sijna Alvoru i Bæneñe, þu skallt og hroopa med Erwareñar Muñe, meir eñ med Lijkamans, og vert viss þar uñ, ad hañs Myskunar-Eyra er næsta þunt til ad heyra þijnar Andvarpaner. Laat Tilsiñingu Helvijtis Bruna og Ofur-Hita Kvalaña, sem þu med Syndeñe forþienad hefur, eñ Guds Sonur bored þiña vegna; Upptendra i þier Hita Bænareñar og Elskuñar til Guds, þa kañ hañ ei añad eñ vera þier Nadugur og Myskunsamur, þvi ef þad satt er, svo sem þad er i allañ Marta Obrygdanlegt, sem hañ seiger fyrer Muñ Esajæ 65. Ad audur eñ þeir kalla, þa vilie hañ svara, og hañ vilie heyra aa medañ vier erum ad tala, þa mun þad sijdst bregdast i Daudanum, þa veit vor Gud, ad oss mest aliggur, þa er eingeñ Tijme til ad draga leingur undañ Hialpena.

FADER I PJNAR HENDUR FEL EG MJNN ANda, sagde Endurlausnareñ: Med þessu Allra Sætasta Fodur-Nafne, hefur vor HErra JEsus sijnt oss iñ i Guds Myskunar Dur, þviad, ef ad vier sem vonder erum, kuñ-

um

um ad giefa Bornum vorum goodar Gaafur, hvad miklu framar mun hiñ Himneske Fader giefa peim Heilagañ Anda, sem hañ par uñ bidia? Luc. 11. Er nockur sa Fader, ad hañ giefe sijnu Barne Stein fyrer Braud, edur Hoggorm fyrer Fisk? O! hvad miklu sijdur mun Fader Myskunsemdaña vera peim Afundeñ, edur bregdast peim, sem til hañs hroppa og andvarpa i hiñr sijdurstu Daudans Angist? Er nockur sw Mooder, Ef hun sier Afkvæme sijns Lijfs beriast vid Ondena og kveliast þwnglega, ad hun ecke aumke sig par yfer og hiælpe þvi a alla Vegu, sem heñe mogulegt er? Og þo ad hun gleime þessu, þa vill hañ samt ecke oss gleima, Esa. 49. I PJJNar HENDur Fel Eg Miñ ANDA, sagde vor HErra: Guds Hond pijder Adskiliañlegt i heilagre Ritningu: Pad merker hañs Guddoomlega Forsioon, Svo seiger Job: Cap. 12. I hañs Hende er oll lifande Saal og allra Maña Ande: Pad merker Guds sterka Almætte, pad vitnar Moyses, Devt. Cap. 4. Er hañ kallar hina sterku Hond Guds og wtriettañ Armlegg med myklum Undrunum. Pad pijder Vernd og Forsvar hiñs Almættuga Guds, þess gietur Moyses, Devt. 33. Seigiande: Aller Heilager eru i hañs Hende. Pad merker Giæsku Guds og myklu Goodgyrne, pad kieñer oss David, Ps. 104. A peñan Hatt: Pu giefur peim ad þeir samañsafne, Pu upplijkur þiñe Hende og þeir sediast af Gi-

ædum. Pad merker og Guds Trwfeste og Obrygdulañ Sañleika; Hvar af komeñ er sa Ords-Hattur Ritningareñar: Ad upplypta siñe Hende, svo sem DRotteñ seiger: Exod. 6. Cap. Eg vil leida ydur til pess Landsens, yfer hveriu eg hefe upplypt miñe Hende, ad eg giefe pad Abraham, Isaac og Jacob. Seiged mier, hver vill nu draga hañs Saude af svoddañ eirnre Almættis Hende? Kañ nockur hañs sterka Armlegg Ablvana ad giora? Megna nockud Helvijtaña Port a moote henum? Jaa, Hvar kañ Saalum vorum Ohættara ad vera, eñ i peirre Hende, sem Himen og Jord skapade af eingu Efne, sem Diofuleñ bunded hefur med Myrkraña Hleckium, sem mæler Siofar-Hafed med sijnum Hnefa, Esa. 40. MINN ANDA, seiger Endurlausnareñ. Pad er pier ein eylijf Huggun, Syndugur Madur, sem ordeñ ert eirn Ande med Christo, Eirn Limur a hañs Andlegum Lijkama; Eirn Kvistur a pvi Blessada Vijn-Trie, Joh. 15. pvi Lijfsins Trie, hvors Blod ad gagna til Heidingiaña Lækningar, Apoc. 22. Pvi under eins og hañ fool siñ Anda i Fodursens Hendur, pa hefur hañ og befalad henum allra peirra Saaler sem honum giefner eru, ad peir være par sem hañ er, Joh. 14. Hier vid hefur Stephanus huggad sig, pegar Grioot-Hrijdeñ lamde a henum midt i Daudanum, er hañ sagde: HErra JEsu, medtak pu miñ Anda, pañ sama Anda, sem JEsus

hafde

hafde audur befalad sijnum Himneska Fodur, ausamt med sijnum Anda; Pañ hiñ sama fool Guds Pijslar-Vottur i JEsu blessadar Hendur. Christur er Safnadarens Hofud, eñ vier erum hañs Limer, Eph. 1. Eg em þess full-sruggur, ad JEsu Andlegur Lijkame, er ecke i sundurskiptur, þad Limerner meige añars-skadar vera, eñ þeirra Hofud er. Þvi skylldu eg þad meina, ad Gude ecke være umhugad uñ Mañana Sæler, fyrer hveriar hañs Eingieteñ Sonur hefur lided Kvol og Krossens Dauda, þar eirn Titlingur fellur ecke a Jordu, an hañs Vilia? Miñ Gud, þiñ Eingieteñ Sonur hefur Daudañ i Sigur uppsvelgt, Esa. 25. svo ad eg yrde Erfinge Eilijfs Lijfs. Munt þu lijda Helvijte ad gleypa Sælu mijna, Þar eg vona a hañ? Miñ Skapare, þiñ Sonur hefur Endurkeypt mig med sijnu dijrmæta Bloode; Hver ar ad lwka honum Andvirde sijns Lausnar-Giallds, hañs Bloodugañ Sveita, hañs Bond og Fistur, hañs Hwdstroku og Þyrne-Krijningu, og alla hañs Kvol og Krossens-Dauda? Skylldu eg syndugur Ormur tapadur verda, sem i Daudanum ligg vid hañs Myskunar Footskor, og bid uñ Naadena, eñ afbid Rietteñ?

O! HErra JEsu Christe, hvers Sæla ad vard hrygg allt i Daudañ fyrer vorra Synda Skulld, Vier bidium þig i diwpustu Audmykt vors Hiarta, Bid þu þiñ Himneska Fodur fyr-

er oss, ad þegar vorar orpiandar Sauler mæña vt af þessu vesæla Lijkamans Hreise, nær þad tekur ad sundurglidna af Daudañs Ofbode, til þína Blessudu Augna, sem i Daudanum formyrkvudust, þa vilie hañ rietta oss sijna Myskunar Hond og medtaka vorn Anda i eilijsa Dijrd og Fognud, hvar vier mættum med hiñe Hauleitu Guddoomsins Preñingu O-Endañlegt Lof sijngia uñ allar Allder Allda. Pad Bænheyre Gud i JEsu Nafne, AMEN.

Bæn

Bæn fyrer Predikun.

DRotten Riettvijse og Myskunsame Gud, hverium eins skylld er pijn Giærska og pitt Riettlæte, Hver ed hefur giefed piñ Son i Daudañ fyrer oss, Lijflausa Saka-Meñ, og læted hañ giallda pad hañ ecke ræntе. Vier Fœraudar Mañeskiur føllum i Dag til Skarar Foota piña, og medkiennum, ad vier hofum lagt syndugar Hendur a hiñ Saklausa og Riettlæta, og hefur oss pad ecke noog vered, ad Illgiørder vorar hafa hañ a Gœlgañ neglt, helldur jafnvel poott vier vitum, ad petta stied sie af piñe Alvijsu Rœdstofum til Myskunar oss, pa hofum vier ecke heyrt pad Orded af Krossenum, med so blivgum edur Angurfullum Hiørtum, ad Miñing hañs Kvala hafe kvaled i oss Gyrndena til peirra Illgiørdaña, er hañ Saklausañ kvoldu, og vier hofum fœrt med

oss marga Opine Krossens under þína Orda Heyrn, sem eru Obættar Synder vegna Toomlætis vors og Ydrumarleysis, so sem ad ecke kiænnum vier þaungad til ad minnast Dauda DRottens, helldur til ad endurnija hann og spotta med toomre Lijkamans Hegdan, enn ecke til ad Elska hann af Gnægd Hiartans. Og hvort Straff er þa Ofstoort fyrer oss DRottenn, sem þannig hofum troded Guds Son under Footunum, og Sættmælans Blood Almeneelegt hallded? Ei ad sijdur vor Gud, þa er þetta þijns Eingietens Sonar Blood vort einasta Traust. O! laat þad sætta oss vid þig DRottenn minn. Hvar fyrer ivthellte hann þvi? Alleina til ad giora synduga Menn Hoolpna. Ecke kann Fiolde Syndana nie Stærd peirra, ad giora þad Ogyllt, sem þu hefur sialfur ætlad oss til Skulldalukningar, þvi þad er Guds Blood, sem er meire Hiarta voru, er Fordæmer oss. Og i peirre Von, ad þijn Giærska munne uppgiefa oss Selternar: Þa beigium vier Knie vor i Nafne DRottens JESU Christi, og drevum oss nidur a Footskor þijna, HErra,

Laat

Lat ecke þijns Sonar Blood Vannaut ugt verda a oss Syndugum Ormum, og veit oss, ad so sem oss eru margar Synder fyrergiefnar, So meigum vier og elska, ad þvi Leite vier fiũum til þiñar Rede DRotteñ, eñ hylium oss þo i Biarg-Skorunum. J þijns Sonar Blessudum Undum viltum vier hylia oss, a medañ hun fraiñ hia geingur, og nær vier nu so funded hofum Hitañ af heñe, ad hun kiemur wt a oss Taarunum: Þa gief ad vier so meigum þvo Hiarta vort i þeim, ad þad þess hæfelegra sie til ad verda þveiged i JEsu Bloode. Veit oss nu Styrk þijns Anda til þess, ad vier so miñunst Kvala þijns Sonar a þessum Fostu-Tijma, ad þu alldrei framar vilier miñast Illgiorda vorra, Og gief þessu þijnu Eyrende Fraũgæng. Bænheyr þad fyrer JESU Arnan og Medalgaungu.

Fader vor, etc.

Bæn epter Predikun.

VEr þockum þier HErra JEsu Christe, sañur Gud og sañur Madur, ad þu med þiñe Heilogu Þijnu og Dauda, og Blessadre Bloods Uthellingu, hefur Endurleyst oss Aumar, Syndugar og Fordæmdar Mañeskiur, ean allra vorra Verka, Forþienustu og Verdugleika. O! HErra JEsu Christe, Hvorsu stoor hefur þijn Þijna vered, og hvorsu þvng Kvol og Þijsl þad hefur vered, Hvorsu margfallda Neyd þu hefur lided, Hvorsu diwpar eru þijnar Under og Beniar, Hvorsu beiskur og sær þiñ Daude hefur vered, Hvorsu Oselgiañleg er þijn Elska, med hvorre þu hefur sætt oss vid þiñ Elskulegañ Fodur, þar þu sveittest þeim Blooduga Sveita vid Fiallid Oliveti, af þeirre Daudans Angist, So Blood-Droparner hrundu a Jordena, og þar þu varst af ollum þijnum Læresveinum Yfergiefeñ, og gafst þig Viliugañ i Hendur þeirra leidu Gydinga, og þess Ogudlega Skara, hvorier þig þvijng-

udu

udu hardlega, og leiddu þig bundeñ, aan allrar Vægdar, fra Einum Rænglaat-um Doomara til Añars, hvar þu varst Falsklega æklagadur, hræktur og hæd-uglega Svijvirdtur, og med Hnefum sleigeñ i þijna Asiovnu? Vegna vorra Misgiorninga varstu særdur, og fyrer vorra Synda-Saker varstu sleigeñ og Hvdstryktur, med Þyrnum Coronadur og hryggelega vtleiddur, so sem eirn slæm-ur Ormur, sa ecke er neinum Mañe lijk-ur; þvi þu varst hiñ allra Fyrerlitleg-aste og Audvirdelegaste, fullur af Kvsl og Kraunkleika, So Heidens Mañs Hiarta hefur eirneñ aumkad sig þar yfer, og sagt: Siaed hvijlijk Mañeskia þad er. Þu varst fyrer vorra Misgiorninga Saker a medal Tveggia Spillvirkia reiknad-ur, og so sem ein Bølvan uppheingdur, og med Nøglum stvngeñ i giegnum Hen-dur og Fætur. Þar ad auke i þijnum Þorsta, med Galle og Edike dryckiadur, og med stoorre Kvsl hefur þu uppgiefed þiñ Anda, so ad þu betalader vora Skvld, og ad vier yrdum fyrer þijnar Beniar Heilbrygder. Fyrer þessa þijna Þijnu,

og

og alla adra Kvsl og Piaaning, Seigium vier þier Lof og Packer, og bidium þig, ad þu lætter þessa þijna Heilogu og beiſku Pijnu, ecke vera ſkieda oſſ til Onijtis, helldur ad vier huggum oſſ vid hana af ollu Hiarta, og hroosum oſſ af heñe, og Hugleidum hana so, og fyrer oſſ vyrdum, ad allar vondar Gyrnder i oſſ verde Nidurþrycktar og wtſlocktar, Eñ þar a moote meige allar goodar Dygder i oſſ Jñplantaſt og aukaſt. So ad vier deyum fra Syndunum, eñ lifum Riettlætenu, og epterfylgium þier, ſem oſſer ſettur til Fyrermyndunar, og gaumgum i þijn Fotſpor, og umberum hid Vonda med Poleñmæde, og lijdum Oriettendeñ med goodre Samvitſku.

Fader vor, etc.

Psalmur vt af Sio Ordum Christi a Krossenum.

Ton, O JEsu Nafn þitt Ilmsætt er.

1.

JEsus Christur a Krosse var, Kvaldest allur hans Lijkame saar, med hiñe mestu Pijnu, Sio Ord vor DRotteñ sagde þar, haf þau i Hiarta þijnu.

2.

Fyrsta: Sijner hans sæta Naad, Siñ Fodur kroptuglega bad, uñ Heill Ovina siña: Miñ Fader fyrergief þeim þad, Þeir vita ei hvad þeir viña.

3.

Añad: Hans mykla Myskun er, miñast þad jafnañ skylldum vier, Ræningia so ried svara: An Efa skalltu i Dag med mier, I mijnu Rijke vera.

4.

Pridia: Merker hans milldu Trw, Munadarlausre seiger nu: Sia, þar er Son þiñ Kviña, Johañes, Mooder þijn er sw, Heñe skallt Uñsioon iña.

5.

Fioorda Ord hans skallt festa i Hug, Frelsareñ dijrt ad keypte þig, þvi sagde hañ sig þyrsta; Hañ gyrntest Heill Mañkynsens miog, Hollð hans saart Naglar nijsta.

6.

6.

Fiñta. Sijner þier Synda Mætt, Son Guds kallar a Krosse hætt: Gud! þvi villtu mig forlæta? Hardlega kvelst allt Hollded mitt, Yfred miog wr Mæta.

7.

Siotta. Ord Christs er einka sætt, alla synduga fær þad kiætt, Hvorium i Hug þad kiæme: Uppfyllt er allt og oll Synd bætt, med miñe Kvol i Heime.

8.

Seinasta. Þier Fader fel eg i Hönd, Framfijgande nu mijna Önd. Eg bid þig miñ Lausnara, Heilags Anda mier Huggun send, þa hlijt eg af Heime ad fara.

9.

Hvar sem Christs Pijnu heidrar a Jord, og hugsar opt þau Sis JEsu Ord, Honum vill DRotteñ hlijfa, hier med Frid, Eñi Himna Dijrd, an Enda lætur lifa.